**JÓHANNES ÞORLEIKSSON**

*Æfingadansskórnir fundust á netinu*

• tíska • heilsa • heimili • bílar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS






**Í SUMARSKAPI**

*Rómantísk afdrep*

Sérblaðið Í sumarskapi

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júlí 2008 — 179. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



**Syngur á Landsmóti**

Hinn þrettán ára Árni Beinteinn Árnason tekst á við enn eitt stórverkefnið.

FÓLK 58

**Álver á Bakka**

Álver leysir ekki allan vanda en starfræksla þess getur hins vegar orðið sú kjölfesta, sem þarf að vera fyrir hendi til að íbúarnir geti snúið vörn í sókn, skrifar Friðrik Sophusson.

UMRÆÐAN 28

**Fagnar 15 ára rekstrarafmæli**



Fjölskyldugarðurinn var opnaður árið 1993.

TÍMAMÓT 34

**HK slegið út af Haukum**



1. deildarlið Hauka sló HK út úr bikarkeppninni í gær á meðan Fjölnismenn tryggðu sig áfram með 2-1 sigri á ÍBV í framlengingu.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NYRÐRA** Í dag verða austan eða suðaustan 5-10 m/s. Bjartviðri á Norðurlandi en skúrir sunnan til og vestan. Hiti 12-20 stig, hlýjast á Norðurlandi.

VEÐUR 4

# Lykilstarfsmenn REI segja upp störfum

**Fjórir starfsmenn REI sögðu upp störfum fyrir mánaðamót, en fjórir standa eftir. Þeir sem sögðu upp munu hafa verið þreyttir á meintu stefnuleysi fyrirtækisins og sagðir hafa atvinnutilboð. Stjórn REI grætur þurrum tárum.**

**ORKUMÁL** Fjórir starfsmenn REI hafa sagt upp störfum frá og með mánaðamótum.

Af þeim tilheyrðu þrír stjórnendahópi fyrirtækisins.

Mennirnir eru Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur, Gunnar Örn Gunnarsson, sem var í Djíbútí-verkefninu, Vilhjálmur Skúlason viðskiptalögfræðingur, sem var í samningagerð, og Þorleifur Finnsson, í Djíbútí-verkefninu.

Guðmundur F. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri hjá REI, segir að meðal eftirstandandi fjögurra starfsmanna ríki stuðningur við þá stefnumótunarvinnu sem fari fram hjá stjórn REI. Þeir bíði spenntir eftir að henni ljúki.

Heimildir herma að mönnunum hafi borist atvinnutilboð og hafi haft sínar hugmyndir um framtíð REI. Þeim hafi ekki hugnast stefna stjórnarinnar og kalli hana stefnuleysi. Þeir hafi meðal annars viljað taka yfir verkefni REI og setja inn í sitt eigið fyrirtæki.

Þeir hafi síðan sett stjórninni stólinn fyrir dyrnar fyrir mánuði, þegar Guðmundur Þóroddsson var rekinn, og beðið að helstu stefnumál fyrirtækisins yrðu skýrð innan mánaðar. Það hafi ekki gengið eftir.

Ásta Þorleifsdóttir, stjórnarmaður í REI, segir hins vegar að uppsagnir hafi lengi legið í loftinu.

„Og fjórir úr 600 manna fyrirtæki [Orkuveitunni] eru kannski ekki fréttir til næsta bæjar. Það er enginn hörgull á mönnum og fjárfestum sem vilja starfa með okkur," segir hún.

Ákvörðunin muni því grátin þurrum tárum innan stjórnar REI. Fyrirtækið hafi verið á góðri ferð síðasta mánuðinn og tveir mannanna hafi nýlega klárað sín verkefni í Djíbútí.

Financial Times greindi frá því í gær að Djíbútí-verkefnið yrði fyrsta verkefni Fjárfestingarsjóðs Alþjóðabankans, í samstarfi við REI.

Mennirnir vilja ekki tjá sig opinberlega og ekki náðist í Kjartan Magnússon, stjórnarformann REI. **- kóþ**



**KVÖLDIN ERU KALDLYND ÚTI Á NESI** Logi Bergmann Eiðsson og félagar voru meira en tilbúnir í þriðju golfholu kvöldsins þegar þeir stigu á land á Seltjarnarnesi í gærkvöldi. Aron Karlsson bar Loga í land. Ætlun þeirra var að leika eina holu á átján golfvöllum umhverfis landið á sólarhring, til styrktar MND-félaginu. Á hverju ári greinast um fimm Íslendingar með MND, sem er banvænn sjúkdómur sem herjar á hreyfitaugar líkamans. Þjónustuver Vodafone veitir allar upplýsingar um söfnunina í síma 1414. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögreglan telur nauðsyn að rannsóknarheimildir verði rýmkaðar:

# Stjórnarflokkarnir ósammála

**LÖGREGLUMÁL** Dómsmálaráðherra og lögregluyfirvöld vilja að íslensk lögregla fái heimild til forvirkra rannsóknaraðgerða, það er að hægt verði að hefja rannsókn á mönnum og hópum án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um tiltekið brot. Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingar, kallar slíkt leyniþjónustu og segir hugmyndina fráleita.

Fram kemur í nýrri hættumatsskýrslu Ríkislögreglustjóra að lögreglu skorti forvirkar rannsóknarheimildir til að takast betur á við og fyrirbyggja skipulagða glæpastarfsemi. „Það er í mörgum tilfellum nauðsynlegt fyrir lögreglu að hafa þessar heimildir," segir Ásgeir Karlsson, stjórnandi greiningardeildar Ríkislögreglustjóra. Hann leggur þó áherslu á að í öðrum ríkjum séu þær háðar ströngu eftirliti.

„Ég hef oftar en einu sinni lýst þeirri skoðun minni, að tryggja þurfi lögreglu þessar heimildir hér á landi," segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Lúðvík Bergvinsson er á allt öðru máli. „Á mannamáli heitir þetta öryggislögregla eða leyniþjónusta," segir hann og telur ekki þörf á slíkri stofnun. Nær væri að eyða fé í að byggja upp almenna löggæslu. „Við þessar aðstæður þurfum við ekki að byggja upp enn eina deildina eða stofnunina. Það er fráleitt."

Í fyrra var unnið frumvarp í dómsmálaráðuneytinu um íslenska öryggisþjónustu, sem væri aðskilin frá lögreglu og hefði umræddar heimildir. Það er enn hjá ráðherra til frekari útfærslna og hefur fáum verið kynnt.

„Ég held að ég geti sagt það fyrir Samfylkinguna að öryggislögregla eða leyniþjónusta er ekki á forgangslista hennar," segir Lúðvík, spurður um það hvort slíkt frumvarp myndi njóta stuðnings hans og samflokksmanna hans í Samfylkingunni. **- sh /** **sjá síðu 18**

Garðar Cortes nýtur athygli:

# Hógvær í viðtali við Hello

**FÓLK** Mikla og ríkulega myndskreytta umfjöllun er að finna um Garðar Thor Cortes í nýjasta tölublaði Hello. Blaðamaður tímaritsins heimsækir Garðar og Tinnu Lind Gunnarsdóttur á fallegt heimili þeirra í Surrey og það kemur honum á óvart hversu hógvær tenórinn íslenski er þó kallaður sé James Bond óperunnar og að rödd hans hafi verið líkt við sjálfan Pavarotti.



**GARÐAR THOR CORTES**

Nokkur heiður er fyrir Garðar að vera tekinn til umfjöllunar í Hello Magazine sem er eitt vinsælasta tímarit sinnar tegundar á heimsvísu. Þar er sjónum beint að þeim ríku og frægu og er til dæmis fjallað um Madonnu, Elton John, Cristiano Ronaldo, Rod Stewart, ungfrú England 2008 og prinsinn og prinsessuna af Kent auk Garðars, svo aðeins fáeinir séu nefndir, í þessu tölublaði. **- jbg /** **sjá síðu 46**

Íbúðabréf Landsbankans:

# Málið til Fjármálaeftirlitsins

**VIÐSKIPTI „Við höfum ákveðið að vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.**

**Kauphöllin hefur undanfarna daga rannsakað viðskipti Landsbankans með íbúðabréf, 19. júní, sama dag og ríkisstjórnin tilkynnti um breytingar á veðhlutfalli og hámarkslánum Íbúðalánasjóðs. Þá seldi Landsbankinn íbúðabréf fyrir fjóra milljarða króna, miklu meira en aðrir.**

**Þórður segir að ekkert verði fullyrt um að Landsbankinn hafi brotið lög.** **- ikh /** **sjá síðu 24**







**SPURNING DAGSINS**



*Garðar, ertu sáttur við að vera kominn á spjöld sögunnar?*

„Ég væri frekar til í kók og Prins.“

Garðar Örn Hinriksson knattspyrnudómari setti nýtt Íslandsmet í fjölda gefinna rauðra spjalda á mánudag. Þá gaf hann sitt níunda rauða spjald í sumar, en áður hafði dómari mest gefið sjö rauð spjöld á einu sumri.

Yearsley og Stobart kaupa frysti- og geymsluhluta Innovate:

# Eimskip selur hluta Innovate

**VIÐSKIPTI** Búið er að selja tvær einingar til að tryggja sem mest upp í kröfur lánardrottna, segir Stefán Magnússon aðstoðarforstjóri Eimskips.

Stefán segir að hægt hafi verið að skipta Innovate niður í þrjár einingar; kælidreifingu, frystigeymslur og Innovate rail. Tilkynnt var í gær að búið væri að selja frystihlutann til Yearsley Group, sem er fyrirtæki í frystigeymslu og dreifingu.

Auk þess hefur Stobart Group fest kaup á kæligeymsluhlutanum. Stobart Group hefur um 4.000 starfsmenn og er stór aðili í flutningsstarfsemi í Bretlandi og Evrópu.

Stefán segir að ekki sé búið að selja þriðja hluta Innovate, Innovate Rail, en gerir ráð fyrir því að gengið verði frá sölu á honum á næstu dögum.

Stefán segir jafnframt að salan hafi engin áhrif á rekstur Eimskips og allir fjármunir fari í að greiða kröfur lánadrottna. Stefán segir óljóst hve mikið tapist af kröfum lánardrottna en segir ljóst að ekki verði hægt að greiða allar kröfur að fullu. - bþa



**EIMSKIP SELUR INNOVATE** Stefán Magnússon, aðstoðarforstjóri Eimskips, segir að eitthvað muni tapast af kröfum lánardrottna á Innovate Holding.

Vinnuslys í Hafnarfjarðarhöfn:

# Maður á fimmtugsaldri lést

**SLYS Karlmaður á fimmtugsaldri klemmdist til bana í vinnuslysi um borð í Selfossi í Hafnarfjarðarhöfn laust fyrir klukkan átta í gærmorgun. Verið var að hífa tóma gáma um borð í skipið þegar slysið varð. Gámafleti er talið hafa sveiflast til í vindhviðu þannig að maðurinn klemmdist við lunningu skipsins að sögn Heiðrúnar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Eimskips sem á skipið.**

**Maðurinn er talinn hafa látist samstundis en rannsókn málsins er í höndum lögreglu.**

**Maðurinn var pólskur en búsettur hér á landi. - ht**

Húsleit í Grafarvogi:

# Um 200 grömm af fíkniefnum

**LÖGREGLUMÁL Um 200 grömm af fíkniefnum, aðallega amfetamín, fundust við húsleit í Grafarvogi í fyrrakvöld. Karlmaður um fimmtugt var handtekinn vegna rannsóknar málsins. Hann hefur áður komið við sögu hjá lögreglu. Honum var sleppt að loknum yfirheyrslum.**

**Húsleitin var gerð að undangengnum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Við aðgerðina í gær, sem er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna, naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra og fíkniefnaleitarhunds frá tollgæslunni. - jss**

Stjórnmálakreppan í Simbabve:

# Annar en Mbeki miðli málum

**SIMBABVE, AP** Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Simbabve, fordæmir þá ákvörðun Afríkusambandsins að forseti Suður-Afríku skuli áfram einn hafa forystu um umleitanir til að leysa stjórnmálakreppuna í Simbabve.



**MORGAN TSVANGIRAI**

Í samtali við fréttamenn á heimili sínu í Harare sagði Tsvangirai að flokkur hans, Lýðræðishreyfingin MDC, myndi ekki taka þátt í viðræðum um myndun þjóðstjórnar nema annar utanaðkomandi sáttasemjari kæmi að málum en Thabo Mbeki Suður-Afríkuforseti. „Fyrirvarar okkar gagnvart sáttaumleitunum undir stjórn Mbekis eru vel þekktar,“ sagði Tsvangirai. - aa

# Hefur veitt eitt og hálft tonn án kvóta

**Sjómaður frá Sandgerði hefur farið nokkra róðra á kvótalausum þorskveiðibáti. Hann segir Fiskistofu hafa hótað sér veiðileyfissviptingu. Forstöðumaður veiðieftirlits Fiskistofu segir hann enn hafa gott tækifæri til þess að leiðrétta þetta.**

**FISKVEIÐI** „Það er ekkert leyndarmál að ég hef farið að veiða án kvóta og ég ætla að halda því áfram,“ segir Ásmundur Jóhannesson sjómaður, sem gerir út frá Sandgerði. Hann hefur nú þegar veitt um eitt og hálft tonn án aflaheimildar.

Ásmundur tilkynnti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu fyrir skömmu að hann ætlaði að fara til veiða án aflaheimilda. Bannað er samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 að veiða án aflaheimilda en skip Ásmundar hefur enn ekki verið tekið úr umferð.

„Fiskistofa hótaði mér samt að ef ég mundi ekki hætta veiðinni þá mundu þeir svipta mig fiskveiðileyfinu. Ef þeir taka mig þá fer ég með þetta fyrir dómstóla,“ segir Ásmundur.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sendi Ásmundi bréf stuttu eftir að hann tilkynnti ráðuneytinu um aflaheimildarlausar veiðar sínar. Í bréfinu var að sögn Ásmundar vísað til ýmissa lagagreina sem bönnuðu honum veiðarnar en þá hafi hann sent svarbréf til baka þar sem hann rakti reynslu sína af kvótakerfinu.

„Ég sagði þeim frá því að kvótinn hefði verið hirtur af skipinu sem ég átti áður,“ segir Ásmundur.

Hann segir hvatninguna til veiða án aflaheimildar vera nýlega ályktun mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem kvótakerfið var fordæmt. „Kvótakerfið er stærsta glæpamál Íslandssögunnar,“ segir Ásmundur.



**FISKAFLI** Bannað er samkvæmt lögum að veiða á miðum Íslands án aflaheimildar.



**ÁSMUNDUR JÓHANNSSON** Hann hefur veitt eitt og hálft tonn án þess að hafa til þess aflaheimildir. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Eyþór Björnsson, forstöðumaður veiðieftirlits Fiskistofu, segir málið litið alvarlegum augum.

Hann segir hefðbundið að menn eigi yfir höfði sér veiðileyfissviptingu ef þeir veiði án heimildar. Í kjölfarið þarf viðkomandi síðan að greiða fyrir þann afla sem hann hefur veitt án heimildar.

„Ef viðkomandi heldur síðan áfram að veiða án veiðileyfis þá getur þetta orðið töluvert alvarlegra mál,“ segir Eyþór.

Hann segir Ásmund ekki hafa verið á rauðu ljósi hjá Fiskistofu þar sem hann sé einungis í nokkur hundruð kílóum í umframveiði. „Hann hefur enn gott tækifæri til þess að leiðrétta þetta,“ segir Eyþór.

Viðurlög við brotum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 geta varðað háum sektum eða fangelsi allt að sex árum ef um stórfelld brot á lögunum er að ræða.

vidirp@frettabladid.is



**LUNDI** Sumir telja hlýnandi hafstrauma vera ástæðu þess að skortur er á síli við Vestmannaeyjar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bæjarstjórn Vestmannaeyja:

# Dregið verður úr lundaveiði

**VESTMANNAEYJAR** Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt að stytta lundaveiðitímabilið í Vestmannaeyjum til að bregðast við litlu varpi lundastofnsins á undanförnum árum.

Lundaveiðar verða heimilar frá 10. júlí til og með 31. júlí. Hugsanlegt er þó að tímabilið verði framlengt.

Lundavarp hefur gengið illa í Vestmannaeyjum síðustu árin. Vöntun hefur verið á síli, sem er uppistaðan í fæðu pysjunnar fyrstu vikurnar eftir klak. - gh

Eitthvað rotið í Danaveldi:

# Þúsundir sýkst af salmonellu

**DANMÖRK Versti salmonellufaraldur í fimmtán ár gengur nú yfir Danmörku. Talið er að milli 3.000 og 4.000 manns hafi sýkst síðustu vikur, samkvæmt Politiken.**

**Sérfræðingar í Danmörku vinna nú hörðum höndum að því að komast að rótum vandans. Ekki hefur tekist að rekja faraldurinn til ákveðinnar vörutegundar, en grunur leikur á að kjötvörur séu sökudólgurinn. Byggir sá grunur meðal annars á því að engin grænmetisæta hefur leitað sér lækninga.**

**Hinir sýktu eru á öllum aldri og búa víðs vegar um Danmörku. - kg**






Tvítugur maður tekinn í Leifsstöð og úrskurðaður í gæsluvarðhald:

# Með 200 grömm af kókaíni innvortis og innan klæða

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður um tvítugt situr nú í gæsluvarðhaldi eftir að hann var gripinn með kókaín í Leifsstöð.

Maðurinn var að koma með flugi frá Kaupmannahöfn síðastliðið sunnudagskvöld þegar Tollgæslan á Suðurnesjum gómaði hann við hefðbundið eftirlit. Við nánari athugun reyndist hann vera með kókaín falið bæði innvortis og innan klæða, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Daginn eftir var maðurinn úrskurðaður í gæsluvarðhald til 9. júlí. Hann hefur nú skilað efnunum niður. Þegar öll kurl voru komin til grafar reyndist hann hafa verið með 200 grömm af kókaíni í sér og á, í það heila.

Rannsóknardeild lögreglunnar á Suðurnesjum fer með rannsókn málsins. Hún staðfesti að karlmaður sæti nú í gæsluvarðhaldi og kvað rannsókn máls viðkomandi honum ganga vel. Að öðru leyti var engar upplýsingar að fá um málið hjá henni.

Þetta er í annað skipti á skömmum tíma sem tollgæslan tekur einstakling með kókaín innvortis. Hollendingur kom hingað til lands með kókaín innvortis fyrir skemmstu. Það tók hann rúmlega hálfan mánuð að losa sig við þær um það bil áttatíu pakkningar sem hann hafði gleypt. - jss



**KÓKAÍN** Maðurinn reyndist vera með 200 grömm af kókaíni í það heila.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0942

## ÞÚ FÆRÐ 15% VEXTI OG LEGGUR NÁTTÚRUNNI LIÐ

**HAGUR FYRIR ÞIG**

Þú leggur inn á **Save&Save** reikning og færð **15% ársvexti***

&

**HAGUR FYRIR HEIMINN**

Glitnir leggur mótframlag í **Glitnir Globe – Sustainable Future Fund**, sjóð sem styrkir sjálfbæra þróun.

GLITNIR GLOBE SUSTAINABLE FUTURE FUND

**Save&Save** er reikningur sem Glitnir mun bjóða á helstu markaðssvæðum sínum.
Farðu inn á **saveandsave.is** eða talaðu við ráðgjafa Glitnis og kynntu þér málið.

Glitnir er leiðandi í fjármögnun verkefna á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda.

GLITNIR

*Save&Save opinn skv. vaxtatöflu Glitnis 1.7. 2008

## GENGIÐ 02.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,41 | 78,79 |
| Sterlingspund | 155,72 | 156,48 |
| Evra | 123,76 | 124,46 |
| Dönsk króna | 16,592 | 16,69 |
| Norsk króna | 15,384 | 15,474 |
| Sænsk króna | 13,083 | 13,159 |
| Japanskt jen | 0,7346 | 0,7388 |
| SDR | 127,83 | 128,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

158,7194

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hægt er að veiða 150.000 tonn af þorski segir forstjóri Hafrannsóknastofnunar:

# Aðgerðirnar eru til langs tíma

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er ábyrgt og mikilvægt að fara í þessar langtímaaðgerðir og við getum ekki verið annað en mjög sáttir við það,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, um ákvörðun um heildaraflamark næsta fiskveiðiárs.

Sjávarútvegsráðherra tilkynnti heildaraflamark næsta fiskveiðiárs í fyrradag. Heildaraflamark ýsu var ákveðið 93.000 tonn en tillögur Hafrannsóknastofnunar voru 83.000 tonn.

Eins og árið á undan verður heildaraflamark þorsksins 130.000 tonn en tillaga Hafrannsóknastofnunar hljóðaði upp á 124.000 tonn. Í gegnum tíðina hefur verið veiddur töluvert meiri þorskur en Hafrannsóknastofnun gerir ráð fyrir.



**FISKAFLI** Forstjóri Hafró segir markmið skerðingar að auka nýliðun í þorskstofninum.

„Það stafar ekki veruleg hætta af því að hafa heildaraflamark þorskins 150.000 tonn en við værum með því ekki að fara í þær langtímaaðgerðir sem við teljum nauðsynlegar,“ segir Jóhann.

Markmiðið með skerðingartillögum Hafrannsóknastofnunar að sögn Jóhanns er að auka nýliðun í stofninum á komandi árum.

„Mjög mikilvægt er að taka á málunum af festu en fresta ekki erfiðum aðgerðum lengur. Ráðherra hefur tekið þessar ákvarðanir og ekki frestað þeim,“ segir Jóhann. **- vsp**

Viðbrögð vegna hvítabjarna:

# Vilja viðbragðshóp í sveitina

**SKAGAFJÖRÐUR Sveitarstjórinn í Skagafirði mun fara þess á leit við umhverfisráðherra að viðbragðshópur vegna bjarndýra verði stofnaður og hafi aðstöðu á Sauðárkróki. Byggðaráð sveitarfélagsins samþykkti þetta á fundi sínum á þriðjudag.**

**Tveir hvítabirnir gengu á land á Skaga í júní. Í samþykkt ráðsins kemur fram að þá hafi orðið til þekking og reynsla sem mikilvægt sé að nýta. Byggðaráðið vill byggja störf viðbragðshópsins á reynslu þeirra aðila sem að málunum komu, vinna áætlun um viðbrögð og koma upp nauðsynlegum búnaði á Sauðárkróki. - þeb**

Fyrirhuguð lántaka ríkisins:

# Fordæmi gefið með kjörunum

**RÍKISFJÁRMÁL** „Það verður að hafa í huga að þau kjör sem ríkið tekur í dag munu hafa áhrif á þau kjör sem það fær síðarmeir og jafnvel næstu árin,“ segir Geir Haarde forsætisráðherra.

Hann var spurður hvað liði boðaðri erlendri lántöku, að loknum ríkisstjórnarfundi á þriðjudag.

Geir sagði kjörin einnig hafa áhrif á kjör íslenskra fyrirtækja, svo sem Landsvirkjunar og banka. Því þurfi að fara með gát.

„Seðlabankinn er að vinna í þessu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og svo verðum við að sjá til hvenær rétti tíminn kemur,“ segir hann. **- kóþ**

# Manntjón og eyðilegging í Jerúsalem

**Palestínskur ýtustjóri gekk berserksgang undir stýri á stórri vinnuvél í miðborg Jerúsalem í gær. Þrír vegfarendur dóu og minnst 45 slösuðust. Þetta er fyrsta hryðjuverkaárásin í borginni frá því í mars að sögn ísraelsku lögreglunnar.**

**ÍSRAEL, AP** Palestínumaður gekk í gær berserksgang með stóra ýtu að vopni á götum Jerúsalemborgar. Áður en hermenn skutu hann til bana hafði hann drepið þrjá vegfarendur og slasað 45, misalvarlega. Mikið tjón varð einnig á bílum og mannvirkjum, einkum og sér í lagi á Jaffa-breiðgötunni.

Þrenn samtök herskárra Palestínumanna lýstu þegar í stað ábyrgð á uppákomunni, en hún var fyrsta eftirtektarverða tilraunin til hryðjuverkaárásar í borginni frá því í mars. Ísraelska lögreglan sagðist telja að maðurinn hefði verið að verki upp á eigin spýtur. Hann hefði verið ýtustjóri sem vann fyrir verktaka á byggingarsvæði í grenndinni.

Skömmu eftir að æðið rann á ýtustjórann og hann hafði kramið nokkra bíla og velt um strætisvögnum skaut ísraelskur hermaður sem ekki var á vakt manninn með skammbyssu, að æpandi vegfarendumásjáandi.Sérsveitarmenn komu þá á vettvang, stukku upp á ýtuna er hún var enn á fleygiferð og skutu manninn nokkrum sinnum í viðbót.

Talsmenn Hamas-samtakanna, sem fara með völd á Gazasvæðinu, sögðu samtökin ekki hafa staðið á bak við árás ýtustjórans en fögnuðu henni engu að síður.

Talsmaður Ísraelsstjórnar, Mark Regev, sagði árásina „glórulaust ofbeldisverk“.

Saeb Erekat, ráðgjafi Mahmouds Abbas forseta Palestínumanna, fordæmdi árásina. „Við fordæmum allar árásir sem beint er gegn óbreyttum borgurum, hvort sem það eru Ísraelar eða Palestínumenn,“ sagði hann.



**FRÁ VETTVANGI** Yfirvöld hófust þegar handa við að ryðja bílflökum og vinnuvél árásarmannsins af Jaffa-breiðgötunni, sem er mikilvæg samgönguæð í miðborg Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, varaði herskáa Palestínumenn við því á þriðjudag að Ísraelar myndu bregðast við af hörku ef sprengiflaugaárásir héldu áfram frá Gaza-svæðinu í trássi við vopnahlé sem samið var um nýlega milli Ísraels og Hamas-samtakanna á Gaza.

Ísraelar lokuðu einu sinni enn fyrir alla umferð um landamærastöðina sem mestir vöruflutningar fara um til Gaza.

Þeir sökuðu herskáa Gazabúa um að hafa skotið sprengiflaug á Ísrael á mánudag. Hamas-stjórnin vísaði þessu á bug og sakaði á móti Ísraela um að reyna að svíkjast um að standa við skilmála vopnahléssamkomulagsins. **- aa**



**BÁTURINN HENRY P. LADING** Lagðist að bryggju í gær með leiðsluna innanborðs.

Vatnsleiðslan kemur með báti:

# Þriðja leiðslan lögð til Eyja

**VESTMANNAEYJAR** Þriðja vatnsleiðslan verður lögð til Vestmannaeyja á næstu dögum. Skipið Henry P. Lading lagðist að bryggju í gær með leiðsluna innanborðs.

Danska fyrirtækið NKT framleiðir leiðsluna nú eins og fyrir fjörutíu árum þegar fyrsta leiðslan var lögð. Er sú enn í góðu ástandi.

Önnur leiðslan var lögð árið 1971 og en hún er ónýt og er því nauðsynlegt að leggja þá þriðju.

Leiðslan verður lögð á næstu dögum, eða um leið og veður leyfir. Kostnaðurinn, um einn milljarður króna, verður greiddur af Hitaveitu Suðurnesja. **- hþj**

N1-mótið hafið á Akureyri:

# Hundruð stráka etja kappi

**AKUREYRI N1-mótið í knattspyrnu hófst á Akureyri í gær. Íþróttafélagið KA stendur fyrir mótinu en það er ætlað fimmta flokki drengja.**

**Mótið er eitt af fjölmennustu knattspyrnumótum á landinu. Því streymdu hundruð drengja hvaðanæva af landinu til Akureyrar í gær. Keppt er á tíu völlum frá morgni til kvölds. Leikið verður fram á laugardag.**

**Gestgjöfunum hefur gengið ákaflega vel en KA-drengir unnu flesta af sínum leikjum í gær. - hþj**

Reiður ökumaður á Akureyri:

# Otaði hnífi að bílstjóranum

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður ógnaði fólki með hnífi eftir árekstur á Drottningarbraut við Suðurbrú á Akureyri seint í fyrrakvöld.**

**Ökumaðurinn brást reiður við árekstrinum og dró fram veiðihníf sem hann otaði að bílstjóra hinnar bifreiðarinnar, sem brá talsvert við. Maðurinn róaðist fljótt og hafði lagt hnífinn frá sér þegar lögregla kom á staðinn.**

**Tveir voru fluttir á slysadeild eftir áreksturinn en meiðsli þeirra voru ekki talin alvarleg. - ht**

## STJÓRNMÁL

### Ekki verið rætt í sumar

Formenn stjórnmálaflokkanna hafa ekki rætt um eftirlaunafrumvarpið ennþá, segir Geir Haarde forsætisráðherra. „Við þurfum að finna okkur tíma þar sem allir geta mætt,“ segir hann. Erfiðara sé um vik þegar þingið sé í sumarfríi.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**MIKIL HLÝINDI**
Þar kom að því. Mikil og eindregin hlýindi eru nú komin í kortin. Í dag og á morgun á bilinu 12-20 stig, hlýjast á Norðurlandi, en á laugardag og sunnudag má reikna með allt að 25 stiga hita, hlýjast til landsins norðan til og/eða vestan. Þessu fylgir almennt hægur vindur.



**FIMMTUDAGUR**
5-13 m/s, stífastur SA-til.

**Á MORGUN**
Hæg austlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Billund | 24° |
| Ósló | 26° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 22° |
| Helsinki | 21° |
| Eindhofen | 21° |
| Amsterdam | 19° |
| London | 20° |
| Berlín | 31° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 25° |
| París | 20° |
| Basel | 25° |
| Barcelona | 26° |
| Alicante | 31° |
| Algarve | 26° |
| Tenerife | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42676 06/08

Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið í útilegu í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 28,7% |
| Nei | 71,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að skipulögð og harðsvíruð glæpagengi séu að ná styrkri fótfestu hér á landi?*

segðu skoðun þína á vísir.is

Landsmót hestamanna 2008 sett með viðhöfn annað kvöld:

# Hálf ríkisstjórnin í hópreið

**HESTAR** Landsmót hestamanna verður sett með viðhöfn klukkan átta í kvöld. Í hópreiðinni verða fimm ráðherrar, forseti Alþingis og fleiri góðir gestir, að ógleymdum fulltrúum allra hestamannafélaga á landinu. Alls verða á vellinum rétt 500 hross og knapar þeirra, sem ríða við blaktandi fána svo sem venja er.

Þeir ráðherrar sem prýða hópreiðina annað kvöld eru Geir H. Haarde forsætisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson iðnaðarráðherra, Einar Guðfinnsson landbúnaðarráðherra og Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Sturla Böðvarsson forseti Alþingis verður einnig í reiðinni. Að sögn Telmu Tómasson, upplýsingafulltrúa LM 2008, streymdu gestir að í gær. Slegið var á að þeir væru orðnir um eða yfir fjögur þúsund talsins síðdegis. Veður var þá orðið með eindæmum gott, stilla og hiti.

Ýmislegt bar til tíðinda á LM í gær. Ekki síst þó það að Sigurbjörn Bárðarson endaði með tvo efstu hestana í A-flokki gæðinga eftir forkeppni, þá Kolskegg frá Oddhóli í 1. sæti og og Stakk frá Halldórsstöðum í 2. sæti. **- jss**



**Í BREKKUNNI** Margt áhugafólk um hestamennsku var samankomið í áhorfendabrekkum á LM 2008.

Ölvaður og ók of hratt:

## Undrandi yfir handtökunni

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður um þrítugt var mjög undrandi vegna afskipta lögreglu þegar hann var handtekinn á þriðjudag. Þá hafði bifreið mannsins mælst á 156 kílómetra hraða á Hafnarfjarðarvegi og reyndist hann jafnframt undir áhrifum áfengis.**

**Lögreglumenn við eftirlitsstörf í Kópavogi urðu mannsins varir og veittu eftirför í Hafnarfjörð. Þar var hann handtekinn og færður á lögreglustöð. Maðurinn var sviptur ökuréttindum á staðnum en hann taldi sig hafa ekið á eðlilegum umferðarhraða. - ht**

Fjármálaráðherra um álit ESA:

## Íbúðalánasjóður láni sem fyrr

**HÚSNÆÐI** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra „sér það ekki gerast“ að Íbúðalánasjóður hverfi af almennum markaði, spurður um bráðabirgðaálit ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, um Íbúðalánasjóð.



**ÁRNI M. MATHIESEN**

Þar sagði að starfsemi sjóðsins bryti ef til vill í bága við EES-samninginn.

„Það voru engar stórar fréttir í þessu áliti,“ segir Árni. „Og þetta ætti ekki að hafa veruleg áhrif á stöðuna á íbúðamarkaði.“

Aðgreina þyrfti félagslegan þátt sjóðsins frá hinum almenna og fyrirkomulagi almennra lána þyrfti ef til vill að breyta, sem og að bæta ríkisábyrgðargjaldi á lánin. Þó mætti gefa út sérstök bréf með lægra álagi en svo. **- kóþ**

**VINNUMARKAÐUR**

### Sjúkraliðar ljúka samningum

Engir samningar Sjúkraliðafélags Íslands eru nú lausir. Sjúkraliðafélagið samdi með BSRB við ríkið í vor um 20.300 króna hækkun. Í framhaldi af því sömdu sjúkraliðar við sjálfseignarstofnanir og við Reykjavíkurborg um sömu krónutöluhækkun. Í haust verða samningar við launanefnd sveitarfélaga lausir.

**ALMANNAVARNIR**

### Samstarfshópur skipaður

Skipaður hefur verið samstarfshópur ýmissa ráðuneytisstjóra og fulltrúa þeirra sveitarfélaga á Suðurlandi sem urðu fyrir jarðskjálftanum á dögunum. „Þetta er gert til að halda áfram endurreisnarstarfinu og koma því í fastan og góðan farveg,“ segir Geir Haarde forsætisráðherra.

# Samningurinn var skásti kosturinn

**Forystumenn félaga í BHM-samstarfinu segja að nýi kjarasamningurinn sé „enginn gleðisamningur“ heldur „skásti kosturinn“ í stöðunni. Þeir reyna að halda hlutleysi í kynningunni til að leyfa félagsmönnum að taka afstöðu.**

**KJARAMÁL** Óánægja er innan Bandalags háskólamanna, BHM, með kjarasamninginn sem formenn stéttarfélaga innan bandalagsins og félaga í samstarfi við það undirrituðu nýlega. Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir að enginn sé sáttur við samninginn en forystumenn félaganna hafi metið stöðuna þannig að rétt væri að gera þennan samning.

„Það eitt að maður sé búinn að skrifa undir kjarasamning hlýtur að þýða að maður sé búinn að fara yfir stöðuna og meta hana. Við teljum að þetta sé skásti kosturinn,“ segir hún.

Vilborg Oddsdóttir, formaður kjaranefndar Félagsráðgjafafélags Íslands, er á svipuðu máli. „Þessi samningur er enginn gleðisamningur. Við mátum það svo að það yrði ekki lengra komist. Nú bíðum við eftir útspili frá ríkisstjórninni um hvernig eigi að leiðrétta kjör kvennastétta,“ segir hún.

Í viðræðum Fréttablaðsins við aðra forystumenn innan BHM og samstarfsfélaga kemur fram að flestallir formennirnir hyggjast kynna samninginn með sem hlutlausustum hætti og leyfa félagsmönnum að taka afstöðu til hans á eigin forsendum.

Hvert og eitt stéttarfélag innan BHM er sjálfstæður samningsaðili og því kemur formaður BHM ekki að kynningunni nema hún sé sérstaklega beðin um það. Hún kveðst munu kynna samninginn og lýsa aðstæðum en ekki gefa upp afstöðu sína.



**EKKI VERÐUR LENGRA KOMIST** Forystumenn félaga innan BHM og samstarfsfélaga telja að nýi kjarasamningurinn sé „enginn gleðisamningur“ en meta stöðuna þannig að ekki hafi verið lengra komist að sinni. Hér sést Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari með samningamönnum BHM og samstarfsfélaga í Karphúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýgerður kjarasamningur jafngildir rúmlega fimm prósenta kauphækkun hjá verkfræðingum í starfi hjá ríkinu. Sveinn V. Árnason, formaður Stéttarfélags verkfræðinga, segir ljóst að verkfræðingar séu að taka á sig talsverða kjaraskerðingu. „Við höfum kosið að innihald samningsins væri annað en þetta var niðurstaðan,“ segir hann.

Kynning á kjarasamningum háskólamanna hefst í þessari viku og næstu og er stefnt að því að atkvæðagreiðsla hefjist strax í næstu viku. Inga Rún Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Huggarðs, segir að kynningarfundur verði í dag og svo hefjist netkosning. Andrúmsloftið sé misjafnt eftir félögum. Búast megi við að mesta ánægjan sé innan félaga sem hafi fengið mest út úr samningnum en minni gleði hjá þeim sem fengu minna.

**ghs@frettabladid.is**

Hvassviðri á landsmóti:

## Tugir gistu í íþróttahúsinu

**LÖGREGLUMÁL** Þrjátíu til fjörutíu tjaldgestir leituðu ásjár vegna hvassviðris og fengu að gista í Íþróttahúsinu á Hellu í fyrrinótt. Tjöld fuku og hjólhýsi færðust úr stað en engum varð meint af óveðrinu að sögn lögreglu.

Landsmót hestamanna stendur nú yfir á Hellu og því mikill fjöldi fólks þar saman kominn.

Veðrið gekk að mestu niður seint í gærkvöldi. Þó var tilkynnt um hjólhýsi sem hafði fokið úr stað undir Eyjafjöllum um klukkan hálfsex í gærmorgun. **- ht**

Ráðherrafundur EFTA:

## Stofna sveitarstjórnavettvang

**EVRÓPUMÁL Á ráðherrafundi Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, í Lugano í Sviss í byrjun vikunnar var samþykkt að stofna sveitarstjórnavettvang innan samtakanna.**

**Utanríkisráðherra Íslands var falið að vinna að frekari útfærslu þessa verkefnis í samvinnu við sveitarfélagasamböndin í EFTA-ríkjunum fjórum, það er Noregi, Sviss, Liechtenstein og Íslandi.**

**„Með þessari samþykkt er náð merkum áfanga um stöðu og hlutverk sveitarfélaga í EES-samstarfinu,“ segir í fréttatilkynningu. Stofnun svona vettvangs var meðal tillagna í skýrslu sem starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins samdi árið 2004. - aa**

**FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ**

### Áhrif EES rannsökuð

Forsætisráðherra hefur boðað til samstarfs milli ríkis og sveitarfélaga við að rannsaka áhrif EES-aðildarinnar á sveitarfélögin. „Við ákváðum að taka fyrir tvö mál og rannsaka þau. Annars vegar reglur um opinber innkaup og hins vegar urðun úrgangs,“ segir Geir Haarde.

ATKVÆÐAGREIÐSLA

vegna kjarasamnings

Rafiðnaðarsambandsins og Félags íslenskra stórkaupmanna

fer fram á skrifstofu RSÍ

frá kl. 13 fimmtudaginn 3. júlí
til kl. 14 miðvikudaginn 9. júlí

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Dýralæknar fá hlutfallslega minnst út úr BHM-samningnum:

# Leikarar bera mest úr býtum

**KJARAMÁL** Krónutöluhækkunin í kjarasamningum BHM-félaganna kemur misjafnlega út fyrir stéttarfélögin innan og í samstarfi við Bandalag háskólamanna, BHM, sé hækkunin reiknuð út hlutfallslega. Þannig kemur hún einna best út fyrir leikara innan Leikarafélagsins en einna síst út fyrir félagsmenn Dýralæknafélags Íslands í starfi hjá hinu opinbera þó að krónutalan sé sú sama, 20.300 krónur.

Aðalsteinn Sveinsson, formaður kjaranefndar Dýralæknafélagsins, segir að samningurinn feli í sér kjaraskerðingu og enginn sé sáttur við slíka samninga. Samningamennirnir hafi hins vegar talið að þeir kæmust ekki lengra og því gert þennan samning.

„Okkar laun eru í efri kantinum og þar af leiðir að við fáum minnst út úr þessum samningi,“ segir Aðalsteinn. „Þeir dýralæknar sem starfa hjá hinu opinbera eru flestir í yfirmannastöðum og launin eru í samræmi við það. Dýralæknar í opinbera geiranum eru 35-40 talsins og krónutalan veldur um 4-7 prósenta hækkun.“

Þórunn Lárusdóttir, formaður samninganefndar Leikarafélagsins, segir að samningurinn komi visssulega einna best út fyrir leikara en krónutalan sé alltaf sú sama. Lítið sé að gera í stöðunni þegar ríkið verði að halda að sér höndum. Aðildarfélög BHM hafi skrifað undir samninginn og það sé gott fyrir leikara að vera í samfloti með öðrum. „Við verðum bara grimmari næst,“ segir hún. **- ghs**



**GRIMMARI NÆST** „Við verðum bara grimmari næst,“ segir Þórunn Lárusdóttir, formaður samninganefndar Leikarafélagsins.

# Útsala

## Allar útsöluvörur

## 250-2000 kr

| Upphaflegt verð | útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799~~ kr. | 500 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | 750 kr. |
| ~~1.499-1.699~~ kr. | 1.000 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| ~~2.999-4.999~~ kr. | 2.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*








Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra undirbúa hugsanlega nýtingu svartagulls:

# Erlend olíufyrirtæki skattlögð

**IÐNAÐUR** Ríkisstjórnin undirbýr lagasetningu vegna hugsanlegrar olíuleitar erlendra fyrirtækja á Drekasvæðinu.

„Iðnaðarráðherra hefur haft forystu um undirbúningsvinnu í þessu máli," segir Geir Haarde forsætisráðherra. „Og fjármálaráðherra hefur unnið tillögu um hvernig best má haga skattlagningu í því efni."

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að með þessu sé komið til móts við fyrirtæki sem sæki um leyfi til olíuleitar. „Þau vilja vita í hvernig skattaumhverfi þau verða. Ég kynni frumvarp um það í haust," segir Árni.


GEIR H. HAARDE


ÁRNI M. MATHIESEN

Fyrir utan almennan tekjuskatt fyrirtækja verði ýmist lagt fram-leiðslugjald eða kolvetnisskattur á hagnað fyrirtækjanna. Á meðan leit standi yfir borgi þau leyfisgjöld. Leyfin verði boðin út í janúar.

Geir bendir á að verkefnið sé til margra ára og óvíst um ávinning af því. En þörf sé á erlendum fyrirtækjum sem taki þátt bæði í áhættu og hugsanlegum ágóða.

Samkomulag við Norðmenn um skiptingu svæðisins verði vonandi „fínpússað" innan skamms.

Hvorugur ráðherrann gat sagt hvaða fyrirtæki hefðu sýnt þessu áhuga.

- kóþ

# Mengarar axli ábyrgð

**Á Maldív-eyjum í Indlandshafi býr þjóð sem er jafn fjölmenn Íslendingum. Þar sem hæsti punktur eyjanna er aðeins fáeinir metrar yfir sjávarmáli stendur henni sérstök ógn af hlýnun loftslags.**

**UMHVERFISMÁL** Maldív-eyingar eru um það bil jafnmargir Íslendingum en heimaland þeirra er eyjaklasi í Suður-Indlandshafi þar sem hæsti punktur yfir sjávarmáli er aðeins fáeinir metrar. Eins og gefur að skilja eru heimahagar Maldív-eyinga því sérstaklega viðkvæmir fyrir hækkun sjávarborðs, sem er einn fylgifiskur hnattrænnar hlýnunar.


DUNYA MAUMOON

Um þetta vandamál og hvernig stjórnvöld á eyjunum beita sér til lausnar á því fjallaði aðstoðarutanríkisráðherrann Dunya Maumoon á ráðstefnu í Háskóla Íslands fyrir skemmstu. Meðal þess sem hún leggur áherslu á er réttur þjóðar hennar til að athafnir annara þjóða verði ekki til að eyðileggja heimaland hennar, með öðrum orðum tenging milli mannréttinda og gróðurhúsaáhrifa.

Í samtali við Fréttablaðið bendir Maumoon á að forseti og aðrir ráðamenn Maldív-eyja hafi í áratugi reynt að vekja umheiminn til vitundar um það hvernig hnattræn hlýnun ógnar framtíð eyjanna. „Með tilliti til þess að afleiðingar hnattrænnar hlýnunar eru þegar farnar að koma fram með áþreifanlegum hætti, höfum við efnt til herferðar til að vekja athygli á sambandinu milli mannréttinda og hnattrænnar hlýnunar, þar sem við teljum að með því öðlist röksemdir okkar aukið alþjóðlegt vægi," segir Maumoon.

„Þótt það sé ekki skýrt kveðið á um það í alþjóðasáttmálum þá teljum við að það séu grundvallarréttindi að eiga aðgang að óspilltu og öruggu umhverfi og þegar athafnir annara eru að eyðileggja þitt eigið umhverfi er eina leiðin að vekja umheiminn sterkar til vitundar um þetta," segir hún og bætir við að með þessu vonist Maldív-eyingar til að koma málinu á dagskrá stóru ríkjanna í heiminum, sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum og eiga þar með mestan þátt í að stuðla að hlýnun loftslags og hækkun sjávarborðs.

„Því við verðum að fá þau til að axla meiri ábyrgð á að minnka útblástur og taka tillit til hagsmuna hinna minni og viðkvæmari aðila alþjóðasamfélagsins," segir Maumoon.



**EYÞJÓÐ Í HÆTTU** Maumoon Abdul Gayoom, forseti Maldív-eyja til 30 ára, áritar bók sína „Paradís að drukkna" í Singapore fyrr á árinu. NORDICPHOTOS/AFP


audunn@frettabladid.is













# Opinn skógur

## – vin við veginn

### Akurgerði – formleg opnun 5. júlí

Opinn skógur verður formlega opnaður í Akurgerði í Öxarfirði, laugardaginn 5. júlí kl. 14.00, af Kristjáni Möller, samgönguráðherra. Sjá dagskrá á www.skog.is. Allir hjartanlega velkomnir.

Með stuðningi AVANT við skógræktarstarf opnast spennandi áningarsvæði í alfaraleið þar sem njóta má náttúrunnar í skógarrjóðrum á leið um landið!

AVANT óskar landsmönnum öllum til hamingju með sælureiti „Opinna skóga" og vonar að sem flestir njóti þeirra til áningar, útivistar og heilsubótar.

*Markmið verkefnisins „Opinn skógur" er að opna fjölmörg skógræktarsvæði í alfaraleið sem eru í umsjón skógræktarfélaga. Áhersla er lögð á að aðstaða og aðgengi sé til fyrirmyndar og upplýsingum miðlað um lífríki, náttúru og sögu staðanna.*

Nú hafa níu svæði verið opnuð með formlegum hætti:

Daníelslundur (2002)
Hrútey (2003)
Snæfoksstaðir (2004)
Tunguskógur við Ísafjarðarkaupstað (2004)
Eyjólfsstaðaskógur (2004)
Sólbrekkur (2004)
Hofsstaðaskógur (2005)
Tröð við Hellissand á Snæfellsnesi (2006)
Búlandsnes við Djúpavog (júní 2008)

Taktu lífinu með ró í opnum skógi á leið um landið í sumar




● Næstu skógar sem verða opnaðir.

Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaga, AVANT og Olís.

OPINN SKÓGUR

AVANT
Styttu þér leið




Útgjöld til vegaframkvæmda verða rúmlega helmingi meiri í ár en í fyrra:

# Meira malbik og peningar

**SAMGÖNGUR** Útgjöld til vegaframkvæmda eru rúmum þrettán milljörðum hærri í ár en í fyrra. Í ár verða þau rúmlega 31 milljarður króna í en voru rúmir 18,2 milljarðar í fyrra.

„Þessi aukning liggur fyrst og fremst í nýjum framkvæmdum sem eru á átjánda milljarð í ár miðað við átta milljarða í fyrra," segir Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar hjá Vegagerðinni.

„Þarna er bæði um að ræða jarðgangagerð og lagningu á nýju slitlagi. Tæpum þremur og hálfum milljarði er varið til jarðgangagerðar í ár. Þar af fara rúmir tveir milljarðar í Héðinsfjarðargöng og 1,2 milljarðar í Óshlíðargöng.



**MALBIK** Í ár verða lagðir tæplega 150 kílómetrar af malbiki hérlendis. Árið 2006 voru þeir 63. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í ár verða lagðir tæplega 150 kílómetrar af nýju slitlagi á landinu sem er um það bil 40 kílómetrum meira en í fyrra. Síðustu tvö árin þar á undan var þessi tala langtum minni eða 63 kílómetrar árið 2006 og 77 árið 2005.

Stærsta einstaka malbikunarverkefnið er breikkun hringvegarins frá Reykjavíkur til Selfoss sem kostar tæplega einn og hálfan milljarð króna. Þar fast á eftir fylgja gatnamót Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar og lagning Vestfjarðarvegar milli Þorskafjarðar og Brjánslækjar sem kostar einn milljarð hvor framkvæmd." segir Rögnvaldur.

- ges

# Ekki verið að leggja til atlögu við hjarta RÚV

**Fréttastjóri Útvarps segir öryggishlutverk útvarpsins ekki skert með fækkun stöðugilda hjá RÚV. Beiðni lá fyrir frá útvarpsstjóra um tuttugu prósenta hækkun afnotagjalda en menntamálaráðherra taldi að ekki ætti að stíga það skref.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Öryggishlutverkið skerðist á engan hátt, þetta eru ekki það margar uppsagnir," segir Óðinn Jónsson, fréttastjóri Útvarps.

Fyrr í vikunni var tilkynnt um fækkun stöðugilda Ríkisútvarpsins um tuttugu. Þar af var átta starfsmönnum sagt upp.

Óðinn segir hörmulegt að þurfa að segja fólki upp en ekki sé hjá þessu komist miðað við fjárhagsstöðu.

„Við þurfum örugglega að breyta skipulaginu í Efstaleitinu, en þetta gæti verið verra. Við þurfum ekki að leggja neitt niður sem við erum að gera," segir Óðinn.

Uppsagnir á fréttastofu Útvarps voru aðallega á landsbyggðinni en ein staða var lögð niður í Kaupmannahöfn og ein í Efstaleiti.

„Við erum ekki að ráðast til atlögu við hjartað í okkur sem er starfsemin í Efstaleiti. Við ætlum enn að halda úti öflugri fréttavakt sem veikist ekki með þessum uppsögnum," segir Óðinn.

Þorgrímur Gestsson, formaður Hollvinasamtaka RÚV, segir samtökin hafa varað við þessari stöðu á sínum tíma þegar rekstri RÚV var breytt í ohf.

„Þessi rekstrarbreyting var engin galdraformúla. Hollvinasamtökin sögðu frá upphafi að breyting á rekstrinum mundi ekki lagfæra hann."

Þorgrímur segir dapurt að útvarpsstjóri hafi þurft að grípa til þess að fækka stöðugildunum. „Meginhugsunin hjá hlutafélagi er að sýna hagnað en ekki að veita góða dagskrár- eða fréttaþjónustu," segir Þorgrímur.



**STARFSFÓLK RÚV VIÐ STÖRF** Fréttastjóri Útvarps segir hörmulegt að þurfa að segja upp fólki en ekki verði hjá því komist miðað við fjárhagsstöðu stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þessi rekstrarbreyting var engin galdraformúla.
>
> **ÞORGRÍMUR GESTSSON**
> FORMAÐUR HOLLVINASAMTAKA RÚV

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segist ekki hafa trú á því að Ríkisútvarpið fari í aðgerðir sem skerði öryggishlutverk stofnunarinnar.

„Það þarf fyrst og fremst að huga að rekstrinum til að geta sinnt almannaþjónustu og menningarhlutverkinu."

Afnotagjöldin munu hækka um fimm prósent í ágústmánuði segir Þorgerður.

„Beiðni lá fyrir frá útvarpsstjóra um tuttugu prósenta hækkun á afnotagjöldum en mér fannst ekki rétt að stíga það skref. Ríkisútvarpið má vel við una að fá þessa hækkun í því umhverfi sem er," segir Þorgerður en útvarpsstjóri gaf þá skýringu fyrir fækkun stöðugilda að afnotagjöldin hefðu ekki hækkað í samræmi við samninga og því hefði þurft að grípa til sparnaðaraðgerða.

vidirp@frettabladid.is

Stjórnmálafræðiprófessor frá Slóveníu um sjálfstæði Kosovo:

# Endalok nýlendustjórnar Serba

**UTANRÍKISMÁL** Með sjálfstæði Kosovo er endir bundinn á „nýlendustjórn" Serba sem hófst er yfirráðum Tyrkja yfir héraðinu lauk árið 1912. Þetta segir slóvenski stjórnmálafræðiprófessorinn Anton A. Bebler, sem í gær hélt erindi um hlutverk NATO í Kosovo á málfundi á vegum Samtaka um vestræna samvinnu, SVS.

Bebler bendir á að árið 1912 hafi um fimmtungur íbúa Kosovo verið Serbar en eftir því sem leið á 20. öld hafi þetta hlutfall stöðugt minnkað og sé nú um fimm prósent. Nokkrar aldir séu síðan slavneskumælandi fólk var þar í meirihluta. Ástæðuna fyrir því að Kosovo leiki eins stórt hlutverk og raun ber vitni í pólitískri sjálfsvitund Serba nútímans segir Bebler að rekja megi til þess tímabils á miðöldum sem Serbar réðu yfir héraðinu og áttu þar í hernaði við Tyrki. Serbneska rétttrúnaðarkirkjan hafi alið lengi á þeirri goðsögn að í Kosovo væri vöggu serbnesks þjóðernis að finna.

Tilraun Slobodans Milosevic til að „þjóðernishreinsa" Kosovo árið 1999 var lokatilraun „nýlendustjórnar" Serba til að gera þetta etnískt albanska hérað serbneskt (á ný), að sögn Beblers. NATO hafi þá haft forgöngu fyrir alþjóðasamfélaginu um að hindra þá tilraun.

- aa



**ANTON A. BEBLER** Prófessor í stjórnmálafræði og varnarmálum við Háskólann í Ljubljana í Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON
















# the PIER

## tilboðið á sumarvörum

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00



**GLEÐI Í VENESÚELA** Andlitsmáluð kona tekur þátt í hátíðinni San Pedro Parranda í bænum Guatire í Venezuela. Hátíðin hefur verið haldin síðan á 19. öld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enginn lést í eldsvoða á Íslandi á síðasta ári í fyrsta sinn í fjögur ár:

# Brunatjón eykst á milli ára

**ÖRYGGISMÁL** Bætt eignatjón vegna bruna á síðasta ári nam alls 1.579 milljónum, sem er mikil aukning frá árinu 2006 og nokkuð yfir meðaltali síðustu 27 ára. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Brunamálastofnunar fyrir árið 2007.

Eignatjón árið 2006 nam aðeins 1.018 milljónum, sem er með minnsta móti undanfarin ár. Uppreiknað meðaltal síðustu 27 ára er 1.232 milljónir og var tjónið í fyrra því talsvert yfir því. Sé það hins vegar skoðað sem hlutfall af heildarbrunabótamati er það undir meðaltali, að því er segir í skýrslunni.

Enginn lést í bruna hérlendis á síðasta ári, í fyrsta sinn síðan árið 2003. Að jafnaði hefur 1,76 látist í eldsvoða hérlendis árlega frá 1979.

Þá segir í skýrslunni frá átaki stofnunarinnar til að efla eldvarnir og viðbrögð við mengunarslysum um allt land. Stofnunin fékk leyfi frá umhverfisráðuneytinu og Alþingi fyrir kaupum á búnaði fyrir hundrað milljónir króna og var búnaðurinn afhentur í fyrra. Um er að ræða stærsta einstaka átak í eldvörnum sem ráðist hefur verið í um langt árabil, að því er fram kemur í skýrslunni. - sh



**STÓRBRUNI** Bruninn í miðbænum í apríl var langstærsta verkefni slökkviliðs í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Björgunarsveitir kallaðar út:

# Tíu ára týndist við Hofsjökul

**LÖGREGLUMÁL** Þyrla og björgunarsveitir voru kallaðar út vegna tíu ára drengs sem varð viðskila við foreldra sína við Setur inni undir Hofsjökli eftir hádegi í gærdag.

Foreldrarnir höfðu leitað að drengnum í eina og hálfa klukkustund þegar lögreglu var gert viðvart undir klukkan hálffjögur í gærdag. Þar sem veður var ekki gott, rigning og nokkuð hvasst, var ákveðið að kalla strax til björgunarsveitir og þyrlu að sögn lögreglu.

Drengurinn fannst heill á húfi áður en til leitar kom, innan við Kisubotna. - ht








**NEANDERDALSMENN** Ef til vill hafa neanderdalsmenn litið svona út, en þeir dóu út fyrir þrjátíu þúsund árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkfæri Neanderdalsmanna grafin upp á Englandi:

# Töldu tólin eftirlíkingar

**VÍSINDI** Fornleifafræðingar hafa grafið upp fjölda verkfæra frá tugþúsund ára gömlu samfélagi Neanderdalsmanna við Beedings á Suðaustur-Englandi.

Uppgröfturinn hefur staðið í nokkrar vikur, að því er fram kemur á fréttavef BBC. Staðurinn fannst fyrst í byrjun síðustu aldar fyrir tilviljun þegar verið var að grafa húsgrunn. Þá fundu menn rúmlega tvö þúsund verkfæri en töldu að þau væru eftirlíkingar svo meirihluta þeirra var hent. Nýlegar rannsóknir leiddu í ljós að verkfærin væru ekta.

Verkfærin eru líklega um þrjátíu til fjörtíu þúsund ára gömul. Líklega voru þau notuð til að veiða hesta, loðfíla og nashyrninga.

Neanderdalsmenn voru náskyldir manninum, homo sapiens, og bjuggu í Evrópu og hluta Asíu. Þeir dóu út fyrir um þrjátíu þúsund árum.

Vísindamennirnir sem unnu að uppgreftinum vonast til þess að fundurinn veiti upplýsingar um tækni neanderdalsmanna og bæti samanburð við þróun okkar eigin tegundar, homo sapiens. - gh

Neyðarsending frá litlum báti:

# Rak vélarvana úti fyrir landi

**LÖGREGLUMÁL Neyðarsending barst frá litlum kanadískum fiskibáti sem rak vélarvana úti fyrir Reykjanesi snemma í gærmorgun.**

**Flugvél Landhelgisgæslunnar hélt til leitar vegna sendingarinnar skömmu eftir klukkan tíu og náði sambandi við bátinn skömmu fyrir hádegi. Tveir menn reyndust vera um borð í bátnum og sakaði þá ekki.**

**Flugvélar Landhelgisgæslunnar og danska flughersins héldu uppi fjarskiptasambandi við bátinn í gær þar til næsta skip kom á vettvang síðdegis.** - ht

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefni fundust við húsleit

Um tvö hundruð grömm af fíkniefnum, aðallega amfetamín, fundust við húsleit í Grafarvogi í fyrrakvöld. Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn í tengslum við málið. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu.

### Stuttur vegarkafli opnaður

Stuttur vegarkafli á Reykjanesbraut, frá Vogum að Grindavíkurafleggjara, var tekinn í notkun í gær og nýr afleggjari til Grindavíkur einnig opnaður að sögn lögreglu. Hvetur lögregla ökumenn til að aka varlega meðan þeir átta sig á aðstæðum.




# SÍÐUSTU DAGAR LAGERSÖLUNNAR

## 15-80% afsl. af völdum vörum



Tungusófi kr. 279.000 **verð nú 237.150** (afsl. 41.850)
Leður: Hvítt og svart.

Model: Kakan 670 - 300 x 195 sm.



Model: Kakan 568 - 300 x 200 sm.

Tungusófi kr. 245.000 **verð nú 199.800** **(afsl. 45.200)** - Leður: Hvítt og svart.
Borð, hvítt/gler 131x70x26 sm. Ekki á tilboði **verð kr. 49.800**

**Bjóðum upp á vaxtalaust lán til allt að 12 mánaða.**
**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

heima Öndvegi

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16




STOFA 53



BARNAISINN
100 kr
Í ALLT SUMAR
15 ára afmælistilboð
stborgari
og Coke
bættu við frönskum 189
499
Afmælisglaðningur fylgir
GILDIR TIL 15. ÁGÚST 2008
ELLSMÚLI SKÚLAGATA GARÐABÆR MJÓDD

## „ORÐRÉTT“

*Engar fjöldauppsagnir*

**„Það stefnir ekki í neinar fjöldauppsagnir vegna sameiningarinnar.“**

GUÐMUNDUR HAUKSSON, FORSTJÓRI SPRON, UM SAMEININGU SPRON OG KAUPÞINGS.
Fréttablaðið, 2. júlí

*Ekkert útilokað*

**„Á þessu stigi er alltof snemmt að segja nokkuð um hugsanlega hagræðingu.“**

INGÓLFUR HELGASON, FORSTJÓRI KAUPÞINGS, UM SAMEININGU SPRON OG KAUPÞINGS.
Fréttablaðið, 2. júlí

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

## *Góð veðurspá eina mestu ferðahelgi ársins*

Fyrsta helgin í júlí er ein vinsælasta ferðahelgi ársins. Fréttablaðið tók saman helstu viðburði helgarinnar á landsbyggðinni.

Í Vestmannaeyjum fer hin árlega goslokahátíð fram um helgina. Hátíðin hefst í dag og er þétt dagskrá allt fram á sunnudagskvöld, þegar hátíðinni lýkur. Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt, allt frá hátíðarmessu og gönguferða til tónleika og dansleikja.

Á Hellu er landsmót hestamanna í fullum gangi og nær hámarki um helgina. Búist er við að um fimmtán þúsund manns verði á Hellu. Úrslit og verðlaunaafhendingar á mótinu. Á laugardagskvöld verður glæsileg skemmtidagskrá sem endar með dansleik við undirleik Hjálma.

Humarhátíð á Höfn í Hornafirði stendur fram á sunnudag og verður sett formlega á föstudagskvöld klukkan átta. Þá verður humarveisla í Akurey og ýmis skemmtiatriði verða í boði. Á laugardagskvöld verður meðal annars boðið upp á varðeld, söng og stórdansleik.



**LANDSMÓT HESTAMANNA** Landsmótið verður líklega langstærsti atburður helgarinnar, en búist er við um fimmtán þúsund manns á Hellu um helgina.

Þjóðlagahátíð er haldin á Siglufirði í áttunda sinn um helgina. Fjöldi tónleika bæði íslenskra og erlenda tónlistarmanna eru á dagskránni auk þess sem ýmis námskeið eru á boðstólum.

Á Bolungarvík verður árlegur markaðsdagur haldinn á laugardag. Dagskrá dagsins hefst þó degi fyrr með varðeldi og söng. Á laugardaginn verður markaður á hátíðarsvæðinu og Ný dönsk, Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson troða upp meðal annarra samhliða markaðnum.

Í Ólafsvík fer fram fjölskylduhátíðin Ólafsvíkurvaka. Bæði föstudags- og laugardagskvöld verða haldin bryggjuböll og á laugardag verða ýmis skemmtiatriði fyrir börn og fullorðna á dagskrá.

Að lokum eru írskir dagar haldnir á Akranesi um helgina. Þekktasti viðburður írskra daga er líklega keppnin um rauðhærðasta Íslendinginn, sem fer fram á laugardaginn.

Veðurspá fyrir helgina er nokkuð góð og stefnir í góðviðri með töluverðum hlýindum víða um land.













**GOTT KRABBAMEIN EKKI TIL** „Fólk vill trúa því að maður hafi gott krabbamein og reynir að sýna að því standi ekki á sama með því að taka svona til orða en það er ekki til nein góð tegund af krabbameini,“ segir Bandaríkjakonan Mary Schnack, sem hefur greinst fjórum sinnum með krabbamein. Hún flutti nýlega fyrirlestur um tíu heimskulega hluti sem fólk segir við þá sem greinast með krabbamein. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mikilvægt að tala hreint út

**Ættingjar, vinir og kunningjar taka oft klaufalega til orða þegar krabbameinssjúklingar eru annars vegar. Mary Schnack, sem hefur greinst fjórum sinnum með krabbamein, segir að fyrir krabbameinssjúklinga skipti mestu að taka viljann fyrir verkið, láta ekki heimskulegar athugasemdir trufla sig og biðja fólk um aðstoð.**

Bandaríkjakonan Mary Schnack hefur greinst fjórum sinnum með krabbamein frá árinu 1996, síðast árið 2007. Hún býr í Bandaríkjunum og rekur almannatengslaskrifstofu. Hún var einstæð móðir þegar hún fyrst greindist með krabbamein.

„Krabbameinið reyndist dóttur minni erfiðara en mér því að hún varð hrædd um að missa mig. Þó að ég vissi að ég myndi ekki deyja var erfitt að sannfæra hana um það,“ segir Schnack, sem hefur flutt erindi hjá Krabbameinsfélagi Íslands um tíu heimskulegustu athugasemdirnar sem krabbameinssjúkir fá að heyra.

„Fólk veit ekki hvað það á að segja svo að í rauninni eru þessar athugasemdir ekki heimskulegar. Fólk veit bara ekki hvernig það á að láta í ljós að því standi ekki á sama um viðkomandi. Til að láta vita að manni sé umhugað um einhvern þá spyr maður hvernig honum líði og hvernig maður geti orðið að liði og fólk kann kannski ekki að gera það,“ segir Mary Schnack.

„Þegar krabbameinssjúklingur fer í uppskurð og meðferð eru allir dagar mismunandi. Manni getur liðið vel í dag en kemst kannski ekki upp úr rúminu á morgun svo að maður þarf alltaf á símtali að halda þó að manni líði vel,“ segir hún og bendir á að hvatningarorð virki ekki vel.

„Eitt það skrítnasta sem maður heyrir er þegar einhver segir „Þú ert allavega með góða tegund af krabbameini“. Ég veit ekki hvað það þýðir. Fólk vill trúa því að maður hafi gott krabbamein og reynir að sýna að því standi ekki á sama með því að taka svona til orða en það er ekki til nein góð tegund af krabbameini,“ segir hún.

Mary Schnack segir að krabbameinssjúklingar verði að skilja að orðin séu látin falla vegna þess að viðkomandi láti sér annt um hinn sjúka. „Það skiptir máli að reiðast ekki, bregðast ekki harkalega við heldur þakka fólki fyrir að láta sér annt um mann og leyfa sjálfum sér að biðja um aðstoð. Það er erfitt en við verðum að gera það. Stundum þurfum við, sem erum með krabbamein, að hugsa um vini okkar og vera sterk fyrir þá um leið og við erum sterk fyrir okkur sjálf. Ég hef hins vegar lært að vera hreinskilin við fólk og segja hreint út hvaða þarfir ég hef. Ég segi: Ég veit að mér líður vel eftir tvo mánuði en næstu tvo mánuðina þarf ég á aðstoð þinni að halda og fólk er hæstánægt með að geta aðstoðað mann. Það vill gjarnan liðsinna.“

ghs@frettabladid.is

### TÍU HEIMSKULEGUSTU HLUTIR SEM SAGÐIR ER VIÐ FÓLK MEÐ KRABBAMEIN

1 Þú hefur að minnsta kosti ekki vont krabbamein.
2 Guð lætur okkur ekki fá erfiðari viðfangsefni en við ráðum við.
3 Frændi minn fór í geisla og hann varð aldrei veikur.
4 Þú hefur að minnsta kosti góða tegund af krabbameini.
5 Svo að þú missir ekki hárið eftir geislameðferðina?
6 Kannski að þú slappir nú af og losir þig við stressið.
7 Hverjar eru líkurnar?
8 Ó, ég er viss um að það kemur ekki aftur.
9 Þú lítur svo vel út.
10 Skiptir það einhvern máli ef ég dey?

# Tilboðsdagar

## 30% afsláttur af öllum vörum í Habitat Holtagörðum



Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-fös, 10-18 lau og 12-18 sun. **Te & Kaffi** opið alla daga.

habitat

**ERMARSUND:** HVERJIR HAFA SYNT ERMARSUNDIÐ?

# *Metið er tæplega sjö klukkustundir*

Ermarsund eða Enska sundið eins og Englendingar kalla það er í Atlantshafi á milli Frakklands og Bretlands. Sundið tengir jafnframt Norðursjó við Atlantshafið. Nafnið Ermarsund kemur úr frönsku en á frönsku heitir sundið La Manche sem merkir ermin. Sundið er um 560 km langt og breiðast 240 km. Benedikt S. Lafleur sundkappi þreytti hið víðfræga Ermarsundssund, sem er um 32 kílómetrar í þriðja sinn á dögunum og hætti við. Fyrsta ferðin yfir Ermarsundið var í loftbelg 7. janúar árið 1785 en hana fóru Jean-Pierre Blanchard frá Frakklandi og John Jeffries frá Bandaríkjunum.

**Hve margir hafa synt Ermarsund?**

Sá fyrsti sem synti Ermarsund var Matthew Webb árið 1875 en hann synti sundið á 21 klukkustund og 45 mínútum. Árið 1927 voru síðan samtök áhugafólks um Ermarsundssund stofnuð. Þau hafa haldið skrá yfir alla þá sem synt hafa Ermarsund síðan þá.

Samkvæmt lista þeirra hafa 772 náð að synda Ermarsundið. Athyglisverðustu sundin hafa til dæmis verið þegar Lynne Cox synti Ermarsundið árið 1972 en þá var hún aðeins fimmtán ára gömul og sló heimsmetið. Hraðamet var sett 24. ágúst í fyrra þegar Búlgarinn Petar Stoychev fór sundið á sex tímum, fimmtíu og sjö mínútum og fimmtíu sekúndum. Margir hafa synt Ermarsundið oft eins og hinn enski nýkrýndi Ermarsundskóngur Kevin Murphy sem hefur synt 34 sinnum og þar af þrisvar sinnum fram og til baka.

**Hvernig undirbýr maður sig fyrir svona sund?**



Á heimasíðu Ermarsundsfélagsins, http://www.channelswimmingassociation.com, má nálgast ýmsar upplýsingar um undirbúninginn. Þar er sagt að til þess að geta synt Ermarsundið verði maður að vera í góðu andlegu og líkamlegu formi en vilji sundkappans til að synda sundið hefur mikið að segja. Ráðlagt er að taka þátt í sem flestum sundmótum áður en þetta er gert og vera reiðubúinn í kalt vatn. Vatnið sjálft er mjög kalt og getur farið allt niður í fimmtán gráður á celsíuskvarða en venjulegur hiti í sundlaugum er um það bil þrjátíu gráður. Mikið salt er í Ermarsundi og ef sundmaður gleypir of mikið af því getur hann orðið veikur og þurft að hætta sundi.

Ráðlagt er að borða mikið af hollum mat og reyna að vera með sem mestan vöðvamassa þegar tekist er á við sundið. Þá er ráðlagt að borða mikið af prótínum til að byggja upp vöðva. Hins vegar þurfa sundkappar að vera reiðubúnir að borða ekki neitt, ástæðan er sú að saltvatnið hefur vond áhrif á meltingarkerfið og getur á sama tíma haft áhrif á sundið. Orkunýting í Ermarsundinu er um sex hundruð kaloríur á hverja klukkustund, sem þýðir að maður þarf að vera orkumikill þegar tekist er á við sundið. Tekið er dæmi um að með því að innbyrða eitt kíló af hreinni fitu ætti maður að hafa næga orku til þess að takast á við sundið.




**FRÉTTASKÝRING:** Forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu

# Vilja auknar heimildir til kortlagningar glæpahópa

**Íslensk lögregluyfirvöld telja sig verr í stakk búin en kollega sína í Evrópu til að fyrirbyggja glæpastarfsemi og hryðjuverk, þar eð þau skortir forvirkar rannsóknarheimildir. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur að tryggja þurfi lögreglu slíkar heimildir.**



**ÞÝSKIR VÍTISENGLAR** Í skýrslu Ríkislögreglustjóra er sérstaklega vikið að vélhjólaklúbbum sem eru að ná fótfestu hérlendis. Íslenski klúbburinn Fáfnir hefur stofnað til formlegra tengsla við alþjóðleg samtök Vítisengla, sem eru skilgreind glæpasamtök. Meðlimir þeirra hafa margir hlotið dóma fyrir alvarlega glæpi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í nýútkomnu hættumati Ríkislögreglustjóra á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi er í tvígang nefnt að skortur á svokölluðum forvirkum rannsóknarheimildum takmarki möguleika íslenskrar lögreglu til að takast á við og fyrirbyggja glæpi hér á landi.

Með þessu er átt við að lögregla hefur sem stendur ekki heimildir til að hefja rannsóknir á mögulegum brotamönnum nema rökstuddur grunur leiki á að viðkomandi hafi framið tiltekið brot. Þessu hafa dómsmálaráðherra og yfirmenn lögreglu hug á að breyta með því að færa þeim sams konar heimildir og tilteknar deildir allra lögregluyfirvalda í Evrópu hafa.

**Öryggisþjónusta í bígerð**

„Ég hef oftar en einu sinni lýst þeirri skoðun minni, að tryggja þurfi lögreglu þessar heimildir hér á landi," segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. „Það á að gera með sérstakri löggjöf, þar sem mælt er fyrir um eftirlit af hálfu Alþingis í einni eða annarri mynd." Erlendis er það sums staðar á könnu sérstakra þingnefnda að hafa eftirlit með því hvernig rúmum rannsóknarheimildum lögreglu er beitt.

Aðspurður segir Björn að málið hafi verið athugað og útfært af hans hálfu, þótt niðurstaðan hafi ekki verið kynnt nema innan dómsmálaráðuneytisins.

Sagt var frá því í desember síðastliðnum að frumvarp til laga um íslenska öryggisþjónustu hefði verið unnið í dómsmálaráðuneytinu og kynnt trúnaðarmönnum stjórnarflokkanna. Í frumvarpinu, sem stendur til að kynna opinberlega í ár, er kveðið á um að greint yrði á milli lögreglu og öryggisþjónustunnar og að hún fengi heimild til að beita forvirkum rannsóknaraðferðum. Björn segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um tímasetningar vegna frumvarpsins.

**Nauðsyn, segir lögregla**

Yfirmenn innan lögreglunnar á Íslandi eru sammála ráðherra um mikilvægi forvirkra rannsóknarheimilda. „Það er í mörgum tilfellum nauðsynlegt fyrir lögreglu að hafa þessar heimildir," segir Ásgeir Karlsson, stjórnandi greiningardeildar Ríkislögreglustjóra, sem hefur lögum samkvæmt með höndum rannsóknir á hryðjuverkahættu og skipulagðri glæpastarfsemi. „Það hafa komið upp tilvik þar sem ekki hefur verið unnt að hefja rannsókn þrátt fyrir að ákveðnar vísbendingar lægju fyrir. Þá hefðu svona heimildir án efa komið að notum."

Ásgeir bendir á að tilteknar deildir innan lögreglu allra aðildarríkja NATO hafi heimildir til forathugana á málum sem snerta innra öryggi ríkis, hryðjuverkastarfsemi og njósnir. Í aðildarríkjum Evrópulögreglunnar Europol sé enn fremur kveðið á um skipulagða glæpastarfsemi í þessu samhengi.

**Yrði háð ströngu eftirliti**

Margir óttast að með heimildum sem þessum sé lögreglu gert kleift



**BJÖRN BJARNASON**



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**



**ÁSGEIR KARLSSON**

að ganga afar nærri einkalífi borgara, jafnvel saklausra, eftir hentugleikum.

Ásgeir segir slíkan ótta óþarfan. „Fólk heldur oft að þetta veiti lögreglu heimild til að rannsaka menn nánast að tilefnislausu, en svo er ekki. Lögreglan er ekkert að einbeita sér að því að skoða saklausa borgara og þetta yrði auðvitað háð mjög ströngu eftirliti," segir Ásgeir. Eftir sem áður þyrfti til dæmis dómsúrskurði fyrir símhlerunum og eftirfylgni. Fyrst og fremst snúist slíkar rannsóknir um forathuganir á mögulegri hættu, upplýsingaöflun um tiltekna einstaklinga og hópa og kortlagningu á hugsanlegri glæpastarfsemi.

„Þetta er aðallega hugsað fyrir rannsóknir á hugsanlegum brotum sem beinast gegn innra öryggi ríkisins, hryðjuverkaógnum og njósnum og ég myndi telja skipulagða glæpastarfsemi ógna innra öryggi ríkisins," segir Ásgeir.

**Heitir leyniþjónusta á mannamáli**

Hugmyndir sem þessar leggjast þó ekki jafn vel í alla. Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hefur miklar efasemdir um réttmæti og mikilvægi forvirkra rannsóknarheimilda. „Á mannamáli heitir þetta öryggislögregla eða leyniþjónusta," segir hann.

„Þessar tillögur gera þá ráð fyrir að slík stofnun verði sett á laggirnar og ég tel enga þörf á því. Ég tel að það sé miklu nær fyrir okkur að tryggja hinni almennu löggæslu það fjármagn sem þarf til að hún geti unnið þá vinnu sem henni er ætlað og það væri í raun verið að snúa hlutunum á haus ef við ætluðum núna að ráðast í það verkefni að byggja upp leyniþjónustu. Við þessar aðstæður þurfum við ekki að byggja upp enn eina deildina eða stofnunina. Það er fráleitt. Þannig að ég tel að á þessu stigi sé þetta ekki á dagskrá."

**Ekkert nýtt í hættumatsskýrslunni**

Spurður um fyrirhugað frumvarp um öryggisþjónustu segir Lúðvík að engar slíkar hugmyndir hafi borist inn á borð þingflokks Samfylkingarinnar. „Ég held að ég geti sagt það fyrir Samfylkinguna að öryggislögregla eða leyniþjónusta er ekki á forgangslista hennar," segir hann, spurður um það hvort slíkt frumvarp myndi njóta stuðnings samflokksmanna hans.

Lúðvík segir jafnframt að í hættumatsskýrslu Ríkislögreglustjóra sé ekkert nýtt að finna sem kalli á slíkar heimildir. „Hér hefur alltaf verið einhvers konar skipulögð brotastarfsemi. Það er ekkert nýtt í því. Það að stíga fram núna með það sem einhver tíðindi á ekki við rök að styðjast."



FRÉTTASKÝRING
STÍGUR HELGASON
stigur@frettabladid.is

## FÓRNUM EKKI MANNRÉTTINDUM



**RAGNAR AÐALSTEINSSON**

„Við verðum að muna það að við getum ekki varist glæpum með því að fórna okkar eigin mannréttindum," segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, sem er andsnúinn um auknar rannsóknarheimildir.

„Það er tilhneiging allra hernaðar- og lögregluyfirvalda að fá sem mest völd, heimildir og peninga til að kaupa vopn og tæki og búnað og það sama á auðvitað við um æðstu yfirmenn stofnananna, þar á meðal varnarmála- og dómsmálaráðherra eftir atvikum.

Það er enginn vafi á því að ef Íslendingar ákveða að gjörbreyta heimildum lögreglunnar og æðstu yfirmanna dómsmála þá aukast mjög völd þeirra í samfélaginu.

Hættan er sú, eins og alltaf, að valdið verði misnotað. Sagan kennir okkur að svona vald hefur verið misnotað hvarvetna þar sem það hefur verið veitt," segir Ragnar og vísar meðal annars til pólitískra hlerana hérlendis í Kalda stríðinu.

Hann segir að áður þurfi að fara fram lýðræðisleg umræða, ekki bara meðal valdsmanna, heldur alls almennings, um það hvort hann vilji aukið eftirlit með sér. „Ég hygg að þetta muni ekki fá staðist lýðræðisleg viðhorf og kröfur eða þá stjórnskipulegu vernd sem við njótum samkvæmt stjórnarskránni," segir Ragnar.

SAMBAND ÍSLENSKRA HARMONIKUUNNENDA
SÍHU
STOFNAÐ 1981




# 10. LANDSMÓT HARMONIKUUNNENDA

## 3. - 5. júlí 2008
í Reykjanesbæ

### *Fimmtudagur 3. júlí:*

Kl. 19.00 Landsmót sett. Ávarp formanns SÍHU.
Jónas Þór Jóhannsson. Landsmótslagið flutt.
Kl. 19.30 Tónleikar félaga
Tónleikar Alf Krister Hägedal frá Svíþjóð
Kl. 22.30 Leikið og dansað á veitingahúsum
Reykjanesbæjar.

### *Föstudagur 4. júlí:*

Kl. 14.00 Tónleikar félaga.
Tónleikar erlendra heiðursgesta:
Alf Krister Hägedal og Jan Hägedal frá Svíþjóð
Kl. 20.30 Einleikstónleikar.
Kl. 22.00 Leikið og dansað á veitingastöðum
á Suðurnesjum.

### *Laugardagur 5. júlí:*

Kl. 14.00 Tónleikar félaga.
Ungmennatónleikar
Kl. 17.00 Heiðurstónleikar
Kl. 22.00 Lokadansleikur í Íþróttahúsinu.
Mótslit.

**www.harmonika.is**

VÍKING

FHUS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
PIRI-PIRI KRYDDPOKI FYLGIR MEÐ Í BAKKANUM
PIRI PIRI KJÚKLINGUR
Holta ferskar kjúklingabringur með Piri-Piri kryddblöndu
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2798 KR./KG.
899
BEINHREINSUÐ BLEIKJA
NF Íslenskir bleikjubitar beinlausir
899 kr./kg.
BÓNUS HANGIÁLEGG
1798
Bónus hangiálegg 1798 kr./kg.
Bónus hangiálegg FITUMINNA 1998 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.
4 STK
1998
Hollenskt nautafillet 4 STK. 200 grömm
1998 kr. pakkinn.
30% AFSLÁTTUR
KF villijurtakryddaðar lambalærissneiðar
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
SS
SS villikryddaðar lambatvírifjur
1559 kr./kg. MERKT VERÐ 2228 KR./KG.
Kornbrauð BÓNUS Kornbrauð
129
Bónus kornbrauð
1 kg 129 kr. 5 KR. SNEIÐIN.
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS
KJARNAFÆÐI
Einiberjakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
40% AFSLÁTTUR
1199
KF einiberjakryddað lambalæri 1199 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
Egils PILSNER
49
Egils APPELSÍN
59
PEPSI MAX
59
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS
BÓNUS KJÚKLINGUR
BEINT Í OFNINN
398
KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar
Í ÁLBAKKA 398 kr./kg. MERKT VERÐ 569 KR./KG.
SENSITIVE ARIEL
10 ÞVOTTAR 298 KR.
Ariel Sensitive þvottaefni
10 SKAMMTAR 298 kr.
6 STK 2998
Hollenskar nautasteikur 6 STK. 200 grömm
2998 kr. pakkinn.
498
Ali ferskur svínabógur
498 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Ali fersk kjötmikil svínarif á grillið
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
Pringles
179
Pringles snakk 170 gr
ORGINAL & SOUR CREME 179 kr.
INNFLUTTIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR
100% hreint kjöt.
80 GRÖMM 898 kr. 10 STK.
100 GRÖMM 1079 kr. 10 STK.
120 GRÖMM 1259 kr. 10 STK.
4 Toppar
298
EmmEss toppar HNETU & DAIM
4 stk. 298 kr. pakkinn.
BÓNUS Gleði-Pinnar
198
Bónus frostpinnar 15 stk
GULIR & GRÆNIR 198 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

**Útgjöldin**
>Meðalverð á dömuklippingu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR FJÖLMIÐLAKONA

## *Hundrað ára hús á Hellissandi*



„Bestu kaupin mín eru klárlega hundrað ára gamalt hús á Hellissandi sem við hjónin fjárfestum í fyrir ári,“ segir Snæfríður, sem er nýkomin í bæinn eftir mánaðardvöl í húsinu. „Þessi dvöl sannfærði okkur endanlega um það hversu mikil snilldarkaup þetta voru. Það er alveg yndislegt að eiga svona fallegt hús, með útsýni yfir jökulinn og aðeins örfá skref frá fjörunni.“

Snæfríður segist yfirleitt gera fremur skynsamleg kaup. Verstu kaupin gerði hún átján ára gömul, þegar au pair-dvöl í Þýskalandi stóð fyrir dyrum. „Þá var nýkomin á markað rándýr tungumálatölva, sem átti að vera ómissandi fyrir þá sem voru á leiðinni til útlanda. Ég kunni ekkert í þýsku og ætlaði heldur betur að læra með hjálp tölvunnar. Þýskuna lærði ég, en án nokkurrar hjálpar tölvunnar góðu. Hún var lengi geymd ofan í skúffu, en var loksins hent fyrir skömmu.“

Snæfríður gerði einnig slæm kaup á nýliðinni meðgöngu. „Ég keypti stórt og dýrt málverk af glaðlegum kalli í Góða hirðinum. Manninum mínum fannst það svo ljótt að hann henti því. Ég viðurkenni sjálf að málverkið var forljótt, en við kennum hormónastarfseminni um,“ segir Snæfríður og hlær.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### PAKKA NIÐUR FÖTUNUM



■ *Anna Kristín Sigurðardóttir, verslunarstjóri Kron, pakkar fötunum niður.*
„Það er mjög sniðugt að pakka niður fötunum sínum, bæði á vorin og haustin,“ segir Anna. „Í fyrsta lagi vegna þess að þá hætta vetrarfötin að þvælast fyrir á sumrin og öfugt.“ Hinn kosturinn sem Anna bendir á er að þegar fötin eru tekin upp aftur þá séu þau eins og ný. „Það er frábært. Það er eins og að eignast fötin sín upp á nýtt án þess að eyða krónu.“

Okur á heimsmælikvarða:

# Verðhækkun til að stýra fjöldanum

***Friðjón Axfjörð Árnason skrifar:*** *Bláa lónið er sennilega mesta okurfyrirtæki á landinu. Það kostar 2.300 – TVÖÞÚSUNDOGÞRJÚHUNDRUÐ KRÓNUR – að fara í Bláa lónið! Þetta er ekki misritun, það kostar 2.300 krónur að fara í Bláa lónið! Og ef maður gleymir handklæði heima er leigan 450 krónur fyrir handklæðið. Mér er alveg sama um allt kjaftæði um fjárfestingar og rekstrarkostnað. Þetta er okur á heimsmælikvarða! Og þarna er farið með erlenda gesti og þeir féflettir eins og hægt er áður en þeir komast lengra inn í landið. Ég segi það einu sinni enn: það kostar 2.300 krónur að fara ofan í Bláa lónið!*

Hækkað var um 500 kall ofan í Lónið í sumarbyrjun og það kallað „sumarverð“. Það hafði áður kostað 1.800 krónur, sem flestum þótti nóg. Dagný Hrönn Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, varð fyrir svörum.



**VILJA FÆRRA FÓLK OG SELJA ÞVÍ DÝRT INN** Mjög lágt verð í Bláa lónið í samanburði við aðrar heilsulindir.

Hún segir ástæðu hækkunarinnar felast að mestu leyti í auknum mannafla yfir sumartímann. „Helmingurinn af okkar gestum kemur yfir sumartímann og það krefst þess að við ráðum fleiri starfsmenn.“ Dagný bætir því við að stærsti hluti rekstrarkostnaðar sé launaþátturinn.

„Í fyrra fengum við svo marga gesti að við gátum varla annað því. Við viljum frekar fá færra fólk sem nýtur heimsóknarinnar betur, svo að verðhækkunin er einnig hugsuð til að stýra fjöldanum,“ segir Dagný. Hún segist ekki skammast sín fyrir verðið í Bláa lóninu. „Við erum með mjög lágt verð í samanburði við aðrar heilsulindir, við berum okkur til dæmis ekki saman við sundstaði í borginni sem eru niðurgreiddir.“

Dagný segir að þegar keypt séu árskort séu þau á svipuðu verði og á sundstöðum í Reykjavík. Í Bláa lóninu kostar tólf mánaða kort 22.000 en hjá sundstöðum í höfuðborginni kostar kortið 24.000 krónur. Aðgangseyrir í sund fyrir einstakling er 360 krónur en eins og áður sagði er aðgangseyrir í Bláa lónið 2.300 krónur.

Spurð hvort verðið lækki aftur í 1.800 krónur í haust – það er þegar „sumarverð“ ætti að breytast í „vetrarverð“ – segir Dagný að það verði líklega ekki. „Ég hugsa að við keyrum frekar á tilboðum á borð við tveir fyrir einn auk þess sem við veitum skólum og fyrirtækjum afslátt.“

**- glh/hþj**



**DR. GUNNI** Umboðsmaður neytenda

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**




**NETTUR** Fimmtán kílómetra ferð kostar tíu krónur á svona rafmagnsbíl en tæpar fjögur hundruð á jeppanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hundraða þúsunda sparnaður

**Flestir bílaeigendur gætu sparað hundruð þúsunda króna á ári með því að skipta yfir á rafmagnsbíl.**

Kostnaðurinn við að hlaða rafmagnsbíl af gerðinni REVA er um það bil níu þúsund krónur á ári ef miðað er við að eknir séu tólfþúsund kílómetrar. Verð fyrir sambærilegan akstur á neyslugrennstu bensínbílunum á markaðnum í dag er yfir hundrað þúsund krónur, en yfir fjögurhundruð þúsund á stærstu jeppunum. Eyðsla flestra bensínbíla er svo þarna á milli.

Einnig er hægt að reikna eyðsluna í smærri einingum, til dæmis eins og einni búðarferð. Á heimasíðu Orkuseturs, sem Iðnaðarráðuneytið rekur, má sjá að tveggja kílómetra ferð kostar 57 krónur á Ford Explorer en aðeins eina krónu á REVA. Á allra gráðugustu hákunum fer verðið á þessari stuttu ferð upp í áttatíu krónur.

Fyrir þá sparsömustu má svo benda á að borgaryfirvöld bjóða nú upp á ókeypis hleðslu fyrir rafmagnsbíla víða um borgina auk þess sem slíkir bílar fá ókeypis bílastæði.

Anna Benassi REVA-eigandi er ánægð með rekstrarsparnaðinn en kveðst þó hafa keypt bílinn af öðrum ástæðum. „Það voru fyrst og fremst umhverfissjónarmið sem réðu því að ég keypti bílinn. Það kemur manni bara í gott skap að keyra um, vitandi það að maður mengar ekki neitt,“ segir Anna.



**ÁNÆGÐ** Anna er bæði ánægð með ódýran rekstur og litla mengun.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á meðan lítill bensínbíll dælir tveimur til fjórum tonnum af koltvísýringi út í loftið á ári dælir rafmagnsbíllinn ekki einasta grammi út í loftið. Þetta á auðvitað aðallega við um lönd eins og Ísland þar sem raforkuframleiðslan er umhverfisvæn.

Framleiðsluferli bílsins mengar þó eins og framleiðsla annarra bíla. „Það er sérstaklega framleiðsla og urðun á rafgeymunum sem mengar gríðarlega, en þó ekki meira en á rafgeymum í hefðbundna bíla,“ segir Runólfur Ólafsson hjá FÍB.

„Annað sem vert er að benda á er að þessir bílar fara ekki í gegnum sömu árekstrarprófanir og uppfylla ekki ýmsa evrópska öryggisstaðla,“ segir Runólfur.

Ýmsir hafa orðið til að gagnrýna bílana, aðallega vegna þess að þeir myndu ekki þola harðan árekstur við stærri bíla. Auk þess er talað um hve langan tíma það tekur að hlaða þá og hve stutt þeir komast á hverri hleðslu.

„Þetta eru vissulega innanbæjarbílar, enda auglýstir sem slíkir,“ segir Anna.

**- ges**


# Góður hlífðarfatnaður
## Vindstakkur og vindbuxur

66north.is / Júlí 2008




ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík · Glerárgötu 32, Akureyri.

www.66north.is


■ **Verslun**

## Greiða skal fyrir merkt verð



Á heimasíðu Neytendastofu kemur fram í reglum um verðmerkingar í verslunum að skylt sé „að verðmerkja vöru og þjónustu með söluverði“. Einnig segir að verðmerkingar skulu vera skýrar svo að „greinilegt sé til hvaða vöru verðmerkingin vísar“.

Þar sem uppsett verð er ekki í samræmi við endanlega upphæð segja reglurnar að: „Uppgefið söluverð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram.“

**- hþj**

# Ha, útsala?

## Allra síðustu dagar útsölunnar

## á eldri stangaveiðibúnaði

## í Sportbúðinni, Krókhálsi 5.

## Ætlar þú að missa af henni?

## 30 til 60% afsláttur

**Öndunarvöðlur á hálfvirði**
**Veiðijakkar á hálfvirði**
**Kaststangir á hálfvirði**
**Flugustangir á hálfvirði**
**Kasthjól á hálfvirði**
**Fluguhjól á hálfvirði**

**Misstir þú af síðustu útsölu Sportbúðarinnar?**
**Þessari sem allir eru að tala um.**
**Ætlarðu líka að missa af þessari?**
**Renndu við og gerðu góðan díl í sumarbyrjun**
**Takmarkað magn og aðeins í 10 daga!**

SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.307 **+0,32%**

**Fjöldi viðskipta:** 424
**Velta:** 3.762 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TEYMI** | +4,71% | **EIK BANKI** | -4,44% |
| **SPRON** | +4,70% | **CENTURY** | -2,13% |
| **EXISTA** | +3,16% | **FÆREYJABANKI** | -1,33% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,29 -0,16% ... Bakkavör 28,10 -0,18% ... Eimskipafélagið 14,30 0,00% ... Exista 7,18 +3,16% ... Glitnir 15,40 +0,98% ... Icelandair Group 16,80 -0,30% ... Kaupþing 746,00 0,00% ... Landsbankinn 22,90 0,00% ... Marel 88,80 -0,56% ... SPRON 3,34 +4,70% ... Straumur-Burðarás 9,78 -0,51% ... Teymi 200 +4,71 ... Össur 92,30 -0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Bankamálaráðherrann bjartsýnn

Bankamenn og aðilar á markaði eru heldur undrandi á glaðhlakkalegum yfirlýsingum bankamálaráðherrans Björgvins G. Sigurðssonar í kjölfar samruna SPRON og Kaupþings, sem samþykktur var af stjórnum beggja félaga á þriðjudag. Björgvin sagðist í samtali við Vísi ekki eiga von á frekari samruna á bankamarkaði og fagnaði því sérstaklega að ekki komi til uppsagna á starfsfólki í kjölfar samruna bankanna.

Eini vandinn er sá að bankamenn telja hvort tveggja æði fjarstæðukennt. Ljóst sé að ráðist verði í aðhaldsaðgerðir í kjölfar samrunans og þar muni einhverjum hópi starfsmanna örugglega verða sagt upp, jafnvel eitthvað á annað hundrað manns í báðum bönkum. Og hitt telja menn augljóst, að frekari samruni sé á döfinni. Vitað sé að margar smærri fjármálastofnanir eigi í miklum erfiðleikum, ekki síst sparisjóðirnir og er raunar fullyrt að þess verði þekki langt að bíða að Sparisjóðurinn í Keflavík renni með sambærilegum hætti inn í Kaupþing og SPRON gerir nú.



### Kreppan ekki alls staðar

Þótt margir hafi þurft að draga saman seglin í ljósi erfiðs efnahagsástands, keppast aðrir við áframhaldandi uppbyggingu. Þannig ráku margir upp stór augu í gær er þeir sáu forsíðu Fréttablaðsins, þar sem þyrla sást flytja steypu á lóð við Þingvallavatn, innan þjóðgarðsins.

Eigandi bústaðarins mun vera Bogi Pálsson fjárfestir, sem eitt sinn var kenndur við Toyota. Svæðið kringum lóð Boga er alfriðað og á heimsminjaskrá og þess vegna óhægt um vik að flytja byggingarefni til og frá. En óneitanlega er ekki beinlínis kreppulegt að kalla til þyrlu í þessum tilgangi...

## Decode selur Encode

Gengið hefur verið frá samkomulagi um að Þór Sigþórsson, forstjóri Encode Íslenskra lyfjarannsókna, kaupi Encode af Íslenskri erfðagreiningu. Kaupverðið er trúnaðarmál.

„Ég er bjartsýnn á framhaldið,“ segir Þór. „Það eru ákveðnir vaxtarmöguleikar innanlands og einnig erlendis.“

Kaupverðið er trúnaðarmál.

Fyrirtækið Encode – Íslensk lyfjaþróun var stofnað árið 1999 en hefur verið í eigu ÍE frá því í nóvember árið 2000. Fyrirtækið sinnir þjónusturannsóknum fyrir lyfjaiðnaðinn og sérhæfir sig í lyfjaprófunum og lyfjaerfðafræðilegum rannsóknum. **- bþa**

# Svartar horfur

Gengi hlutabréfa í bresku verslanakeðjunni Marks & Spencer féll um tæp 23 prósent á markaði í Lundúnum í gær eftir að Stuart Rose, forstjóri hennar, sagði horfur í breskri smásöluverslun verða slæmar í rúm þrjú ár.



**STUART ROSE**

Rose, sem um árabil hefur verið með þekktustu stjórnendum í bresku viðskiptalífi, sagði krefjandi aðstæður í efnahagsmálum valda því að neytendur haldi að sér höndum. Þá hafi margir Bretar lagt bílum sínum til að spara dýrmæta bensíndropa. Það hafi svo skilað sér í samdrætti hjá stórverslunum. Þessi þróun hefur svo sett skarð í afkomutölur Marks & Spencer á öðrum ársfjórðungi, að sögn forstjórans.

Marks & Spencer hagnaðist um einn milljarð punda á síðasta ári og hafði hagnaðurinn aldrei verið meiri. Reiknað er með talsvert verri afkomu nú.

Hann var svartsýnn um horfurnar: „Ég held að ekkert fyrirtæki komist hjá því að finna fyrir þessu. Þetta er ekki sérbreskur efnahagsvandi heldur alþjóðlegur,“ sagði Stuart Rose. **- jab**

## Starbucks segir upp 12 þúsundum

Starbucks ætlar að að loka 500 verslunum og segja upp 12 þúsund starfsmönnum sem jafngildir sjö prósentum af mannafla fyrirtækisins. Áður hafði Starbucks greint frá því að 100 kaffihúsum yrði lokað vegna slæms ástands í bandarísku efnahagslífi. Ljóst er að loka þarf mun fleiri stöðum en áður var talið.

Sala Starbucks hefur dregist umtalsvert saman vegna versnandi efnahagsaðstæðna og telja markaðaðilar að helstu ástæður samdráttarins megi rekja til þess að hátekjufólk leitar að ódýrari valkostum. **- bþa**

### LEKI ER ÁHYGGJUEFNI EF RÉTT ER

„Auðvitað er það áhyggjuefni ef rétt er,“ sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðhera, eftir ríkisstjórnarfund á þriðjudag, þegar hann var spurður um meintan leka til Landsbankans um Íbúðalánasjóð og viðskipti bankans með húsnæðisbréf í kjölfarið.



**ÁRNI M. MATHIESEN**

„En ég hef ekki séð neitt sem bendir til þess,“ bætti hann við.

Félagsmálaráðherra telur að bankastjórar eigi ekki að fá slíkar upplýsingar.

Geir Haarde forsætisráðherra sagði Kauphöllina vera „réttan aðila“ til að skoða þetta mál.

Um hvort forsætisráðuneytið sjálft ætti ekki að rannsaka þetta, hafi upplýsingarnar komið þaðan, sagði Geir:

„Nei, það held ég ekki. Við erum ekki rannsóknaraðili um slíkt. Ég á mjög erfitt með að trúa því að SF hafi brugðist trúnaði. Þar til annað kemur í ljós, trúi ég því að þessi viðskipti Landsbankans hafi verið eðlileg.“ **- kóþ**

# FME rannsaki viðskiptin

**Kauphöllin vill að Fjármálaeftirlitið rannsaki viðskipti Landsbankans með íbúðabréf. Ekki er útilokað að bankinn hafi búið yfir upplýsingum sem aðrir höfðu ekki aðgang að í viðskiptum með íbúðabréf, segir forstjóri Kauphallarinnar. Þung viðurlög eru við slíkum brotum.**



**Í FREKARI RANNSÓKN** Fjármálaeftirlitið fær viðskipti Landsbankans til rannsóknar. Kauphöllin útilokar ekki að Landsbankamenn hafi búið yfir upplýsingum sem aðrir höfðu ekki. Fólkið á myndinni tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við höfum ákveðið að vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli samstarfssamnings okkar á milli,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Í kjölfar athugasemda frá aðilum á markaði tók Kauphöllin upp rannsókn á viðskiptum Landsbankans með íbúðabréf 19. júní síðastliðinn. Landsbankinn seldi þá íbúðabréf fyrir fjóra milljarða króna umfram kaup, sem var langtum meira en aðrir þennan dag. Í lok dagsins tilkynnti ríkisstjórnin um breytingu á veðhlutfalli Íbúðalánasjóðs og hækkun hámarkslána.

„Það eru engar fullyrðingar um brot af okkar hálfu,“ segir Þórður Friðjónsson. „En yfirferð okkar um viðskiptin er þess eðlis að ekki er hægt að útiloka að mismunandi upplýsingar hafi verið á markaðnum þennan dag.“

Þetta þýðir að Landsbankamenn kynnu að hafa búið yfir innherjaupplýsingum. Hafi þær verið nýttar telst málið til innherjasvika.

Þórður bætir því við að á þessum miklu viðskiptum Landsbankans kunni að vera skýringar sem ekki hafi komið fram við yfirferð Kauphallarinnar á gögnum sínum. Fjármálaeftirlið geti farið dýpra ofan í málið.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, heyrði úr forsætisráðuneytinu hvað stæði til, hálftíma fyrir lokun skuldabréfamarkaða. Ríkisstjórnin tilkynnti um aðgerðirnar rúmri klukkustund síðar.

Landsbankinn fullyrti í yfirlýsingu að upplýsingarnar sem Halldór fékk hefðu ekki verið notaðar til viðskipta.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var unnin greinargerð um málið í Landsbankanum um leið og málið kom upp. Hún mun vera margar blaðsíður þar sem farið er nákvæmlega yfir viðskiptin 19. júní. Landsbankamenn hafa beðið þess að Kauphöllin kalli eftir skýringum þeirra. Það hefur ekki orðið. Það mun skýrast af verkaskiptingu Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins á grundvelli samstarfssamningsins.

Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti er bannað að afla eða ráðstafa fjármálagerningum, eins og kaupum og sölu skuldabréfa, með beinum eða óbeinum hætti, búi viðkomandi yfir innherjaupplýsingum. Einnig er bannað að miðla slíkum upplýsingum eða veita ráð á grundvelli þeirra.

Komist Fjármálaeftirlitið að því að viðskipti hafi brotið í bága við 123. grein laga um verðbréfaviðskipti, getur það lagt á stjórnvaldssektir, allt að tuttugu milljónir króna í tilviki einstaklinga, en 50 milljónir eigi fyrirtæki í hlut. Allt að sex ára fangelsi liggur við brotum af þessu tagi, sem er þyngsta refsing við brotum á lögum um verðbréfaviðskipti. **ingimar@markadurinn.is**


Viltu skjól á veröndina?






www.markisur.com og www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál
Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar


# Telja þörf fyrir heildsölubanka

„Lagabreytingin sem kom á vorþingi um útgáfu sérvarinna skuldabréfa breytir landslaginu á húsnæðislánamarkaði til mikilla bóta. Það er mikilvægt að fjármögnunarhliðin sé þannig að það sé sem mest frelsi til að mæta þörfum markaðarins. Það þarf þó að vera án þess að það vinni gegn peningamálastefnunni. Markmið Íbúðalánasjóðs og Seðlabankans hafa stangast á,“ segir Hjördís Vilhjálmsdóttir hagfræðingur í greiningu Glitnis. Fjallað var um málið í Morgunkorni Glitnis í gær.

Hún telur að til þess að viðhalda eðlilegum húsnæðislánamarkaði hérlendis þurfi Íbúðalánasjóður að minnka hlutdeild sína á markaðinum og einbeita sér alfarið að félagslegu hlutverki sínu. „Almenna starfsemin á að vera hjá bönkunum en það er sú leið sem hefur verið farin í löndunum í kringum okkur,“ segir Hjördís.

Hjördís þekkir engin dæmi þess að íbúðalánasjóður með ríkisábyrgð hafi jafn mikla hlutdeild á húsnæðislánamarkaði og hér.

„Eina dæmið er Husbanken í Noregi. Hann veitir svipaða þjónustu og Íbúðalánasjóður en hann gegnir einungis félagslegu hlutverki. Ég gerði rannsókn á þessu árið 2003 og þá var vægi Husbanken tólf prósent á markaði á meðan Íbúðalánasjóður er með nálægt helmingshlutdeild hérlendis,“ segir Hjördís.

„Árið 2006 var heildsölubanki mikið í umræðunni og þá var talað um að í gegnum hann gætu bankarnir fjármagnað sig. Ef sú leið hefði verið farin á þeim tíma þá væru aðstæður á húsnæðismarkaði í dag mun auðveldari,“ segir hún.

Hjördís telur að heildsölubanki sé ein besta leiðin til þess að markaðurinn virki sem best. **- as**



Vildarklúbbur
Fjórfaldir Vildarpunktar
Þeir sem versla hjá Olís 3.–6. júlí geta fengið fjórfalda Vildarpunkta Icelandair!
12 ferðavinningar:
4 x 120.000 punktar
4 x 84.000 punktar
4 x 42.000 punktar
Eldsneytisúttekt að verðmæti 300.000 kr.
Coleman-gasgrill að verðmæti 295.000 kr.
Daxara-kerra að verðmæti 200.000 kr.
Ævintýra-eyjan
Ævintýraeyjan í allt sumar
Taktu þátt í ferðaleik Olís, Ævintýraeyjunni, í sumar.
Það eina sem þú þarft að gera er að safna stimplum í Ævintýrakortið um leið og þú verslar hjá Olís.
Vertu með í allt sumar.
Allar nánari upplýsingar á www.olis.is
Fyrir hvern stimpil færðu afhentan glaðning!
Veglegir ferðavinningar í formi Vildarpunkta Icelandair verða dregnir út í þætti Hemma Gunn, Bylgjan á ferðalagi, á hverjum laugardegi í sumar.
BYLGJAN 989
Vildarklúbbur
olís
Við höldum með þér!
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Meint markaðshyggja ESB:

## Þegar svart verður hvítt

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Í stað þess að tala um stjórnmál á beinum ás frá hægri til vinstri segja margir að hægri-vinstri ásinn sé nánast hringur. Ástæðan er sú þeir sem eru yst á hvorum væng eru nánast sammála um útkomuna. Ágreiningurinn snýst um hugmyndafræðina þar á bak við.

Helsta dæmið um þetta í íslenskum stjórnmálum er andstaðan við aðild að Evrópusambandinu, þar sem hægri og vinstri menn sameinast í andstöðunni, gegn miðjunni. Fáir hafa þó gengið jafn langt og Ögmundur Jónasson alþingismaður gerði í gær og hvatt til þess að endurskoða aðild Íslands að samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Hægrimennirnir, sem og aðrir, hafa þó eflaust þurft að marglesa ástæðurnar sem Ögmundur gaf fyrir endurskoðuninni; að ríkjandi markaðshyggja innan Evrópusambandsins sé að brjóta hér allt niður sem heitir samfélag.

Á undanförnum áratugum hafa vestræn stjórnmál færst í átt til aukinnar markaðsvæðingar. Miðjan er ekki lengur á sama stað og hún var 1950 eða jafnvel 1980. Ástæðan fyrir því er margþætt. Hrun Sovétríkjanna á sinn þátt í að öfgarnar til vinstri þykja ekki lengur fýsilegar. Mun raunsærri skýring felst í vaxandi millistétt og þróun samfélaga úr framleiðslusamfélögum í þjónustusamfélög. Með þessari þróun breyttist hinn „venjulegi kjósandi" og þar með massi kjósenda í miðjunni sem stjórnmálaflokkar reyna að ná til. Að ná til fjöldans skiptir máli til að stjórnmálaflokkar geti haft áhrif. Þrátt fyrir að Evrópusamstarfið byggi meðal annars á frjálsu flæði viðskipta hefur það ekki haft slík afgerandi áhrif á þróun í átt að markaðsvæðingu samfélaga.

Áhugavert væri að heyra hvernig félagar Ögmundar í verkalýðshreyfingunni taka þessari analýsu hans á Evrópusambandinu. Í það minnsta kemst Ögmundur að sömu niðurstöðu og talsmenn nýfrjálshyggjunnar í Evrópu. Að endurskoða þurfi evrópska samstarfið vegna utanaðkomandi afskipta. Talsmönnum nýfrjálshyggjunnar finnast afskiptin hins vegar vera einum of sósíalísk þegar verið er að gefa út samevrópskar reglugerðir um vinnuvernd og neytendavernd. Reglur sem Íslendingar þurfa að gangast undir. Öruggt er að ekki er hægt að halda og sleppa í Evrópusamstarfinu þannig að eitthvert samstarf eigi sér stað án sameiginlegra reglna um frjáls viðskipti. Endurskoðun á því samstarfi sem við eigum væri því úrsögn úr Evrópska efnahagssvæðinu með öllum þeim kostum sem samstarfinu fylgja. Að minnsta kosti þarf mun nánari útlistun á skaðsemi samstarfsins til að hægt sé að taka þingmanninn alvarlega.

Hvað svo sem fólki finnst um niðurstöðu ESA um að almenn lán Íbúðalánasjóðs brjóti í bága við EES-samninginn, eru líklega langflestir á þeirri skoðun að samningurinn hafi mun fleiri kosti en ókosti. Jafnvel hörðustu andstæðingar ESB-aðildar, líkt og forsvarsmenn Heimssýnar, hafa ekki viljað úr Evrópusamstarfinu, eða endurskoða það. Samstarfið hefur gefið okkur, sem samfélagi, aukna möguleika til að fara og vinna, starfa og stunda viðskipti þar sem við viljum innan Evrópu. Leiðin áfram væri aukið samstarf, en ekki að taka skrefið til baka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einleikjahátíð XS

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra fara með rangt mál þegar hann segir að þingflokkur Samfylkingarinnar hafi lagt blessun sína yfir að framlengja viljayfirlýsingu um álver á Bakka. Össur hefur sagt að áður en viljayfirlýsingin var undirrituð hafi málið verið tekið upp á þingflokksfundi Samfylkingarinnar, að viðstöddum umhverfisráðherra, og enginn hreyft mótmælum. Þórunn segir hið rétta vera að engin ákvörðun hafi verið tekin um viljayfirlýsinguna á fundinum, heldur „rætt almennt um hvað væri í pípunum". Það getur vel verið. En gat Þórunn samt ekki mótmælt – svona á almennum nótum?

### Spjöld sögunnar

Garðar Örn Hinriksson knattspyrnudómari sló met á mánudag þegar hann gaf sitt níunda rauða spjald það sem af er leiktíðinni. Til hamingju með það. Í mörgum íþróttagreinum tíðkast að verðlauna afreksmenn með fallegum klæðnaði – kylfingar vinna til dæmis gyllta jakka og hjólreiðamenn snotrar treyjur. Hvað ef útbúinn væri glæsilegur serkur fyrir knattspyrnudómara sem skara fram úr – sérstakur spjaldkyrtill?



### Skýlaust brot

Geir H. Haarde forsætisráðherra heimsótti embætti ríkislögreglustjóra á þriðjudag og var heimsóknin afar vel heppnuð að mati Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra. Myndir frá heimsókninni bera líka með sér að andrúmsloftið hafi verið létt og afslappað – svo afslappað að enginn kippti sér upp við það þótt Sigríður B. Guðjónsdóttir aðstoðarríkisslögreglusstjóri klæddist silfurgráum, háhæluðum skóm með mjórri tá við einkennisbúninginn. Það er skýrt brot á reglugerð um einkennisfatnað lögreglumanna, sem kveður á um að skór skuli vera svartir og lágir.



bergsteinn@frettabladid.is

# Listin að vísa til vegar



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Gjaldeyrismál

Hvernig er bezt að vísa drukknum manni til dyra? Á að vísa honum á rangar dyr í þeirri von, að hann rambi þá á réttu dyrnar? Þetta er klassískur vandi í hagstjórn: ráðgjafinn þarf stundum að benda á krókaleiðir að settu marki, ef ráðþegarnir slaga. Þessi saga kemur í hugann nú, því að gamall vinur minn, grandvar embættismaður til margra ára, spurði mig um daginn, hvort einhverjir kynnu að telja það vitna um tvísögu að lýsa eftir auknum gjaldeyrisforða Seðlabankans eins og ég hef gert við og við frá 1999 og vara nú einnig við hættunni í því, að Seðlabankinn eyði auknum forða í vitleysu með því að reyna að verja gengi krónunnar eðlilegu falli.

### Að tíma ekki að tryggja fyrr en eftir á

Frá mínum bæjardyrum séð er ekki um neina tvísögu að tefla. Þegar ég lýsi eftir auknum gjaldeyrisforða, miða ég áskorunina við seðlabankastjórn, sem þekkir muninn á háu gengi og lágu. Hinn kosturinn hefði verið að horfa fram hjá of litlum forða, láta sem allt væri í góðu lagi og bíða gengisfalls. Síðari kosturinn hefði verið ótækur, þar eð gengisfall er iðulega eins og öngull í laginu: þegar gengið lætur undan, fellur það niður fyrir eðlilegt mark, stundum langt, og rís síðan aftur upp við dogg. Gjaldeyrisforðann þarf að nota til að jafna gengissveiflur og draga úr offalli gengisins, en ekki til að hamla gengisfalli, ef gjaldmiðilinn var of hátt skráður fyrir. Seðlabanki með of rýran gjaldeyrisforða er eins og húseigandi, sem tímir ekki að tryggja húsið sitt.

### Einkavæðing með rússnesku ívafi

Sami embættismaður sagði við mig: „Þú sakar Sjálfstæðisflokkinn með réttu um að gapa upp í brezka íhaldsmenn og bandaríska repúblikana og gleypa allt hrátt, en varst þú sjálfur ekki einn af þeim, sem á sínum tíma mæltu hvað mest fyrir skjótri einkavæðingu fyrir austan tjald og einnig hér heima?" Jú, ég kannast við það. Í skýrslu til viðskiptaráðherra (sjá bók mína Hagkvæmni og réttlæti, 1993, bls. 130-142) mælti ég með einkavæðingu með dreifðri eignaraðild og ýmsum öðrum varnöglum. Um þetta sagði ég (bls. 132): „Hér heima þarf að gæta þess vandlega ekki síður en þar austur frá að búa þannig um hnútana í löggjöf og leikreglum, að tryggt sé, að fáein fjársterk fyrirtæki eða einstaklingar geti ekki lagt undir sig banka og önnur fyrrverandi ríkisfyrirtæki og komið í veg fyrir heilbrigða samkeppni á lánamarkaði. Jafnframt þarf að tryggja það með tiltækum ráðum, að ríkisbankar og önnur ríkisfyrirtæki séu ekki seld þóknanlegum viðskiptavinum stjórnvalda við sérstökum vildarkjörum, það er undir eðlilegu markaðsverði, svo sem nokkur brögð hafa verið að í Austur-Evrópu." Ég gerði ráð fyrir stjórnvöldum, sem myndu ekki neyta lags til að maka krókinn og mylja undir einkavini sína og vandamenn.

Átti ég heldur að leggjast gegn einkavæðingu með öllu því óhagræði, sem fylgt hefði óbreyttum ríkisbankarekstri? – og bíða þess, að stjórnmálastéttin tæki tilskildum framförum. Nei. Ég lýsti heldur eftir heilbrigðri einkavæðingu og reyndi jafnharðan að vekja athygli á gallaðri framkvæmd hennar eftir því sem tilefni gáfust til. Þau reyndust ærin bæði í Austur-Evrópu og á Íslandi. Hæstiréttur felldi fyrir nokkru úrskurð þess efnis, að framkvæmd útboðs ríkisins á tæplega 40 prósenta hlut þess í Íslenskum aðalverktökum 2003 hafi verið ólögmæt. Fulltrúi utanríkisráðherra í framkvæmdanefnd um einkavæðingu og síðar formaður nefndarinnar sat báðum megin við borðið, þar eð hann var einnig formaður stjórnar Íslenskra aðalverktaka. En þrátt fyrir spillingarhættuna kom ekki til álita að leggjast gegn einkavæðingu, þegar færi gafst, ekki frekar en í Rússlandi og annars staðar um Austur-Evrópu, enda gerðu það fáir. Vladimír Pútín, forseti Rússlands 2000-2008, réðst gegn sérdrægninni og spillingunni, sem fylgdi einkavæðingunni þar austur frá, og beitti fyrir sig hlutdrægu dómskerfi og öðrum meðulum. Langflestum Rússum líkar það vel, öðrum miður.

### Börnin sitja í súpunni

Alþingi hefur heimilað fjármálaráðherra að taka stórt lán til að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans. Lánið nemur 6,3 milljónum króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu á Íslandi. Þetta er viðskilnaður ríkisvaldsins eftir uppsveifluna. Ríkissjóður hefði átt að skila drjúgum afgangi í uppsveiflunni og safna eignum, en hann gerði það ekki. Nú hefur ríkisstjórnin ekki önnur ráð en að taka eitt stórt lán. Lántaka ríkissjóðs er óbrigðul ávísun á skattheimtu síðar. Börnin okkar sitja í súpunni.

# Vandi fjölsmiðjunnar

**UMRÆÐAN**

Birkir Jón Jónsson skrifar um Fjölsmiðjuna í Kópavogi



BIRKIR JÓN JÓNSSON

Frá árinu 2001 hefur Fjölsmiðjan í Kópavogi sinnt fjölbreyttum hópi ungs fólks sem á það flest sammerkt að hafa ekki fundið sig í innan skólakerfisins. Í Fjölsmiðjunni eru fjölbreyttar starfsdeildir þar sem ungt fólk stundar atvinnu við ýmsar deildir, s.s. raf-, hönnunar-, trésmíða-, tölvu- og prentdeild.

Rúmlega 300 ungmenni hafa útskrifast frá Fjölsmiðjunni á tímabilinu og sýna kannanir að um 80% þess hóps fóta sig vel í lífinu í framhaldinu. Það er staðreynd að skólakerfið eins og það er í dag hentar ekki endilega öllum og því er Fjölsmiðjan mikilvægur þáttur í því að koma til móts við þarfir ungs fólks á Íslandi í dag. Fjölsmiðjan hefur orðið til þess að auka lífsgæði og möguleika rúmlega 300 einstaklinga á síðustu sjö árum. Það er út af fyrir sig ómetanlegt.

Staðan nú er hins vegar sú að sá húsakostur sem Fjölsmiðjan býr við er með öllu óviðunandi. Um er að ræða húsnæði sem er á undanþágu vegna brunavarna og í ákveðnum vindáttum er húsið hriplekt. Ég er þess fullviss að ekkert foreldri myndi sætta sig við að senda barnið sitt í grunn- eða framhaldsskóla sem væri starfræktur við slíkar aðstæður. Þá er nærtækt að spyrja sig, eru þeir einstaklingar sem stunda sitt starfstengda nám við Fjölsmiðjuna eitthvað síðri en nemendur í grunn- eða framhaldsskólum almennt? Að sjálfsögðu er svo ekki og því er stórundarlegt að nú standi einvörðungu á ríkisstjórninni að bæta þar úr. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa boðist til að greiða hluta af nýju húsnæði en svo mánuðum skiptir hefur ríkisstjórnin ekki gefið afdráttarlaust svar um hvort eða hvernig hún muni koma að kostnaðarþátttöku.

Ég spurði Jóhönnu Sigurðardóttur út í húsnæðismál Fjölsmiðjunnar á Alþingi fyrr á þessu ári og lýsti hún því yfir að þessi mál væru til skoðunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Nú heyri ég sagt að málið standi fast í fjármálaráðuneytinu. Það er algjörlega óviðunandi að starfsfólk Fjölsmiðjunnar þurfi að bíða svo mánuðum skiptir eftir svörum frá stjórnvöldum. Ég vona innilega að ríkisstjórnin reki nú af sér slyðruorðið og leysi húsnæðisvanda Fjölsmiðjunnar í Kópavogi.

*Höfundur er alþingismaður.*


THE NORTH FACE
THE NORTH FACE
// Stærsta útivistarmerki í heimi
// Sniðið að íslenskum aðstæðum
// Fæst í miklu úrvali í Útilíf
Þú getur treyst North Face útivistarvörum.
Veðrið er aukaatriði, rétti búnaðurinn er aðalatriði og hann færðu hjá okkur.
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42921 07/08
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# Álver á Bakka og jarðvarmavirkjanir á Norðausturlandi

UMRÆÐAN
Friðrik Sophusson skrifar um virkjanir


FRIÐRIK SOPHUSSON

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið að undirbúningi álvers við Húsavík. Hugmyndin nýtur mikils stuðnings heimamanna og góð sátt virðist ríkja á Norðurlandi um staðarvalið. Húsvíkingar líta eðlilega til Fjarðabyggðar, en álverið þar hefur styrkt byggðina og bætt lífskjörin.

Nýlega voru endurnýjaðar viljayfirlýsingar um undirbúninginn, þar sem Alcoa, Landsvirkjun, íslenska ríkið og sveitarfélögin ákveða að vinna að tilteknum verkefnum til að fá úr því skorið hvort hagkvæmt sé að reisa og reka álverið. Alcoa vinnur að umhverfismati fyrir álver og Landsvirkjun kannar hvort nægileg orka sé fyrir hendi á nálægum háhitasvæðum.

Þau háhitasvæði sem verið er að rannsaka eru Bjarnarflag, Krafla, Gjástykki og Þeistareykir. Um síðastnefnda svæðið hefur verið stofnað hlutafélag í eigu Orkuveitu Húsavíkur, Norðurorku, Landsvirkjunar og landeigenda. Vonast er til að rannsóknir leiði í ljós í lok næsta árs að nægileg orka sé fyrir hendi á svæðinu til að knýja álver, sem geti framleitt 250 þúsund tonn á ári.

Rannsóknir á háhitasvæðum eru dýrar. Alcoa hefur samþykkt að taka þátt í þeim kostnaði og tekur þannig fjárhagslega áhættu með Landsvirkjun. Jafnframt tekur Alcoa þátt í rannsóknarkostnaði íslenska djúpborunarverkefnisins en tilgangur þess er að þróa aðferð til að margfalda orkugetuna með því að bora mun dýpra og vinna orku úr meiri jarðhita en áður hefur verið gert.

Finnist meiri nýtanlegur jarðvarmi á fyrrgreindum háhitasvæðum og skili djúpborunarverkefnið tilætluðum árangri getur Alcoa nýtt hluta þeirrar orku til að stækka álverið í 330-350 þúsund tonn, sem er talin æskileg stærð álvers í dag.

*Álver leysir þó ekki allan vanda á Húsavík fremur en annars staðar. Starfræksla þess getur hins vegar orðið sú kjölfesta, sem þarf að vera fyrir hendi til að íbúarnir geti snúið vörn í sókn...*

Álver á Bakka við Húsavík verður án alls vafa lyftistöng fyrir héraðið. Störfum við fiskveiðar og fiskvinnslu hefur fækkað á undanförnum árum vegna hagræðingar og minni aflakvóta. Álver leysir þó ekki allan vanda á Húsavík fremur en annars staðar. Starfræksla þess getur hins vegar orðið sú kjölfesta, sem þarf að vera fyrir hendi til að íbúarnir geti snúið vörn í sókn og aukið fjölbreytni í atvinnu- og menningarlífi á svæðinu.

Álver á Bakka veitir fjölda manns góð laun með beinum hætti en einnig verða til ýmiss konar þjónustustörf. Starfsemi þess gefur Landsvirkjun tækifæri til að flytja út raforku. Aukinn útflutningur styrkir stoðir efnahagslífsins. Með því að nýta þann auð sem býr í endurnýjanlegri orku landsins leggjum við þannig grunn að þeim lífskjörum, sem þjóðin vill búa við.

*Höfundur er forstjóri Landsvirkjunar.*

# Óvönduð stjórnsýsla Háskólans á Bifröst

UMRÆÐAN
Einar Hugi Bjarnason skrifar um brottrekstrarmál


EINAR HUGI BJARNASON

Þann 23. júní sl. féll athyglisverður úrskurður áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema í máli nr. 3/2008. Undirritaður gætti hagsmuna kæranda málsins sem snerist um brottrekstur hans úr námi frá Háskólanum á Bifröst.

Upphaf málsins má rekja til þess þegar húsleit var gerð í nemendaíbúðum þriggja nemenda við Háskólann á Bifröst þann 28. febrúar 2008. Um var að ræða umfangsmikla, samræmda lögregluaðgerð, gerða í samráði við háskólayfirvöld, þar sem lögregla réðist til inngöngu í híbýli nemendanna með vopnaða sérsveitarmenn og leitarhunda sér til fulltingis. Eftirtekja þessarar viðamiklu rannsóknaraðgerðar var rýr. Í nemendaíbúð kæranda fannst lítilræði af ætluðum fíkniefnum sem kærandi kannaðist ekki við.

Strax að kvöldi húsleitarinnar komst málið í hámæli í fjölmiðlum þar sem umræddir nemendur voru nafngreindir og mynd birt af einum þeirra í DV. Það er óhætt að fullyrða að ekki hafi farið fram viðamikil rannsókn af hálfu háskólayfirvalda á aðild kæranda að málinu því strax morguninn eftir vísaði rektor honum úr skóla og gerði honum að rýma íbúð sína.

Viku síðar eða þann 5. mars 2008 kom háskólaráð Háskólans á Bifröst saman. Á þeim fundi gerði kærandi háskólaráði grein fyrir því að deginum áður hefði samnemandi hans mætt á lögreglustöðina í Borgarnesi að eigin frumkvæði og viðurkennt að hafa átt þau fíkniefni sem fundust við húsleitina. Þessari staðreynd var enginn gaumur gefinn af hálfu nefndarmanna því síðar sama dag staðfesti háskólaráð fyrri ákvörðun rektors.

Í framhaldi af ákvörðun háskólaráðs kærði skjólstæðingur minn brottreksturinn til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema. Skemmst er frá því að segja að áfrýjunarnefndin felldi ákvörðunina úr gildi með úrskurði 23. júní sl. Að mati undirritaðs er það einkum tvennt sem athygli vekur í úrskurðinum.

Í fyrsta lagi tekur nefndin af öll tvímæli um að einkaháskólum, eins og Háskólanum á Bifröst, beri að fara að meginreglum stjórnsýsluréttar þegar teknar eru ákvarðanir um réttindi og/eða skyldur nemenda við skólann. Í öðru lagi er úrskurðurinn ótvíræður áfellisdómur yfir þeim vinnubrögðum sem háskólayfirvöld beittu í málinu, enda var niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar sú að brotið hafi verið gegn rannsóknarreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar við meðferð málsins.

Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar er tekið fram að þegar ákvörðun háskólaráðs var tekin, hafi rannsókn lögreglu vart verið hafin og ekki hafi verið tekin eiginleg lögregluskýrsla af kæranda. Jafnframt er á það bent að deginum áður en ákvörðunin var tekin hafi samnemandi kæranda gefið skýrslu hjá lögreglu og viðurkennt að eiga þau fíkniefni sem fundust í íbúð kæranda. Því verði ekki annað séð en að háskólaráð hafi vart mátt byggja ákvörðun sína á því að kærandi hafi brotið lög. Að mati nefndarinnar hefði þurft að rannsaka aðild kæranda að málinu betur áður en ákvörðun um brottvísun úr skóla var tekin og beita þá vægari úrræðum en því sem var mest íþyngjandi fyrir kæranda, hafi skólinn talið ástæðu til að grípa til viðurlaga gagnvart kæranda.

*Ákvörðunin sem nú hefur verið felld úr gildi var gríðarlega íþyngjandi fyrir kæranda og kippti fótunum undan ungum manni sem hafði miðað allar sínar framtíðaráætlanir við það að ljúka námi við Háskólann á Bifröst.*

Ákvörðunin sem nú hefur verið felld úr gildi var gríðarlega íþyngjandi fyrir kæranda og kippti fótunum undan ungum manni sem hafði miðað allar sínar framtíðaráætlanir við það að ljúka námi við Háskólann á Bifröst. Kærandi varð auk þess fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna brottvísunarinnar svo ekki sé minnst á þá andlegu erfiðleika sem hann og fjölskylda hans hafa þurft að glíma við í kjölfarið.

Nú er staða umbjóðanda míns sú að ákvörðun háskólaráðs hefur verið felld úr gildi en kennslu og prófum á vormisseri er jafnframt lokið. Það erfiða verkefni bíður nú kæranda að endurheimta mannorð sitt og vinna traust ættingja og vina. Kærandi getur eðli máls samkvæmt ekki hugsað sér að hefja nám að nýju við Háskólann á Bifröst og lái honum það hver sem vill. Hann hefur því eytt miklum tíma og fjármunum í nám sem hann sér ekki fram á að geta lokið. Þetta mál sannar hið fornkveðna að kapp er best með forsjá og mikilvægi þess að þeim sem falin er stjórn menntastofnana haldi sig innan þeirra valdheimilda sem markaðar eru í lögum.

*Höfundur er lögmaður hjá ERGO lögmönnum.*





VARÚÐ – GAS!

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur útbúið miða til að merkja húsnæði þar sem gaskútar til heimilisnota eru geymdir. Komi upp eldur er mikilvægt að slökkviliðsmenn geti áttað sig á hvort gaskútar eru í húsnæðinu því af þeim getur stafað mikil sprengihætta.

**Dreifing miðanna fer fram í samvinnu við bensínstöðvar og verslanir sem selja gas og búnað vegna þess. Unnt er að fá eins marga miða og þörf krefur.**

SHS hvetur þá sem geyma gaskúta innan dyra til að nota límmiðana samkvæmt leiðbeiningum í bæklingi sem fylgir þeim.

Í bæklingnum er einnig að finna áríðandi skilaboð um gas og meðferð þess.

**Ráðgjöf og nánari upplýsingar**
Forvarnasvið SHS veitir fúslega ráðgjöf og upplýsingar í gegnum síma eða tölvupóst. Ítarlegar upplýsingar er einnig að finna á www.shs.is.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógarhlíð 14 · 105 Reykjavík
sími 528 3000 · shs@shs.is · www.shs.is

# alltaf BETRI tilboð




5 diska sett

**2.989 kr.**













Nýtt á DVD

**1.989 kr.**

Verð á hverjum disk.













Áður útgefið á DVD

**1.489 kr.**

Verð á hverjum disk.

Full HD 1080p V-Real Pro 2

**Panasonic TX37LZD70F**

37" V-Real Pro 2 LCD breiðtjald • Full HD 1080p • 1920x1080 p.uppl. • V-Real Pro 2 Engine tækni • HD Ready • Progressive Scan • Innb. digital DVB-T mótt. • Skerpa: 8.500:1 • VIERA Link • SDHC kortalesari innb. • 20w Nicam Stereó með V-Audio • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartt. • Textavarp ofl.

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 | | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI





FRÍ HEIMSENDING
FRÍ SAMSETNING
á öllum grillum hjá MAX

## 5kg þvottavél Þvotthæfni A

**Beko WMD25100T**
1000 snúninga og 5kg þvottavél • Vinding 500 og 1000 snúninga • Hitastillir 30-90° • Hurðaropnun 30sm • Ullarkerfi, skolstopp og hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni C • Stærð (bxhxd): 60x85x60 sm

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~59.989~~

BroilMate

**Broil Mate13863**
11.4kW / 48,000 BTU Dual H brennari úr ryðfríu stáli • Postulínhúðaðar járngrindur • Postulính. Flav-R-Wave kerfi • Accu-Temp hitamælir • Lineral Flow gas ventlar • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi

**24.989 kr.**
Fullt verð ~~29.989~~

## Pottar og pönnur
## Mikið úrval



**20% afsláttur**

## Fyrir blautt og þurrt



**Exido 240114**
Handryksuga • Fyrir bæði blautt og þurrt • 12v NiMH hleðslurafhlaða • Sér hleðslutæki • 90w sogkraftur • 18 tíma hleðsla endist í allt að 16 mínútur

**2.989 kr.**
Fullt verð ~~4.489~~



## Þráðlaus barnapía

**Philips SCD496**
Þráðlaus DECT barnapía • Stafræn DECT sending • Sýnir hljóðstyrk með ljósum • Dregur allt að 300m • Tal á milli tækja • Hægt að nota rafhlöður • Tveir spennugjafar fylgja

**7.989 kr.**
Fullt verð ~~10.989~~



## 110 lítra frystikista

**Scancool SB115**
110 lítra frystikista • Orkunýting C • Frystigeta 6.5kg á sólarhring • Mál (hxbxd): 86x55x58 sm

**22.989 kr.**
Fullt verð ~~27.989~~



## 5kg tvíátta þurrkari

**Whirlpool AWZ320**
Tvíátta þurrkari • Fyrir barka • Tekur 5kg • 2 hitastig • Kaldur blástur og krumpuvörn • Íslenskur leiðarvísir fylgir • Mál (bxhxd): 60x85x54,6sm

**39.989 kr.**
Fullt verð ~~49.989~~

## Tvöfaldur kæliskápur
### Evrópsk dýpt

**Whirlpool 20RUD3**
178sm Amerískur ísskápur • 490 lítra - 335L kælir, 155L frystir • Total No Frost - hljóð: 45dB • Orkunýting A+ • 4 glerhillur og 3 skúffur í kæli • Kalt vatn, klakar og ískurl úr hurð • Rafeindastýring - sjálfvirk afþýðing • Filter sem eyðir bakteríum og lykt • Frystigeta: 12kg á dag • Mál (hxbxd): 178x90,2x70,9 • (Dýpt án hurða: 60sm)

## Kalt vatn, klakar og ískurl úr hurð

**199.989 kr.**
Fullt verð ~~249.989~~



MAX RAFTÆKI

## Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 9. 07. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.



**GEGNSÆTT Í TÍSKU**

Nóg sést af beru holdi þetta sumarið þar sem hátískuflíkurnar eru margar hverjar hálfgegnsæjar.

TÍSKA 2



**SUMAR Í ELDHÚSINU**

Litríkur borðbúnaður getur svo sannarlega lífgað upp á sumarveislurnar.

HEIMILI 4











Forvitnir geta komið og litið á Jóhannes í þessum forláta dansskóm á salsakvöldi á Sólon næstkomandi mánudagskvöld. Dansgólfið er opið fyrir alla og hefst með ókeypis byrjendakennslu klukkan átta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Létta lífið á dansgólfinu

***Jóhannes Þorleiksson, verkfræðinemi og trompetleikari, heldur mikið upp á æfingadansskó sem hann fann sér á netinu.***

„Ég er búinn að sprikla á þessum skóm salsa, boogie woogie og lindy hop. Þeir hafa reynst mér ákaflega vel og gert lífið mitt talsvert auðveldara á dansgólfinu," segir Jóhannes um eftirlætis fatnaðinn sinn sem eru æfingadansskór frá merkinu Bloch. „Skórnir eru nokkurra mánaða gamlir og ég er rosalega hamingjusamur með þá. Ég tók þá áhættu að panta þá af netinu en svo voru skórnir of litlir og ég var mjög sorgmæddur yfir því. Ég sendi póst og spurði hvort ég gæti sent skóna til baka og fengið stærri og það var ekkert mál svo nú er ég hamingjusamur maður."

Jóhannes er stór maður. Hann er tveir metrar á hæð og notar skóstærð númer 47. „Ég er ekkert afbrigðilegur. Ef ég væri 1,60 á hæð og með svona fætur þá væri ég eins og L í laginu, en ég er stór svo þetta er alveg eðlilegt," segir Jóhannes hlæjandi en bætir því við að fatakaup geti stundum orðið erfið. „Þetta getur verið dálítið pirrandi. Yfirleitt þegar maður finnur einhverja skó sem eru flottir og manni líst vel á, þá eru þeir ekki til í stærðinni manns. Skórnir hér á landi ná oftast upp í 46 þannig að ég er einu númeri frá."

Jóhannes kveðst ekki vera mikill tískukall en á þó heilt safn af bindum. „Ég klæðist oft jakkafötum þar sem ég er tónlistarmaður og þarf því að eiga mörg bindi." Jóhannes erfði bindi frá afa sínum en hefur einnig keypt mörg þeirra í útlöndum, Herrahúsinu og Sævari Karli. „Þeir í Sævari Karli eru alltaf rosa vinalegir við svona stóra menn eins og mig, þar get ég til dæmis fengið „long" skyrtur og svona. Fólk býst nefnilega yfirleitt við því að þegar fólk stækkar þá fitni það bara, það reiknar ekki mikið með því að hendurnar lengist. En það er fullt af búðum með „long" fatnað svo ég er ekki alveg á flæðiskeri staddur," segir Jóhannes brosandi.

mariathora@frettabladid.is






**Hárbönd** geta sett mikinn svip á látlausan klæðnað. Á sólríkum dögum er gaman að vera í fallegum sumarlegum fötum með litríkt hárband sem lífgar upp á klæðnaðinn.








Anna Molinari.



A.F. Vandevorst.



BCBG Max Azaria.



Derek Lam.

Alessandro Dell'Acquai.

Louis Vuitton.

Chloé.

Jill Stuart.

# Gegnsætt sumar

***Hönnuðirnir voru ófeimnir við að klæða fyrirsæturnar í gegnsæ föt á sumartískusýningunum.***

Nóg sést af beru holdi þetta sumarið þar sem flíkurnar eru margar hverjar hálfgegnsæjar. Hönnuðirnir splæstu saman gegnsæjum efnisbútum hér og þar, vinsælt var að sæist í gegnum ermar eða bak en aðrir gengu enn lengra og höfðu heilu flíkurnar gegnsæjar. *mariathora@frettabladid.is*





















**Vatn** er án efa hollasti svaladrykkurinn. Vatn er líkamanum lífsnauðsynlegt og við getum ekki lifað án þess nema í nokkra daga. Við fáum vatn úr kjöti, fiski, grænmeti og öðrum matvælum en mest fáum við úr drykkjum.


Löng sólböð geta verið varasöm.

# Sjálfsskoðun nauðsynleg

***Nú þegar sumarið er komið og sólin hækkar á lofti flykkist fólk út til að ná í sem flesta sólargeisla. Ein helsta orsök sortuæxlis er sólin, því er nauðsynlegt að fara varlega.***

Á árunum 2001-2005 greindust 166 manns með sortuæxli hér á landi meðan á árunum 1956-1960 greindust átta tilfelli. Aukningin er því gífurleg.

Sortuæxli er litfrumukrabbamein en litfrumur gefa húðinni lit eftir sólargeislun. Fæðingarblettir sem eru óreglulegir eiga þátt í myndun sortuæxla og þarf fólk með óreglulega fæðingarbletti að fylgjast vel með sínum blettum.

Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, segir að helsta ástæða fleiri tilfella sortuæxla sé aukin vera í sól og notkun ljósabekkja. „Þegar haldið er í sólina er nauðsynlegt að hlífa sér vel með fatnaði og nota sterka sólarvörn," segir Guðrún um hvernig fyrirbyggja megi sortuæxli.

Spurð um hvernig fólk eigi að haga blettaskoðun segir hún að besta ráðið sé að þekkja sinn eigin líkama. „Þegar farið er í bað er gott að taka spegil og skoða líkamann og fá hjálp til að skoða þá staði sem erfitt er að sjá, eins og bakið og leita til læknis ef eitthvað grunsamlegt finnst."

Á heimasíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is má finna upplýsingar um hvað þarf að hafa í huga við sjálfsskoðun.

*sigridurp@frettabladid.is*


Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, segir nauðsynlegt að við þekkjum okkar eigin líkama.
FRETTABLAÐIÐ/ANTON

## MÁNAÐARLEG SJÁLFSSKOÐUN:

Gott er fyrir manneskjur að skoða líkamann einu sinni í mánuði og leita eftir breytingum.

1. Skoðið húðina framan og aftan á líkamanum og síðan til hliðanna með handleggina upprétta.
2. Skoðið fótleggina aftanverða og fæturna, iljarnar og milli tánna.
3. Skoðið hálsinn og hársvörðinn
4. Skoðið bak og þjóhnappa.

Þeir sem hafa óreglulega fæðingarbletti, sérstaklega ef sortuæxli er í ættinni, fá fremur sortuæxli en aðrir. Einnig eiga þeir sem fengið hafa eitt sortuæxli meiri hættu á að fá annað. Mikilvægt er að þetta fólk sé skoðað reglulega.

Greining á óreglulegum fæðingarblettum byggist á læknisskoðun, sem er staðfest með sýnatöku og vefjarannsókn. Þess vegna er mikilvægt að fara til læknis ef fram koma breytingar á húð, eins og blettir sem stækka, eru mjög dökkir eða breyta um lit.








Betri heilsa
Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?
svæðanudd gæti hjálpað þér
Ásta svæðanuddari
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367

STÓRÚTSALA
Fallegir jakkar • Úlpur • Kápur
20-70%
afsláttur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518






**Gólfmottur** eru nauðsynlegar í forstofum heimila. Þegar fólk kemur inn að utan fylgir því skítur sem þarf að þurrka. Til eru ýmsar gerðir af fallegum gólfmottum sem hægt er að kaupa fyrir heimilið.


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


# Litríkur borðbúnaður fyrir sumarveislurnar

***Í sumar er gaman að eiga litríkan og frísklegan borðbúnað.***

Ef fólk býr ekki svo vel að eiga þess háttar muni í eldhúsinu er gott að skella sér í leiðangur um bæinn í þeim tilgangi að leita uppi allt það líflegasta sem finna má í skápana. Hér á síðunni má sjá sitthvað sem prýtt getur eldhúsborðið yfir sumartímann. Þegar litrík og frískleg áhöld hafa ratað inn á heimilið er um að gera að bjóða til sumarlegrar veislu.

*martaf@frettabladid.is*



Ný sumarlína frá Koziol. Hægt er að fá línuna í þremur mismunandi litum. Glas, kanna og bakki frá Duka, samtals 6.590 kr.



Lífleg glös sem eru úr sumarlínu BodaNova. Glasahólkur með fjórum glösum úr Duka kostar 3.800 kr.



Tómatdiskur sem er fullkominn í sumarveislur. Fæst í Eggi á 1.990 kr.



Eftir litríkan kvöldverð er hægt að drekka te úr litríku teglasi frá Eggi. Kosta 1.499 kr.



Höganäs-skálarnar er hægt að fá í kringlóttu, ferhyrndu og þríhyrndu. Fást í Duka og kosta frá 1.150 kr.



Litríkt bollastell úr Bunzlau-línu Borðs fyrir tvo og kostar 1.690 kr.



Sumarlegur súpudiskur úr pólska stellinu sem fæst í Borði fyrir tvo á 1.990 kr.


BYLGJAN BER AF




Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 26. apríl til 25. maí 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

allt matur
Alla föstudaga

– ekki bara grill!



weber



XEINN JG EBG 5x8 02

**Sölustaðir:** Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is

**Bílpróf** er nokkuð sem margir hlakka til að fá. Áður en bílprófið er tekið er gott að æfa sig á ýmsum atriðum sem tengjast umferðinni. Á síðum tryggingafélaganna er hægt að taka bílpróf á netinu til að fara yfir atriði sem eru óljós.





Framtíðarmarkmið bílaframleiðandans Mazda eru skýr og hljóða upp á meiri sparneytni og umhverfisvernd.

# Aukin sparneytni

*Á næstu árum ætlar bílaframleiðandinn Mazda að verða grænni og léttari.*

Mazda hefur sett sér það að markmiði að draga úr eldsneytisnotkun bifreiða sinna um þrjátíu prósent fram til ársins 2015. Í þessu sjö ára markmiði Mazda felast margar tækninýjungar og fram á sjónarsviðið munu koma ný og vistvæn hráefni við framleiðsluferlið.

Helstu breytingar verða þær að allir Mazda-bílarnir verða 100 kílóum léttari en þeir eru í dag og vélarnar vistvænni. Með því að létta bifreiðarnar dregur sjálfkrafa úr eyðslu og eykst þá kraftur þeirra og úthald. Þessi aðgerð felur meðal annars í sér að létt hráefni á borð við visthæft plast, verður framleitt á næstu árum og notað í bílana til að létta þá.

Þriggja laga málningarsprautukerfið er eitt af því sem mun létta bifreiðarnar og gera þær vistvænni. Þessi aðferð dregur einnig úr útblástursmengun í framleiðsluferlinu. Nýtt lausagangsstöðvunarkerfi mun minnka eldsneytisnotkun við gangsetningu um sjö til átta prósent og nýjar E85-vélar og dísilvélar, munu auka sparneytnina um tuttugu prósent.

Svona aðgerðir er Mazda ekki að fara út í í fyrsta skipti því á undanförnum sjö árum bættu þeir sparneytni bíla sinna á Japansmarkaði, einnig um þrjátíu prósent. Því verður gaman að fylgjast með hvernig tekst til með þetta langtímamarkmið Mazda.

*- mmr*

## Citroën-braggi lifir

NÝR HUGMYNDABÍLL HEFUR VERIÐ HANNAÐUR AF PAOLO MARTIN SEM KALLAST CITROËN 2CV.

Skemmtilegt þykir að nýi hugmyndabíllinn frá Citroën ber sama nafn og gamli góði bragginn sem var hannaður af Flaminio Bertoni og framleiddur á árunum 1949 til 1990. Hugmyndabíllinn byggir á sama grunni og Citroën C4 en innri hönnun og þægindi standast nútíma kröfur.

Árið 1936 var Flaminio Bertoni, sem vann sem hönnuður hjá Citroën, falið það verkefni að hanna ódýran bíl sem átti að þjóna frönsku sveitafólki. Sá bíll átti að geta rúmað fjórar manneskjur og sextíu kíló af farangri. Vélin sjálf átti að búa yfir 375 cc slagrými. Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar var endanleg útgáfa bílsins tilbúin og síðan þá hafa hátt í tíu milljónir eintaka af Citroën 2CV verið seldar.

Paolo Martin reyndi eftir bestu getu að ná fram svipuðum stíl í nýja hugmyndabílnum og í gamla bragganum. Einnig var reynt að bæta við nútímalegum þægindum og tækni. Paolo Martin segir sjálfur að hugmyndin sé byggð á gamla óaðlaðandi bragganum, sem var frábær bíll, en nýi hugmyndabíllinn sé hannaður án takmarkana og ytri áhrifa. Einföld ljós sem svipar til hönnunar á fyrstu frumgerð 2CV árið 1936 eru á nýja hugmyndabílnum.

*- mmr*




Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF





MOTHERS
Polishes•Waxes•Cleaners
Bón og bílhreinsivörur
Opnunartími
Mán - Föst. 10-18
Laugardaga 11-14
BÓNVAL
Súðavogi 32, 104 Reykjavík S: 557 6460





ÍS-BAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR
Funahöfða 1 • Sími 534 4433 • 110 Reykjavík
is-band@isband.is
www.isband.is
Opið
mán. til fös. kl 10-18:30




# í sumarskapi

FIMMTUDAGUR 3. JÚLÍ 2008

Rómantísk afdrep

**Um landið allt**

BLS. 4





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Áhersla er lögð á útiveru í sumarbúðum fyrir fatlaða og er vinsælt að fara á bátum út á Laugavatnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja fá allan pakkann

Sumarbúðir fyrir fatlaða hafa verið starfræktar á Laugarvatni í 22 ár. Vinsældir þeirra aukast stöðugt en í ár sækja þær 100 manns.

„Ég held að það sé ekki hægt að hugsa sér betri stað en Laugarvatn. Við köllum þetta paradísina," segir Jóhann Arnarson, íþróttakennari og annar forstöðumanna sumarbúða fatlaðra, sem Íþróttasamband fatlaðra hefur rekið á Laugarvatni frá árinu 1986 og njóta vaxandi vinsælda.

„Sumarbúðirnar eru opnar öllum fötluðum einstaklingum á Íslandi. Aldursdreifingin í ár er frá fimmtán ára og upp úr; sú elsta átti einmitt afmæli í gær og er 52 ára. Við höfum samt alveg verið með eldra fólk, aldur skiptir ekki máli í svona sumarbúðum, bara að fólk komi hingað til að hafa það gaman."

Í ár eru samtals 100 einstaklingar sem koma í sumarbúðirnar, sem skiptast í tvö vikunámskeið hvort á eftir öðru. „Það er að færast í vöxt að einstaklingar séu báðar vikurnar. Þetta árið er til dæmis rúmlega helmingurinn sem tekur bæði námskeiðin. Fólki finnst svo gaman að það vill bara fá allan pakkann," segir Jóhann.

Sumarnámskeið fyrir fatlaða krefjast mikils mannskaps og eru ellefu starfsmenn í búðunum. „Hér eru starfandi átta íþróttakennarar og þrír aðstoðarmenn fyrir utan fyrir þá sem þurfa mestu umönnunina."

Á námskeiðinu er fjölbreytt dagskrá sem fer mestmegnis fram utandyra. „Við erum fyrst og síðast að reyna að höfða til útiverunnar svo fólk fái sem mest af fersku súrefni í lungun. Hér er farið á báta, hestbak, í ævintýraferðir, sund og fjölþraut þar sem keppt er til dæmis í spretthlaupi og langstökki. Einnig förum við í hópefli, en það eru samvinnuleikir þar sem fólk fær aðeins að glíma hvert við annað. Fólk er svo vant að vera hvert í sínum heimi að við leyfum þeim aðeins að tuskast saman í þessu leikjum."

Mikil ánægja er með sumarbúðirnar bæði meðal starfsmanna og þátttakenda. „Hér höfum við allt til alls. Eina sem hægt er að setja út á er flugan, annars er þetta pottþétt." *- mþþ*

# Siglingum fylgir ólýsanleg tilfinning

Skútuáhugamenn draga fram seglskútur sínar á sumrin og nýta hvert færi til að sigla. Þá sjást oft litrík segl líða eftir sundunum fyrir utan Reykjavík.

„Sumir segja að tilfinningin við að stýra skútu sé alveg ólýsanleg. Það að líða hljóðlaust áfram með náttúruöflunum," segir Baldvin Björgvinsson, sem hefur verið skútuskipstjóri í rúmlega þrjátíu ár, og bætir við að skútusiglingar séu með elstu keppnisíþróttum í heimi.



Baldvin Björvinsson hefur siglt í rúmlega 30 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Aðspurður um fjölda þeirra sem stunda skútusiglingar hérlendis segir hann erfitt að svara því. „Líklega eru einhverjir hundruð innanlands. Hægt og rólega fjölgar þeim." Hann bætir við að hér fari keppnir fram á hverjum einasta þriðjudegi í Reykjavík, sem hefjast klukkan 19, og svo séu stærri keppnir haldnar um það bil aðra hverja helgi yfir sumarið, en allar nánari upplýsingar um þær er að finna á heimasíðu Siglingasambands Íslands, www.silsport.is.

Baldvin segir jafnframt marga Íslendinga kjósa að sigla erlendis. „Þeir leigja sér skútu, bæði í Miðjarðarhafinu og Adríahafinu, og sigla þar um." Sjálfur hefur hann siglt ásamt öðrum utan Íslands. „Við tókum eina keppni frá Frakklandi til Íslands og aftur til baka árið 2000. Það var alveg frábært. Þessi keppni fer aftur fram næsta sumar."

Baldvin segist reyndar ekki eiga skútu í augnablikinu. „Ég var bara búinn að vinna allar keppnir síðastliðin þrjú sumur og vantaði tilbreytingu. Ég er þó ekki hættur þótt ég eigi ekki skútu og hef siglt með öðrum í sumar. Ég er að bíða eftir því að kaupa mér nýja. Það verður þó einhver bið á því. Ég kaupi skútuna að utan í evrum." *- mmf*



Í miðju hrauni með útsýn yfir undraheim og kynjamyndir Bláa lónsins leynist veitingastaðurinn Lava. Þar má deila í ástarbríma unaðslegum sælkeramáltíðum og ekki ónýtt eftir heit faðmlög í bláma lónsins áður. Tekið er við matarpöntunum öll kvöld til klukkan 21.

MYND/RAFN SIGURBJÖRNSSON



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elskendur verða í engu sviknir að skunda austur í Þingvallasveit þegar Ármannsfellið er fagurblátt. Þingvellir eru á heimsminjaskrá vegna sögu sinnar, jarðfræði og náttúrufegurðar og ógleymanlegt að eiga kvöldstund við gnægtaborð Hótel Valhallar meðan himbriminn kvakar hátt úti á vatninu. Veitingahúsið er opið alla daga frá 10 til 22.

# Rómantísk sumarkvöld

**Á heimsvísu eru íslensku sumarkvöldin sennilega þau rómantískustu á hnettinum og synd að missa af töfrum þeirra.**

Auðvelt er að verða ástinni að bráð þegar tær blámi kvöldaftans skákar fegurstu listaverkum veraldar, fuglasöngur dásamar tilveruna og angan af birki og blómum fyllir vitin í seiðandi birtu sumarnætur. Þá geymir íslensk náttúra töfra og ævintýr í hverjum steini, strái og lænu, og eilítil svik að fara á mis við þá dásemd og halda of snemma til hvílu. Björt sumarkvöld eru í senn fá og dýrmæt, og fátt eins ástvekjandi og stutt sveitaferð þar sem á leiðarenda er sest til borðs með sælkeramat í útsýnisfæri sem vekur andvörp og geðhræringu af undrun og þjóðarstolti. Hér gefast hugmyndir að rómantískum kvöldbíltúrum fyrir ástfangna, en alltaf er vissara að panta borð í tíma. *- þlg*



Hvalfjörður laðar að rómantískar sálir, enda náttúrufegurð mikil. Á Hótel Glym er vinsæll veitingastaður fyrir lífsins sælkera og hægt að slá þrjár flugur í einu höggi; fara í heita potta undir berum himni, fá slökunarnudd og ganga um náttúru í kring. Veitingahúsið er opið öll kvöld til 22. MYND/PÁLMI EINARSSON



Unaðsgóður humar úr merlandi sumarhafi er lostavekjandi máltíð í Fjöruborðinu sem stendur við strönd Stokkseyrar þar sem ölduniður leikur undirspil yfir diskum. Hægt að panta dásemdir á diska til klukkan 21 sunnudaga til fimmtudags, og 22 um helgar. MYND/JÓN T. JÓNSSON



Í jaðri Þrastarskógar í Grímsnesi stendur veitingahúsið Þrastarlundur með útsýni yfir Sogið og hlíðar Ingólfsfjalls, en fegurri og fjölbreytilegri náttúru er vart hægt að hugsa sér til að gera sér dagamun. Rómantísk sveitafeð þar sem ekið er meðfram heyrúllum og hamingjusömum kúm á túni. Opið í dásamlegan mat til 21 öll kvöld vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

PIPAR • SÍA • 81315 • Ljósmynd: Sigfús Pétursson




## Ljósafossstöð við Sog

**Einstakt tækifæri til að sjá valin verk úr sýningu Steingríms Eyfjörð „Lóan er komin“ sem var framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum 2007.**

**Sýningin er opin alla eftirmiðdaga í sumar.**

Kynnið ykkur raforkuframleiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfelli, Kröflustöð, Laxárstöð og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.
Végarður er opinn frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.
**Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis**.

**Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.**

Landsvirkjun

Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007

# Fuglategundum safnað



Þorvaldur Þór Björnsson segir fuglaskoðara gjarnan vilja bæta við sig fuglategundum. Þeir safni þeim eins og aðrir safna frímerkjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Sífellt fleiri ferðamenn koma hingað til lands gagngert í þeim tilgangi að berja fjölskrúðugt fuglalíf augum.**

Ísland er að verða vinsæll áfangastaður meðal erlendra fuglaskoðara. Ferðamenn frá Evrópu, einkum Bretlandi, og Ameríku koma hingað í þeim tilgangi að sjá fugla eins og lunda, hús- og straumönd sem eru sjaldgæfir í Evrópu. „Þeir vilja oft sjá himbrima sem er amerísk tegund sem verpir hvergi í Evrópu nema á Íslandi og húsönd sem verpir aðeins á Mývatni,“ segir Þorvaldur Þór Björnsson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fuglana má víða skoða og oft boðið upp á sérstakar skoðunarferðir. „Í Vestmannaeyjum er mikið um lunda. Þaðan eru farnar skoðunarferðir í kringum eyjarnar. Þá er farið frá Reykjavíkurhöfn út í Lundey þar sem sjá má lunda og fleiri tegundir. Í Stykkishólmi bjóða Sæferðir upp á eyjasiglingar inn í Hvammsfjörð. Þar eru lundar, skarfar, ritur og ernir á hreiðrum. Frá Sauðárkróki má fara með Drangeyjarferðum út í Drangey og nærri Húsavík er önnur Lundey. Þá er farið frá Djúpavogi út í Papey.“



Hin ýmsu fyrirtæki bjóða upp á skipulagðar fuglaskoðunarferðir hérlendis. Gavia Travel býður til dæmis upp á fjögurra, sex eða tólf daga ferðir um landið en einnig náttúru- og dýralífs dagsferðir um Snæfellsnes og Reykjanes. Ferðirnar eru hugsaðar sem fræðslu- og afþreyingarferðir fyrir alla fjölskylduna. Sjá www.gaviatravel.com. MYND/GAVIA TRAVEL

Algengt er að fólk vilji sjá sem flestar tegundir í einu að sögn Þorvaldar. „Mývatn er tvímælalaust rétti staðurinn. Þar er fuglalífið fjölbreytt og mikið um amerískar tegundir. Menn fara þangað á eigin vegum eða í skipulagðar ferðir. Svo er mikið um svartfugl og lunda í Látrabjörgum.“



Ferðamenn frá Evrópu og Bandaríkjunum koma hingað til lands til að sjá fugla eins og lunda, hús- og straumönd, sem hér sést. Fuglaskoðun er líka vinsæl meðal landsmanna. MYND/GAVIA TRAVEL



Fjölskrúðugt fuglalíf þrífst á Mývatni og er þar meðal annars hægt að skoða húsönd. MYND/GAVIA TRAVEL

En eftir hverju sækjast fuglaskoðarar helst? „Margir vilja bæta við sig tegundum. Við köllum þá krossfara. Þeir merkja við hverja nýja tegund sem þeir sjá. Á meðan sumir safna frímerkjum safna aðrir fuglategundum og vilja hafa séð sem flestar þeirra.“

*- ve*


Fjölbreytt, fallegt og hreinlega ómótstæðilegt!



Sumarhús í Flóanum

Sumarblaðið






Morten Ottesen í Frumskógum



Blaðauki um veiði



Guðmundur Hallvarðsson í Hraunborgum



Grænmetisrækt fanga á Litla-Hrauni.

Blaðið fæst á öllum helstu blaðsölustöðum.

Áskriftarsími 578 4800
www.rit.is

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
Sumarhúsið og garðurinn ehf.
Síðumúla 15, 108 Reykjavík
Sími 578 4800 • www.rit.is


# Örnámskeið ætluð yngstu kynslóðinni



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Alls kyns skemmtileg námskeið verða í boði fyrir börn á Árbæjarsafni í sumar.

Alls kyns skemmtileg sumarnámskeið verða í boði á Árbæjarsafni, sem hefur það að markmiði veita innsýn í byggingarlist og lifnaðarhætti í Reykjavík fyrr á öldum. Má þar nefna örnámskeið ætluð börnum á aldrinum átta til tólf ára, þar sem má læra grunnatriði í tálgun, flugdrekagerð, glímu og ullarvinnslu svo dæmi séu nefnd. Gengið er út frá því að börnin mæti í fylgd með fullorðnum sér til aðstoðar. Hvert námskeið er þrír klukkutímar að lengd og stendur yfir frá klukkan 13 til 16. Öll námskeiðin kosta 2.000 krónur að flugdrekanámskeiðinu frátöldu sem kostar 3.000. Efniskostnaður er innifalinn í verði. Upplýsingar og skráning í síma 411 6320. Nánar um dagsetningar og tíma á vefsíðunni www.minjasafnreykjavikur.is.



*- mmr*


Útsalan
er hafin
40% afsláttur

ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201


SCARPA®
Black Diamond™
Löffler
PREMIUM SPORTSWEAR
Smartwool
Marmot®
ÞÚ GETUR TREYST Á OKKUR
ef þú vilt fara alla leið!
www.fjallakofinn.is
FJALLAKOFINN
Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfirði • sími 510 9505



Auður María og Eva Rakel á gangi á Laugavegi í góða veðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Útsýnið yfir tjörnina er alltaf jafn fallegt.

# Sól og sumarylur í borginni

**Þegar veðrið er gott vilja Reykvíkingar eins og aðrir verja hverri stund utandyra.**

Veðrið hefur leikið við Reykvíkinga síðustu vikur og finnst þá mörgum fátt betra en að spóka sig í sólinni hvort sem það er í sundi, á Laugaveginum eða í útivinnu.

Þó að hitinn nái ekki alveg þrjátíu gráðum myndast samt einstök sumarstemning. Brúnin léttist á fólki og allt virðist svo miklu auðveldara. Það grípur töskuna og þeytist út um dyrnar því enginn vill missa af sólinni og sumaryl.

*- mþþ*



Íslendingar hafa alltaf verið duglegir að mæta í sund á sumrin.



Sólrún og Steinn velja sér blóm í garðinn.





Útivinna er skemmtileg þegar veðrið er gott. Halldór, Þórður og Arnar afmá veggjakrot við Barónsstíg.

Blómstrandi gullregn og sírenur í Reykjavík.



# F | plús

## VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN

F plús fjölskyldutryggingar VÍS eru vinsælustu og víðtækustu fjölskyldutryggingarnar á Íslandi. Fjölskyldan er það dýrmætasta sem við eigum og við viljum öll skapa fjölskyldu okkar örugga umgjörð. Til þess þurfa tryggingarnar að vera í lagi. Leyfðu okkur að bera ábyrgðina með þér.







Fíton/SÍA

Þar sem tryggingar snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands   Ármúla 3   108 Reykjavík   Sími 560 5000   vis.is






*Auk áætlunarferða frá BSÍ stoppar Flugrútan einu sinni á hverjum morgni á eftirtöldum stöðvum Select og fer þaðan beint út á flugvöll:*

*Select Vesturlandsvegi – kl. 05:00*
*Select Suðurfelli Breiðholti – kl. 05:10*
*Select Hagasmára við Smáralind – kl. 05-15*

**flugrútan**

BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / main@re.is / www.re.is

EXPO • www.expo.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt

Góður 20 feta gámur til sölu. 170-200.000 þ. stgr. Uppl. Gunnar í s. 695 2589.

Óska eftir að kaupa notaðan gám. Uppl. í s. 820 5151.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrinn er ótrúlega einfaldur og auðveldur. Uppl. Dóra - 869-2024 www.dietkur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

Heilnudd Láttu það eftir þér,þú átt það skilið Uppl í síma 8486255 Svara ekki leyninr

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**50% Off summer prices**
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 23/6, 21/7. Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 23/6, 11/8. Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 8/7, Ármúli 5. s. 588 1169-www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Hillusamstæða, borstofuborð + 6 stólar og hornsófi til sölu. Uppl. í s. 695 2393.

## Gefins

-Kajak óskast-Óska eftir að kaupa kajak með öllum búnaði. Uppl. í s. 696 4519.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



**Pug hvolpar til sölu**
Til sölu Pug hvolpar. Afhendir eftir ca. 2 vikur. Örmerktir, heilsufarsskoðaðir. Ættbók færðir hjá hundaræktarfélaginu Rex. Uppl. í s. 821 6362.




**Marley og ég**
Fyndin og huglúf. Hundavinabók ársins. Bókaútgáfan Hólar



Japanskir Chin hvolpar til sölu. heilsufarskoðaðir og örmertirog með ættbók tilbúnir til afhenfingar 4 júlí. Uppl. í síma 660 9627.

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Sandafell, Þingeyri. Gistihús - veitingastaður - orlofsíbúð til leigu. S. 456 1600.

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

## Útilegubúnaður



Til leigu veislutjöld. 50 m2, 40-80 manna, dagleiga kr 24.900 helgarleiga kr 34.900. 72 m2, 80-100 manna, dagleiga kr 35.900 helgarleiga kr 45.900. Rafvörumarkaðurinn v/ Fellsmúla S: 5852888

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

**Silunganet**
Heimavík. Sími 892 8655.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530.

RENT iN 111 BREIÐHOLT FOR 2 . ROOM/ FURNITURE. ACESS /KITCHEN/BATHR. 8973611

80 fm íbúð til leigu í Garðabæ, m/bílskýli og verð 130 þ. Uppl. í s. 437 1930 og á kvöldin 435 1388.

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leigu í skemmri tíma glæsileg 3ja herb. íbúð miðsvæðis, allt fylgir. S. 899 6400.

Herbergi til leigu í 101. Upplýsingar í síma 770 6090.

4. herberg. Íbúð í fjölbýlishúsi í Rima hverfi í Grafarv. til leigu. Áhugasamir leggið inn tilboð ásamt nafn og kt. á tölvup. steinar@simnet.is

Til leigu 3 herb. íbúð á sv. 111. Laus 8 júlí. Uppl. í s. 848 3717.

Til leigu í Mosfellsbæ 50m2 íbúð 85 þús. mán. Innif. rafm. og hiti. Uppl. í s. 896 0415.

70 fm. 3 herb. íbúð í Vogum á Vatnsleysu strönd til leigu. V. 95 þ. m/ hússjóð. S. 691 3120.

80fm nýleg íbúð í Vogum á Vatnsleysu, 15 mín frá Hfj., til leigu laus strax. Parket- og flísalögð með sérinng. Aðeins gott, reglusamt og reyklaust fólk kemur til greina. Uppl. í s. 895 9959, Björgvin.

Til leigu 2 herb. (67 fm) íbúð á Meistaravöllum í Vesturbæ frá 1 ágú., leigist til 1 árs. Þvottavél í sameign, geymsla og mögul. á að leigja með húsg. Frábær íbúð fyrir háskólanema. Uppl. í s. 865 4833 & 847 4709.

Til leigu 3 herb. 84 fm íbúð á Fjólugötu (101). Leigus. 1. ár. Laus 1. júlí. Trygging 3 mán. Uppl. í s. 865 8440.

**Íbúð í miðbænum í júlí**
Laus 7. til 28. júlí. Leigist helgi, í viku eða allan tímann. Flott 110 fm hæð, 3 svefnh. á Bergstaðastræti. Sanngjarnt verð. Uppl. s. 861 6129.

Laus 3 herb. íbúð til leigu í Norðlingaholti m. stæði í bílakjallara kr. 135 þ. mán. S. 661 9624.

Laus strax! Nýgegnum tekin björt og falleg 80fm, 2ja herb. íbúð á neðri hæð í einbýlishúsi með sérinngangi. Verð 110 þú.s á mán. með hita og rafmagni. Óskum eftir reyklausu og reglusamlegu fólki. Upplýsingar í s. 694 2526 eða 770 7022.

Viltu láta dekra við þig í notalegu umhverfi þar sem sumarið er á næsta leiti?



Pantaðu þér andlitsbað á Dong Fang Salon og fáðu litun og plokkun frítt. Tilboðið gildir til 1. ágúst.

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

**Afleysingarmenn**
Bifreiðastjórafélagið Frami óskar eftir afleysingabílstjórum á leigubifreiðar til lengri eða skemmri tíma.Viðkomandi þurfa að hafa réttindi til aksturs leigubifreiða og að hafa lokið námskeiði fyrir afleysingabílstjóra. Nánari upplýsingar á skrifstofu Frama Fellsmúla 26 eða í síma 568-5575 milli kl. 12:00 og 16:00.

# Til leigu í Skútuvogi 1G

**Skrifstofuhúsnæði—187 fm**
**Lagerhúsnæði—189 fm**



Um er að ræða gott skrifstofurými sem er 187 fm að stærð.
Góð lofthæð er í plássinu og í miðju rýminu eru þakgluggar sem gefa góða birtu.

Miklir möguleikar.

Lagerhúsnæði með útkeyrsluhurð, alls 189 fm.
Leigist saman eða í sitt hvoru lagi.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvogi 1 h– Barkarvogsmegin. Upplýsingar gefur Kjartan eða í s: 585-8900 / 894-4711.
e-mail : kjartan@jarngler.is

# EIGNAMIÐLUN

sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidlun.is · eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

## Sílakvísl - endaraðhús






Fallegt og vel skipulagt 109,8 fm enda-raðhús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið skiptist í stofu, borðstofu, eldhús og snyrtingu á neðri hæð og á efri hæð eru þrjú herbergi og baðherbergi. Þar fyrir ofan er ris sem hefur verið notað sem leikherbergi. Verð 36,4 millj.

**ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 17.00-18.00.**

# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# STÓRHÚS FASTEIGNASALA Þóroddsstöðum

Sigurberg Guðjónsson hdl.
lögg.fasteignasali
Þóroddstaðir,
Skógarhlíð 22,
105 Reykjavík.
**Sími: 534 2000**



*Hrafnhildur Bridde*
*löggiltur fast.sali*
**GSM 821 4400**

## OPIÐ HÚS Á MILLI KL. 17:00-17:30 - Laus!
## FURUGRUND, KÓP. 4RA HERB. Á 3.HÆÐ + BÍLSKÝLI



Mikið endurnýjuð **83,2 fm íbúð á 3.hæð** auk **23,8 fm bílskýlis** á grónum stað í Kópavogi. Þrjú svefnherb. Suður svalir. Þvottahús á hæð. **Lyfta. VERÐ 22,9 MILLJ. ATH.! MÖGULEGT ER AÐ SETJA 18.320.000 LÁN FRÁ ÍBÚÐALÁNASJÓÐI MV. UPPSETT VERÐ.**

## EGILSGATA, 101 RVK. ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ, AUK 28,4 FM BÍLSKÚRS Á BAKLÓÐ.



Falleg og vel skipulögð 100 fm íbúð. Tvö svefnherb.og tvær góðar stofur. Lítið vinnuherb. Baðherb. m/ sturtuklefa og innréttingu. Eldhús m/snyrtilegri innréttingu og borðkrók. Sér geymsla í kjallara. Bílskúr m/gryfju. Sér bílastæði á baklóð. **VERÐ 38,9 MILLJ. ÁHV. GOTT LÍFEYRISSJ.LÁN.**

## GRETTISGATA, 101 RVK. ÍBÚÐ Á 3. HÆÐ - SAMÞYKKT



Sjarmerandi og björt 35,1 fm íbúð á efstu hæð. Útsýni úr stofu.Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, baðherbergi og svefnkrók. **VERÐ 13,9 MILLJ. ATH ! MÖGULEGT ER AÐ SETJA UM 11.120.000 LÁN FRÁ ÍBÚÐALÁNASJÓÐI MV. UPPSETT VERÐ.**

Falleg 4ra herb, 101,4 fm, endaíbúð á efstu hæð með sérinngangi. Suður svalir. Parket og flísar á gólfi. Þvottahús í íbúð. Skóli, golfvöllur, íþróttamiðstöð, verslun og útivistarsvæði í göngufæri. Mjög barnvænt hverfi. **LAUS STRAX! VERÐ 25,9 MILLJ.**

Frum



# LANDSNET

**Þorlákshafnarlínur 2 og 3, 220 kV í sveitarfélaginu Ölfusi**

Mat á umhverfisáhrifum.
Kynning á drögum að matsáætlun og athugasemdafrestur.

Landsnet hf. undirbýr nú framkvæmdir við tvær 220 kV háspennulínur frá Hellisheiði og Kolviðarhóli að fyrirhuguðum iðnaðarsvæðum við Þorlákshöfn í sveitarfélaginu Ölfusi.

**Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 3. júlí til 17. júlí 2008.**

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 22. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Landsnet hefur hafið vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Drög að tillögu að matsáætlun er nú birt til kynningar á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is, og á heimasíðu verkfræðistofunnar Línuhönnunar, www.lh.is.

Allir geta gert athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun.

*Athugasemdafrestur er til 17. júlí. Koma skal athugasemdum til Ólafs Árnasonar, Verkfræðistofan Línuhönnun, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík eða á netfangið umhverfismat@lh.is. Skriflegar athugasemdir skal merkja „Þorlákshafnarlínur 2 og 3. Mat á umhverfisáhrifum".*

**Landsnet • Gylfaflöt 9 • 112 Reykjavík • Sími 5639300**
**landsnet@landsnet.is • http://www.landsnet.is/**



# Sveitarfélagið ÁLFTANES

**Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 26. júní 2008 eftirfarandi deiliskipulagstillögu:**

## Grænn miðbær á Álftanesi - deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag græns miðbæjar á Álftanesi. Um er að ræða heildarendurskoðun deiliskipulags sem fellir úr gildi deiliskipulag miðsvæðis sem samþykkt var 21.02.2006. Skipulagssvæðið afmarkast til austurs af Álftanesvegi og Norðurnesvegi, til suðurs af opnu svæði að stjórnsýslumörkum Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness, til vesturs og suðurs af íbúðarsvæði við Kirkjubrú, til vesturs af Breiðumýri og norðanverðu Svíðholti og til norðurs af Breiðumýri, skóla- og íþróttasvæði, Skólatúni og Suðurtúni.

Deiliskipulagið tekur til verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæða á miðsvæði Álftaness. Á norðanverðu miðsvæði er m.a. gert ráð fyrir verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði, markaðs- og ráðhústorgi, vatnsrásum og grænum svæðum. Á sunnanverðu svæðinu er gert ráð fyrir menningar- og náttúrusetri og hóteli.

Alls bárust 727 athugasemdir.

**Deiliskipulagstillaga græns miðbæjar var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.br. Svör hafa verið send þeim sem gerðu athugasemdir. Deiliskipulagstillagan hefur verið afgreidd af Skipulagsstofnun og send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.**

Álftanesi, 3. júlí 2008,
Pálmi Þór Másson,
skrifstofustjóri.



# Reykjavíkurborg

Leikskólasvið



# Aðstoðarleikskólastjóri í Holtaborg

**Laus er til umsóknar staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Holtaborg, Sólheimum 21.**

Holtaborg er þriggja deilda leikskóli í Laugarneshverfinu. Á Holtaborg er leikurinn í fyrirrúmi, einnig er unnið með könnunarleikinn og könnunaraðferðina.

**Helstu verkefni:**
- Að vera aðstoðarmaður leikskólastjóra og staðgengill í fjarveru hans
- Að vinna ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins

**Menntunar- og færnikröfur:**
- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Upplýsingar veita Guðný Hallgrímsdóttir, leikskólastjóri s: 849 8304 og Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri á Leikskólasviði í síma 411 7000.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf. **Umsóknarfrestur er til 14. júlí 2008.**

Laun eru skv. kjarasamningi LN við KÍ vegna FL.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

LÖGMENN SUÐURLANDI 480 2900 www.log.is

**Sími 480 2900**

Austurvegi 3, Selfossi

## ÚTHLÍÐ - BRÚNAVEGUR

Frum



Mjög fallegt og gott 55 fm sumarhús auk svefnlofts með góðri lofthæð á góðum stað í landi Úthlíðar í Biskupstungum. Mikill og fallegur gróður frá náttúrunnar hendi umhverfis og frábært útsýni meðal annars að Heklu. Selst með huggulegu innbúi.
Verð 14,9 millj.

*Upplýsingar í síma 864 7173 um helgina.*

Kjöreign ehf

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

## GRASARIMI – PARHÚS

Frum





**Bjóðum til sölu 180,7 fm parhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr.** Svefnherb. eru fjögur og baðherb. tvö. Sérlega fallegur garður og afgirtur sólpallur úr timbri með heitum potti. Húsið er í sérlega góðu ástandi, nýlega málað að utan. Vel skipulagt hús í lokaðri götu í barnvænu umhverfi.

**Verð 49 milljónir. ATH. skipti á minni eign möguleg.**

**Kristinn Valur Wiium** Sölumaður, sími: 896 6913
**Ólafur Guðmundsson** Sölustjóri, sími: 896 4090

Kjöreign ehf

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

## LINDAHVERFI - EINBÝLI Á EINNI HÆÐ

Frum







**Bjóðum til sölu glæsilegt 207 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr.** Eignin er fullbúin og sérlega vönduð. Staðsteypt með valmaþaki og einangrað að utan. Hvergi hefur verið til sparað í frágangi innanhúss. Mikil lofthæð og innfellt lýsing. Arinn er í stofu. Svefnherbergi eru fjögur og öll rúmgóð. Baðherbergi eru tvö. **Húsið er vel staðsett í einu eftirsóttasta hverfi Kópavogs.**

***Allar nánari uppl. veitir Kristinn Wiium í síma 896 6913.***

**Kristinn Valur Wiium** Sölumaður, sími: 896 6913
**Ólafur Guðmundsson** Sölustjóri, sími: 896 4090

# Til leigu

## Vagnhöfði

U.þ.b. 120 fm bil með innkeyrsluhurð ca. 240 á hæð.

U.þ.b. 410 fm kjallari, áður trésmiðja með rampi og innkeyrsluhurð.

## Bæjarlind

U.þ.b. 180 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, opið vinnurými, skrifstofa, fundahergi og móttaka.

U.þ.b. 231 fm „penthouse" áður Lindasól frábært útsýni.

**Upplýsingar í símum 895 8299 og 849 9987.**

FASTEIGNAKAUP

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

## Opið hús í dag kl. 18.00-18,30
## Ránargata 9, 101 Reykjavík

Frum





**Fasteignakaup kynnir rúmgóða 3ja herb. risíbúð á 3. hæð við Ránargötu.** Íbúðin er skráð 66,1 fm en er með 90 fm gólfflöt. **Lýsing eignar:** Stofa og borðstofa með parket á gólfi. Úr stofu er komið út á rúmgóðar suðursvalir. Eldhús er með eldri innréttingu og flísum á gólfi, vaskur og blöndunartæki eru nýleg. Tiltölulega ný gaseldavél. Baðherbergi er með flísum á gólfi, bað og sturta með nýl. blöndunartækjum. Svefnherbergi er með dúk á gólfi og góðum skápum. Uppi er innréttað risloft sem telst ekki með í skráðum fermetrum íbúðarinnar en er í dag nýtt sem sjónvarpsherbergi. Allir gluggar í íbúðinni voru endurnýjaðir síðasta haust, auk þess sem það var skipt um gler í svalahurð. Skólplagnir voru endurnýjaðar síðasta vor. Hér er eign á frábærum stað í hjarta borgarinnar sem getur verið laus fljótlega. **Verð 25,5 millj. Lánamöguleikar frá Íls. eru 80% af kaupverði.**

***(Svava á bjöllu) kl. 18:00 - 18.30***
***Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is***
***Sölufulltrúi: Guðmundur Valtýsson 865 3022,***
***e-mail: gudmundur@fasteignakaup.is***

***Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali***

FASTEIGNAKAUP

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

## Opið hús í dag kl. 18.00-18,30
## Hrísrimi 11, 110 Reykjavík

Frum



**3ja herbergja, 87,5 fm íbúð á annari hæð í fallegu húsi með 34.4 fm bílgeymslu í Grafarvogi.**
**Nánari lýsing:** Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskáp. Svefnherbergin eru tvö með flísum á gólfi og fataskápur er í öðru. Flísar eru á stofunni en þaðan er útgengi út á, rúmgóðar suðursvalir. Lokað er á milli eldhúss og stofu með glervegg, en í eldhúsinu er ljós innrétting og borðkrókur. Í baðherbergi er flísalagt gólf og baðkar með sturtu, t/f þvottavél.
**Hús að utan og nánasta umhverfi:** Húsið lítur mjög vel að utan og aðeins eru 6 íbúðir í stigaganginum sem er snyrtilegur. Gervihnattadiskur. **Verð 22,3 millj.**

***(Einar á bjöllu) kl. 18:00 - 18.30***
***Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is***
***Sölufulltrúi: Páll Höskuldsson 864 0500,***
***e-mail: pall@fasteignakaup.is***

***Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali***

# Fossatún
311 Borgarnes

**Stærð: 90 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2008**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Senter











**80 % fjármögnun í boði - öll skipti skoðuð**

**Verð: 18,4-18,9**

### Vönduð sumarhús í náttúruperlu

Þrjú glæsileg 90 fm frístundahús frá EBK í Danmörku. Grónar 4.000-6.500 fm eignarlóðir í nágrenni Grímsár, 88 km frá Reykjavík (ca 10 mín frá Skorradal). Einstök náttúrufegurð og fallegt útsýni. Húsin afhent fullbúin að utan með einangruðum og gipsuðum milliveggjum, kalt vatn og rafmagn tengt, efni í pall fylgir. Hægt er að semja um að fá húsin fullkláruð. Steyptir sökklar og gert ráð fyrir gólfhita. Hitaveita á svæðinu, sem ráðgert er að taka í hús í haust. Eitt húsanna er tilbúið til afhendingar m.v. ofangreinda lýsingu en hin tvö verða tilbúin í júlí. Stofa/borðstofa, þrjú herbergi, eldhús, baðherbergi, sána, geymsla og gangur. Kaupendum gefst færi á að gera breytingar á skipulagi. Hin vinsæla þjónustumiðstöð í Fossatúni er steinsnar frá. Á vefsíðunni www.fossatun.is má finna upplýsingar um frístundabyggðina. Þráðlaust net í boði og fyrirhugaðar golfvöllur á staðnum. **12,5 mill verðtryggt lán frá SPM yfirtakanlegt á 10,35% vöxtum og seljendur lána upp í 80% á sömu kjörum. Húsin eru til sýnis alla helgina. Verið velkomin í kaffi. Ekið um 10 mín. framhjá Hvanneyri og beygt til vinstri að þjónustumiðstöðinni í Fossatúni.**

Vernharð
Sölufulltrúi
**699 7372**
venni remax.is



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**522 2800**
borg remax.is





**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Asus fartölva



**Asus A8E4P008E**
Fartölva með 14" skjá og innbyggðri vefmyndavél • 14" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innb. vefmyndavél • Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz örgjörvi • Innb. GMA X1300 skjákort • 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB) • 120GB 5400rpm SATA harður diskur • Intel High Definition samhæft hljóðkort • 10/100 Ethernet og WLAN 802.11 a/g/n netkort • SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari • DVD Dual Layer brennari • 5 USB 2.0, FireWire, Express og VGA út tengi • Line in, Mic og heyrnartólstengi • Infrared • Windows Vista Business stýrikerfi • Flott taska og lasermús fylgja • Lithium Ion 6 Cells rafhlaða

**99.989 kr.**
Fullt verð ~~119.989~~



## 320GB flakkari

**Western Digital D Mybook Essential II**
320GB flakkari • Plug and play • USB 2.0 • PC og Mac

**9.989 kr.**
Fullt verð ~~14.989~~



## MP3 spilari

**Creative STONE1GBWH**
1GB MP3 spilari • Spilar MP3 og WMA • Geymir allt að 500 lög • Uppfæranlegur • Endist í allt að 10 tíma á einni hleðslu • USB kapall og heyrnartól fylgja • Þyngd aðeins 18.5g

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

## Ferða DVD

3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

**United DVP7046**
7" TFT skjár • 480 x 234 p.uppl. • Format: 4:3 / 16:9 • Built-In Dolby Digital Decoder • Innb. 2x 1W hát. • Multi OSD • Anti Schock

*Má festa aftan á sætispúða í bílnum!*

**14.989 kr.**
Fullt verð ~~19.989~~



12 og 220 volt



**89.989 kr.**
Fullt verð ~~129.989~~
32 tommur

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

## V-Real LCD

**Panasonic TX32LE7F**
32" V-Real LCD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • V-Real tækni • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • Backlight Control • VIERA Link • 16w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.



3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki
19 tommur
12 og 220v

## LCD með innbyggðum DVD spilara

**United TVD7056**
19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • 1440x900 p.uppl. • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir

**59.989 kr.**



**129.989 kr.**
Fullt verð ~~149.989~~
37 tommur

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

## LCD breiðtjald

**Toshiba 37C3000PG**
37" LCD breiðtjald • HD Ready 1366x768p • ActiveVision • Active Backlight • 9000:1 Dyn. Contrast • 8 ms svartími • 10 Bit Processing • DCDi Faroudja Prog. Scan • 3D Color System • 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component • Textav. ofl.

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

## Pixel PROcessing

**Toshiba 42C3530DG**
42" LCD nreiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • PIXEL PROcessing IV myndtækni • HD Ready • Skerpa: 4.000:1 • Faroudja DCDI og Real Digital Picture • Innb. DVB-T móttakari • 2 x 25w Nicam Stereó með SRS WoW Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.



**159.989 kr.**
Fullt verð ~~189.989~~
42 tommur

*DVD myndir á 989 kr. stk.

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 | | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

## Ódýr og góð með 7.1 Megapixel




**Olympus FE270**
Digital myndavél • 7.1 millj. punkta uppl. • 3x Optical og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2,5" LCD skjár • Autofocus og Auto White Balance • Auto Exposure og þrjár manual stillingar • Hreyfimyndataka með hljóði • 4 myndstærðir • 15 Scene Modes • USB • Tekur xD kort • 6.9 MB innra minni ofl.

**13.989 kr.**
Fullt verð ~~16.989~~

## 2.7 tommu skjár




**Olympus FE340SV**
Digital Myndavél • 8 milljón p. uppl. 8 MegaPixel • 5x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.1 - 31.5mm (35mm samb.: 36 - 180mm) • 2,7" LCD skjár • Face Detection • Brightcapture Technology • Digital Image Stabilisation • Autofocus og Auto White Balance • Auto Exposure og þrjár manual stillingar • Hreyfimyndataka með hljóði • 7 myndstærðir • 18 Scene Modes • USB 2.0 • Tekur xD kort ofl.

**22.989 kr.**
Fullt verð ~~29.989~~

## Högg- og vatnsheld




**Olympus MJU790SWBL**
Digital myndavél • 7.1 milljónir punkta upplausn • Vatnsheld að 3m dýpi • Höggheld upp í 1.5m hæð • 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar) • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndataka með hljóði • USB • 14.7MB innbyggt minni • Tekur xD kort ofl.

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~34.989~~

## 12.1 milljónir punkta upplausn




**Panasonic DMCFX100**
Stafræn myndavél • 12,1 millj. p. uppl. • Venus Engine III • MEGA OIS hristivörn í linsu • LEICA DC Vario - Elamrit linsa 28mm • 3.6x Optical og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.0 - 21.4mm • ISO 80-1600 • 22 Scene Programmes • 2.5" LCD skjár • Hágæða hreyfimyndataka • 27MB innra minni • Rauf fyrir SD/SDHC kort

**34.989 kr.**
Fullt verð ~~44.989~~

## SLR vél með skiptilinsum




**10 Megapixel**



**2 LINSUR FYLGJA!**
*1: 14 - 42mm og 2: 40 - 150mm*

**Olympus E520DZKIT**
Digital SLR myndavél fyrir skipti linsur • 10 milljóna punkta upplausn • CMOS nemi • Skilar hágæðum fyrir 46x61sm prent • 14-42mm f/3.5-5.6 Zuiko linsa fylgir • Supersonic Wave Drive er eyðir ryki úr linsu ofl. • Enhanced in-body Image Stabilization • Face Detection • Shadow Adjustment • Perfect Shot Preview • Tvær linsur • 2,7" LCD HyperCrystal II LC skjár • USB 2.0 • CompactFlash og xD kort ofl.

**99.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

## Mega O.I.S. titrings deyfir




**Panasonic NVGS80**
Digital tökuvél • 2,5" skjár • 1/6" upptökuflaga með 800.000 punkta uppl. • 32x Optical Zoom og 1000x Digital Zoom • Color Night view • Pure Colour Engine • MEGA O.I.S titringsdeyfir • 2.7" LCD breiðskjár • Snapshot möguleiki • DV útgangur • Vefmyndavél

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~32.989~~

## Með 30 GB hörðum diski




**Panasonic SDRH20**
Digital tökuvél með 30Gb hörðum diski • Tekur SD/SDHC kort (512Mb fylgir) • 1/6" uppt.flaga - 800.000 p. uppl. • 32x Optical og 1000x Digital Zoom • Color Night view • MEGA O.I.S titringsdeyfir • Innb. kyrrmyndavél • 2.7" LCD • Dolby Digital uppt. • USB 2.0 • 512MB SD kort fylgir

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~54.989~~

## Með 60 GB hörðum diski




**JVC GZHD3**
HD Digital Media tökuvél • Konica Minolta HD linsa • HD upptaka (1440x1080i) • 60GB harður diskur (5 tímar í Full HD) • Þrjár 1/5" upptökuflögur • 2,8" LCD breiðskjár • Tekur SD/SDHC kort • 10x Optical og 200x Digital Zoom • Innb. kyrrmyndavél • Hljóðnema inng. • Titringsdeyfir • USB 2.0, HDMI, FireWire, Component, SVHS og Composite útg. • Stærð (bxhxd): 8,2x7,5x15,4sm

**99.989 kr.**
Fullt verð ~~129.989~~

MAX RAFTÆKI

**Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!**

*Tilboðin gilda til 9. 07. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# Skipulagsmál úr sjálfheldu

**UMRÆÐAN**
Snorri Sigurjónsson skrifar um Reykjavíkurflugvöll


SNORRI SIGURJÓNSSON

Nú liggur fyrir að rangtúlkað hefur verið að borgarstjóri sé einangraður í svokölluðu flugvallarmáli. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins eru tæp 60% Reykvíkinga fylgjandi því að ekki verði hróflað við Reykjavíkurflugvelli. Það liggur hins vegar fyrir að mikill meirihluti borgarfulltrúa vill flugvöllinn burt og því hefur málið verið rekið á þeim vettvangi gegn vilja fólksins. Þetta er þó ekki einkamál þeirra, fjarri því, og klárt að ef landsbyggðarfólk hefði verið haft með í þessari könnun hefðu enn fleiri lýst sig fylgjandi því að flugvöllur verði áfram á þessum stað.

Skipting í þessu deilumáli fer ekki eftir flokkslínum, en fólki er þó mjög heitt í hamsi og heldur fast í að vera með eða á móti. Málamiðlanir hafa ekki átt upp á pallborðið enn sem komið er. Nú er hins vegar svo komið að við verðum að höggva á hnútinn, helst í þokkalegri sátt. Ekki líst mér á „verðlaunatillöguna“ um nýja byggð og er reyndar viss um að ekki næst friður í landinu um þetta mál nema flugvöllur verði þarna áfram, en í breyttri mynd, og í takt við álit fagmanna um flugtæknileg atriði. Ómar Ragnarsson hefur t.d. bent á möguleika með tveimur brautum sem fullnægðu öryggisþáttum, annarri mjög langri og hinni styttri sem draga úr lágflugi yfir byggð. Þeim er þannig fyrir komið að ótrúlega stórt svæði yrði til uppbyggingar á svæðinu og kæmi þannig til móts við skoðanir beggja deiluaðila um nýtingu.

*Víst er að einhverjir verða ósáttir með að þurfa að fara, en það er löngu kominn tími til að taka af skarið í þessu máli og ganga þannig frá svæðinu að sómi verði af.*

Óhjákvæmilegt er að endurskoða hverjir þurfa að hafa þarna aðstöðu með það fyrir augum að draga úr umfangi mannvirkja og flugumferð. Aðstaða fyrir ferjuflug og „góðviðrisflugmenn“ gæti t.d. verið utan þessa svæðis. Víst er að einhverjir verða ósáttir með að þurfa að fara, en það er löngu kominn tími til að taka af skarið í þessu máli og ganga þannig frá svæðinu að sómi verði af. Eitt er að geta lent þarna, ef þannig stendur á, og annað að hafa þarna aðstöðu.

Ég er ekki sérfræðingur um flugöryggismál, en tel þó nauðsyn á öruggum flugvelli þarna til frambúðar og legg hér með til að Reykjavíkurborg feli einhverjum fagaðilum að útbúa kort til kynningar með raunhæfum hugmyndum sem falla að þessari sýn. Toronto-hugmynd Hjörleifs Sveinbjörnssonar sem birt var hér í blaðinu á dögunum mun ekki ganga upp.

*Höfundur er lögreglufulltrúi.*

# Athugasemd frá Köngulóarmanninum

**UMRÆÐAN**
Ólafur Sigurðsson gerir athugasemd við fréttaflutning

Í Fréttablaðinu 30.6. er greint frá því að Fuglaverndarfélag Íslands ásamt Einari Þorleifssyni hafi kært Köngulóarmanninn fyrir að drepa starraunga. Engin kæra hefur borist, en samkvæmt fréttinni hlýtur hún þá að vera á leiðinni. Ljóst er því að Einar hefur komið þessu á framfæri við blaðið enda áhugamaður um fuglavernd.

Hið rétta er að engir ungar voru drepnir, hreiðrið fannst ekki í þetta skiptið (öfugt við það sem Fréttablaðið segir), heldur nokkuð af grasi úr þakkanti hússins sem er næsta hús við Einar. Hreiðrið fannst þó nokkrum vikum seinna, eftir að blaðamaður hringdi vegna tilkynningar Einars. Hreiðrið er tæpir 2 metrar á lengd, vel undir þakkanti hússins, frá útidyrum að bílskúrshurð. Mikið ungagarg og tveir fuglar stöðugt að færa björg í bú. Þetta er augljóst þarna, fuglaskítur á gluggum og planinu og víða strá. Mikil fló. Fólkið býr ekki í húsinu, nema einn. Þetta allt saman hlýtur nágranninn Einar að vita.

Fréttamaðurinn Kjartan var ítrekað beðinn um að fara og skoða aðstæður, til að greina frá því að hreiðrið væri þarna enn. Ekki var minnst á það í fréttinni. Það sem þarf að biðjast afsökunar á er að undirritaður sagði m.a. við Einar: „Sný þetta allt í sundur, hringdu á lögguna strax.“ Þetta var ósmekklegur fíflaskapur. En Einar lét mikinn niðri á bílaplani síns húss, þegar verið var að leita að hreiðrinu uppi á þaki.

Ég vil hvetja félaga í Fuglaverndarfélaginu að skoða aðstæður þarna áður en þeir leggja nafn félagsins við þessa vitleysu. Það er andstyggilegt að segja það sem Einar sagði.

Þetta er eins og frétt í teiknimyndasögublaðinu um Köngulóarmanninn er dagblaðið „Daily Bugle“ greinir frá myrku hliðinni á Köngulóarmanninum: „Hann drepur!!“ Og fréttamennskan eftir því.

*Höfundur er er eigandi Köngulóarmannsins sf.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**TOM CRUISE LEIKARI ER 46 ÁRA.**

*„Ég er alltaf að leita að áskorunum og því sem er öðruvísi.“*

***Tom Cruise hefur gert það gott með kvikmyndaleik sínum. Tom hefur leikið í stórmyndum á borð við Eyes Wide Shut, Jerry Maguire, Top Gun og Cocktail.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. JÚLÍ 1954

## Fyrst dregið í Happdrætti DAS



Fyrsti útdrátturinn í happdrætti DAS fór fram þennan dag árið 1954 og var happdrættinu úthlutað sex bifreiðum af þeim níu sem voru fluttar inn til landsins það árið.

Happdrætti DAS hefur verið mikilvægt í uppbyggingu Hrafnistu og hagnaðurinn stóð að mestu undir öllum framkvæmdum við byggingu dvalarheimilisins Hrafnistu og Laugarásbíós.

Árið 1963 var lögum um Happdrætti DAS breytt en þá var því gert að greiða fjórutíu prósent af hagnaði sínum í Byggingarsjóð aldraðra. Tuttugu og fimm árum seinna greiddi Happdrætti DAS 400 milljónir á núvirði í þennan sjóð.

**MERKISATBURÐIR**

1162 Í Kantaraborg er Thomas Becket vígður erkibiskup.
1457 Kristján I krýndur konungur Svíþjóðar í Uppsölum.
1721 Danskur prestur að nafni Hans Egede kemur til Grænlands, fyrstur norrænna manna í 300 ár.
1921 Kristján X stofnar íslensku fálkaorðuna.
1928 Fyrsta bifreiðin fer um Öxnadalsheiði, frá Blönduósi til Akureyrar.
1948 Marshall-aðstoðin berst til Íslendinga, um 39 milljónir dala.
1973 Goslok í Vestmannaeyjum tilkynnt formlega af vísindamönnum.
1986 Farsímakerfi tekið í notkun með þjónustustöðvar frá Vík í Mýrdal til Vestfjarða.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Guðrún Ó. Hafberg**

síðast til heimilis á dvalarheimilinu við Dalbraut 27, lést á líknardeild Landakotsspítala þann 1. júlí 2008 síðastliðinn. Útförin fer fram föstudaginn 4. júlí kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**
**Ingibjörg Þ. Hafberg** **Leifur E. Núptal Karlsson**
**Ólafur Þ. Hafberg**
**Engilbert Hafberg** **Auður Sæland Einarsdóttir**
**Sigurður Hafberg** **Janina Hafberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.
Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is
S.HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


FJÖLSKYLDUGARÐURINN: FAGNAR 15 ÁRA REKSTRARAFMÆLI

# Staður fyrir fjölskylduna



**MEÐ FRÁ BYRJUN** Tómas Óskar Guðjónsson hefur verið forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Húsadýragarðurinn var opnaður árið 1990 en þá vissu menn ekki að þessi viðbót í menningarstarfsemi borgarinnar yrði svona vinsæl hjá borgarbúum og var því strax farið í undirbúningsvinnu á nýjum garði,“ segir Tómas Óskar Guðjónsson, fyrsti og eini forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. „Í gang fór mjög skemmtileg vinna milli hönnuða, arkitekta og ýmissa starfsmanna borgarinnar og stjórnmálamanna. Allir lögðu sitt af mörkum að uppbyggingu nýja Fjölskyldugarðsins.“

Markús Örn Antonsson, þáverandi borgarstjóri, tók fyrstu skóflustunguna að Fjölskyldugarðinum sumarið 1991. Tveimur árum seinna, árið 1993, var hann tekinn í notkun. „Við uppbyggingu garðsins voru lögð fram hugtökin: að sjá, að læra, að gera og að vera. Þau voru svo tengd lykilorðum eins og fjölskylda, ævintýri og sögur, leikir og umhverfisvænar framfarir. Í fyrstu var garðurinn hugsaður sem einn hluti af starfseminni en fljótlega var farið að reka bæði Fjölskyldugarðinn og Húsdýragarðinn saman sem eina heild,“ segir Tómas. „Öll útlitshönnun garðsins átti að vera skírskotun til menningarsögu Íslendinga og mikið sótt í norræna goðafræði og víkingatímabil þjóðarinnar. Í garðinum má finna víkingaskip, þinghól og öndvegissúlur en færri sögulegar tengingar komust að en ætlað var.“

Grunnurinn sem lagður var af hálfu borgarverkfræðings og garðyrkjustjóra að landmótuninni og gróðrinum er að skila miklu. „Garðurinn er nú einn glæsilegasti skrúðgarður landsins og þakka má þessum fagmönnum. Fólki líður vel í þessu umhverfi og öll starfsemi garðsins kemur svo til viðbótar.“

Markmið garðsins er að skapa fjölskyldum afþreyingu og útivistarmöguleika í borginni. Í honum starfa um tuttugu manns allt árið um kring en á sumrin bætast við um sjötíu starfsmenn sem vinna á vöktum. Síðustu ár hafa svo bæst við tæki í Fjölskyldugarðinn. „Það er síðan nýjung hjá okkur í ár að bjóða aftur upp á fjölskylduárskort. Einstaklingur kaupir þá árskort fyrir fjölskylduna sem getur komið daglega og fengið dagpassa fyrir fjölskylduna. Árskortin rjúka út og kosta 12.500 krónur,“ útskýrir Tómas og býður um leið landsmenn velkomna í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn. **mikael@frettabladid.is**

---



*Yndislegi sonur okkar og bróðir,*

**Lárus Stefán Þráinsson**
Stekkjarseli 4, 109 Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag fimmtudaginn 3. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Lárusar er bent á minningarsjóð sem stofnaður hefur verið í hans nafni og er ætlaður til að vinna gegn einelti. Kaupþing banki vistar sjóðinn á reikning 305-13-303030.

**Þráinn Lárusson** **Ingibjörg Helga Baldursdóttir**
**Þurý Bára Birgisdóttir** **Þórhallur Birgisson**
**Sigrún Jóhanna Þráinsdóttir**
**Kristján Stefán Þráinsson**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vébjörn Eggertsson**
rafvirkjameistari, Skarðshlíð 34 a, Akureyri,

lést 24. júní. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.30.

**María Árnadóttir**
**Hallgrímur Eggert Vébjörnsson**
**Halldóra Vébjörnsdóttir** **Baldur Guðlaugsson**
**Unnur Elva Vébjörnsdóttir**
**Jóna Guðrún Vébjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Jónas Þór Bergmann**
blikksmíðameistari, Ljósuvík 52a, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 30. júní 2008.
Útför hans verður auglýst síðar.

**Ágústa Bergmann** **Jón Gunnar Bergmann**
**Andreas Bergmann**
**Ingibjörg Bergmann**
**Halldór Bergmann**
**Guðrún Bergmann**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Eddu Sigurveigar Halldórsdóttur**
Vallholti 26, Ólafsvík.

Þökkum sérstaklega starfsfólki á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun og stuðning.

**Hermann Hjartarson**
**Matthildur Laufey Hermannsdóttir** **Theódór Barðason**
**Jensína Edda Hermannsdóttir** **Haraldur Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Systir mín og móðursystir okkar,*

**Einhildur Sveinsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri þann 29. júní síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn þann 7. júlí kl. 13.30.

**Unnur Sveinsdóttir**
**Svanur Eiríksson og önnur systrabörn.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð með blómum, gjöfum og öðrum fallegum samúðarkveðjum við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ingvars Gunnlaugssonar**
frá Gjábakka Vestmannaeyjum
Heimahaga 12, Selfossi.

Guð blessi ykkur öll.

**Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir og fjölskylda.**

---


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

slingbox™

# SJÁÐU SJÓNVARPSEFNIÐ ÞITT
# HVAR OG HVENÆR SEM ÞÉR SÝNIST





**Á HEIMILINU**
Horfðu á uppáhalds þættina hvar sem er á heimilinu.

**Í VINNUNNI**
Horfðu á nýjustu fréttirnar glóðvolgar á meðan þú situr langa fundi.

**Á FERÐALÖGUM**
Horfðu á dagskrá að heiman meðan þú ert í sumarhúsinu eða ferðast um heiminn.

**Slingbox HEIMsendir um allan heim!**

## Slingbox | SOLO

Slingbox SOLO gerir þér kleift að fjarstýra sjónvarpsaðgangi þínum með fartölvu eða farsíma óháð staðsetningu þinni í heiminum hverju sinni. Þannig getur þú séð stafrænu upptökurnar, sjónvarpsútsendingar af myndlyklum, gervihnattaútsendingar eða myndir af DVD spilaranum hvar sem þú ert. Með Slingbox SOLO getur þú séð uppáhalds efnið þitt hvar sem þér sýnist.

## Slingbox | PRO

Slingbox PRO gerir þér kleift að móttaka, sjá og stjórna allt að fjórum hljóð- og myndsendingum samtímis á fartölvunni eða farsímanum. Þetta þýðir að þú getur tekið með þér allt uppáhalds efnið, jafnt stafrænu upptökurnar, sjónvarpsútsendingar af myndlyklinum, gervihnattaútsendingarnar og myndirnar af DVD spilaranum. Nú þarftu aldrei að verða fjarri uppáhalds afþreyingunni framar.

*Slingbox hefur fengið frábærar viðtökur um allan heim*

*Slingbox Virkar með mörgum stýrikerfum*




Heildsöludreifing IOD ehf

*Þú færð Slingbox í eftirtöldum verslunum ...*

@tt.is – Allt tölvutengt á betra verði

Einar Farestveit & Co.hf. – Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Heimilistæki – www.ht.is

MAX RAFTÆKI

Sjónvarpsmiðstöðin – RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

start

TÖLVULISTINN – SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ



**Sumardoppur**
Doppótt svunta fyrir grillmeistarann á 400 kr. Einnig fást hanski og pottaleppar fyrir 200 krónur hvort.
Allt þetta fæst bæði í svörtu og rauðu.



**Hafðu grillið hreint**
Grillbursti með löngu skafti. 200 krónur

**Grillpenslar**
2 í pakka á 200 krónur.

**Grillkveikjari**
Já og virkar auðvitað á kertin líka. 200krónur.



**Kjöthitamælir**
svo þú vitir nákvæmlega hvenær steikin er tilbúin.
400 krónur.

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Úti er ævintýri

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** FAGNAR ENN SIGRI SPÁNVERJA



Jæja gott fólk, nú er Evrópumótinu í knattspyrnu lokið og Spánverjar sigruðu. Ég hef ekkiverið eins glaður eftir knattspyrnuleik frá því ég sigraði KR í úrslitum Íslandsmótsins árið 1991.

Það er alveg á hreinu að Þjóðverjar höfðu ekki roð við vel spilandi Spánverjum í leiknum síðasta sunnudag og eru flestir sammála mér um það. Pabbi hefur sjaldan brosað eins mikið og hefur látið allar VHS-spólurnar vera en þær innihalda sigra Spánverja í hinum og þessum leikjum. Þar ber hæst leik Spánar og Danmerkur frá heimsmeistaramótinu 1986 í Mexíkó. Leikurinn fór 5-1 fyrir Spánverja og er talinn einn sá besti sem liðið hefur leikið. Þessar spólur hafa verið einhvers konar klapp á bakið fyrir pabba eftir lélegt gengi Spánverja á stórmótum. Mamma er mjög fegin að mótinu er lokið og hefur sett hjartastuðtækið upp á háaloft.

Eftir svona stórmót tekur við nokkurra vikna aðlögunartími sem felur í sér að venjast því að setjast ekki fyrir framan sjónvarpið og bíða eftir að leikur hefjist. Nú kem ég heim eftir vinnu og hef ekki hugmynd um hvað ég á að gera, sit bara og stari út í loftið. Pabbi hefur hringt oft á dag frá því mótinu lauk og vill ræða þennan frábæra úrslitaleik og hvað Þjóðverjarnir áttu fá svör við frábærum fótbolta Spánverja. Ég leyfi honum að tjá sig að vild enda er hann búinn að bíða svo lengi eftir titlinum. Ég vil enda þessa umfjöllun mína um geðheilsu og gengi Spánverja á þessu Evrópumóti með því að óska föður mínum innilega til hamingju með sigur Spánverja. Viva España og geðheilsan hans pabba.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





GALLERÝ KJÖT
Fiskisaga
...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ LÁTA GRILLIÐ EKKI KÓLNA ALLA HELGINA
Villikryddað lamba-innanlæri
2.660 kr. kg
Fullt verð 3.810 kr. kg
16°
17°
21°
17°
Alvöru grill-hamborgarar á sértilboði
(stærðin skiptir máli!)
« SPÁIN Á LAUGARDAG
(Visir.is kl. 15.50 miðvikudag 2. júlí 2008)
Á HÖFUÐB.SVÆÐINU: GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI
Á AKRANESI: ÆGISBRAUT 29
Í REYKJANESBÆ: VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM
Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar sem hér segir:
Virka daga 10:00 – 18:30 (á Dalvegi frá 11:30 – 18:30)
Laugardaga 11:00 – 17:00 í Búðakór, Dalvegi, Grensásvegi, Höfðabakka, Tjarnarvöllum og Sundlaugarvegi.
(á Dalvegi laugardögum frá 12:00 – 17:00)

**!** **Kl. 17**
*Útgáfufagnaður í tilefni af öðru tölublaði sjónritsins Rafskinnu verður haldinn í Sirkusportinu svokallaða á horni Laugavegs og Klapparstígs í dag á milli kl. 17 og 20. Hljómsveitin Hjaltalín treður upp, plötusnúðar þeyta skífum og hönnunarfyrirtækið Borðið býður upp á sérstakan timburís í samvinnu við landsliðskokkinn Gunnar frá Vox.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Útvarpað frá Evrópu*

Í júlí og ágúst býður Rás 1 hlustendum sínum að slást í hóp tónleikagesta á hinum fjölmörgu tónlistarhátíðum sem haldnar eru vítt og breitt um Evrópu á sumrin. Á meðal hátíða sem útvarpað verður frá í sumar má nefna listahátíðina í Björgvin, kammerhátíðina í Cork á Írlandi, Mikkeli-tónlistarhátíðina í Finnlandi, Styriarte-hátíðina í Austurríki, Schubert-hátíðina í Schwarzenberg, Verbier-hátíðina í Sviss, kammertónlistarhátíðina í Delft í Hollandi og tónlistarhátíðina í Montpellier í Frakklandi.



**RÍKISÚTVARPIÐ** Niðurskurður stofnunarinnar nær ekki til erlendra tónlistarhátíða eða fótboltamóta.

Á meðal flytjenda eru Christian Tetzlaff fiðluleikari, píanóleikarinn Leif Ove Andsnes, Marinskíj-hljómsveitin frá Sánkti Pétursborg og stjórnandi hennar Valery Gergiev, Michala Petri blokkflautuleikari, Concentus Muscius Wien og Nikolaus Harnoncourt, Kammersveit Evrópu, Ian Bostridge tenór, Belcea-strengjakvartettinn, Leonidas Kavakos fiðluleikari, söngvararnir Nathalie Dessay og Jonas Kaufmann og Shlomo Mintz fiðluleikari.

Þá er ótalin ein frægasta tónlistarhátíð heims, Proms-hátíðin, sumartónlistarhátíð Breska útvarpsins. Opnunartónleikum hátíðarinnar verður útvarpað fimmtudagskvöldið 24. júlí og verða fimmtudagskvöldin fram í september síðan helguð útsendingum frá hátíðinni. Á meðal þeirra sem þar koma fram má nefna sópransöngkonuna Karitu Mattila, Olivier Latry organleikara, píanóleikarana Pierre-Laurent Aimard og Lars Vogt og hljómsveitarstjórana Gustavo Dudamel, Pierre Boulez, Thomas Adés og Myung-Whun Chung. - vþ

### > Ekki missa af…

Sýningu Kristbergs Ó. Péturssonar í húsnæði SÍM, Hafnarstræti 16. Verk hans standa í húsnæðinu út mánuðinn og eru til sýnis á milli kl. 10 og 16 alla virka daga. Kristbergur útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1985 og úr Rijksakademie van Beeldende Kunsten í Amsterdam árið 1988.

## Sýnir í Þýskalandi

Um þessar mundir standa yfir mikil hátíðarhöld í sambandi við 1.200 ára afmæli borgarinnar Bad Krozingen í Þýskalandi. Stór þáttur hátíðarinnar er málverkasýning sem fer fram í fjórum sýningarrýmum í borginni.

Menningarmálanefnd borgarinnar bauð Guðmundi Karli Ásbjörnssyni, einum erlendra myndlistarmanna, að taka þátt í sýningunni, en Guðmundur starfar mikið að list sinni í borginni og hefur skapað sér nafn í myndlistarbransanum þar. Sýningin verður opnuð 15. júlí og stendur til 15. ágúst. Einnig má geta þess að í fyrra kom út hjá bókaforlaginu Art und Weise í Badenweiler leiðsögubók um menningu og listir í Suður-Þýskalandi og eru í henni nokkrar blaðsíður helgaðar þessum íslenska myndlistarmanni. - vþ



**GUÐMUNDUR KARL ÁSBJÖRNSSON MYNDLISTARMAÐUR** Sýnir verk sín í borginni Bad Krozingen í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Valdið, manneskjan og blekkingin

Myndlistarkonan Jóna Hlíf Halldórsdóttir opnar sýninguna Aðlögun í 101 Gallerý, Hverfisgötu 18b, á morgun. Sýningin stendur til 15. ágúst.

Á sýningunni kennir ýmissa grasa; þar má sjá ljósmyndir, innsetningu og myndbandsverk sem Jóna hefur unnið að síðastliðin ár. Líkt og í fyrri verkum Jónu eru meginþemu á sýningunni valdið, manneskjan, náttúruleg fyribæri og blekking. Líkt og titill sýningarinnar gefur til kynna er aðlögunarhæfni ofangreindra fyrirbæra nokkuð í brennidepli. Í fréttatilkynningu frá listakonunni segir meðal annars: „Það hversu móttækilegur maður er fyrir breytingum, hversu auðveldlega maður breytist, er einn af mikilvægustu mælikvörðum manneskjunnar segja sumir, þar á meðal Darwin."

Jóna Hlíf fæst mestmegnis við innsetningar, myndbönd, málverk, ljósmyndir og texta í listsköpun sinni. Hún er sýningarstjóri fyrir VeggVerk og Gallerí Ráðhús á Akureyri. - vþ



**AÐLÖGUNARHÆFNI** Ljósmynd eftir Jónu Hlíf Halldórsdóttur.

# Viðamikil dagskrá Sumartónleika í Skálholti

**Sumartónleikaröð í Skálholti fer af stað nú um helgina 34. árið í röð. Það verður margt um dýrðir að vanda og boðið upp á skemmtun og andlega næringu fyrir alla fjölskylduna.**

Að þessu sinni nær tónlistarhátíðin yfir sex vikur og hefur aldrei verið umfangsmeiri. Tónleikarnir verða alls 27 auk sex fyrirlestra og fjögurra listsmiðja fyrir yngri kynslóðina. Fyrstu tónleikar sumarsins fara fram á laugardag kl. 14. Þar flytur Kjartan Óskarsson erindi um Blásaratónlist í Bæheimi og Vínarborg og svo verður leikin blásaratónlist eftir Myslivececk, Fiala, Mozart og Cartellieri. Sama dag kl. 17 verður leikin tónlist fyrir bassafiðlur og pikkólóselló frá 17. öld, en flytjendur á þeim tónleikum eru þeir Dean Ferrell og Sigurður Halldórsson.

Sigurður er ekki einungis flytjandi á tónleikahátíðinni heldur einnig listrænn stjórnandi hennar. „Þetta er afar viðamikil tónleikadagskrá; haldinn verður fjöldinn allur af tónleikum í viku hverri þessar sex vikur sem hátíðin stendur yfir og fjöldi flytjenda er hátt í 200 manns. Tónlistarhópar á borð við Hljómeyki og Bachsveitina í Skálholti verða á sínum stað og svo verður einnig boðið upp á flutning nokkurra erlenda tónlistarmanna," segir Sigurður.

Sem fyrr verður megináhersla hátíðarinnar á barokktónlist og nýja íslenska tónlist. Sigurður segir efnisskrána þó spanna breitt svið barokktímabilsins. „Að þessu sinni verður flutt tónlist frá Frakklandi, Ítalíu, Þýskalandi, Englandi og Spáni sem spannar allt frá upphafi og til enda barokktímabilsins. Það mætti því segja að á hátíðinni verði boðið upp á eins konar yfirlit yfir barokktónlist eins og hún leggur sig. Við erum þó farin að læða að tónlist frá rómantíska tímabilinu á tónleikum á fimmtudögum. Þar geta áhorfendur átt von á að heyra verk eftir tónskáld á borð við Verdi og Schubert sem hafa ekki mikið verið leiknir á þessari hátíð hingað til."

Aðgangur að tónleikum hátíðarinnar er ókeypis og öllum opinn. Dagskrá sumarsins í heild, með söngtextum og upplýsingum um verkin á efnisskránum, verður þó seld á vægu verði í anddyri Skálholtskirkju, áhugasömum til glöggvunar. Nánari upplýsingar um hátíðina má nálgast á slóðinni www.sumartonleikar.is.

vigdis@frettabladid.is



**SIGURÐUR HALLDÓRSSON** Listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholti.




## Djassað á Gljúfrasteini

Sunnudagstónleikaröð Gljúfrasteins heldur áfram á sunnudag kl. 16. Þá troða þar upp þau Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona, Agnar Már Magnússon píanóleikari og Helga Björg Ágústsdóttir sellóleikari og spila djass fyrir viðstadda. Á efnisskránni má finna verk eftir tónskáldin Sunnu Gunnlaugsdóttir, Tómas R. Einarsson og Sigurð Flosason við ljóð ýmissa þekktra íslenskra ljóðskálda, þar á meðal Tómasar Guðmundssonar og Halldórs Laxness.

Unnendur djass og góðrar tónlistar, sem og unnendur íslenskrar ljóðlistar, ættu því ekki að láta þennan viðburð framhjá sér fara. Sem fyrr er aðgangseyrir aðeins 500 kr. og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. - vþ



**HELGA BJÖRG, AGNAR OG KRISTJANA** Spila djass á Gljúfrasteini á sunnudag.


BMW X6
www.bmw.is
BMW
Sheer Driving Pleasure
forstjóri
fyrirliði
Frumsýnum X6
nýja sportbílinn / lúxusjeppann frá BMW
**BMW X6 sameinar fágun og aksturseiginleika sportbílsins við rými og fjölhæfni lúxusjeppans.** Tilkoma BMW X6 hefur skapað þörf fyrir nýjan flokk bifreiða sem kallast Sports Activity Coupé (SAV). Sem fyrr er BMW leiðandi í hönnun og tækniþróun í bílaframleiðslu. Það er vissulega engin tilviljun að BMW náði fyrir nokkru að verða stærsti lúxusbílaframleiðandi í heimi.
Segja má að með X6 sé skyggnst inn í framtíðina hjá BMW. Meðal annars má nefna tölvustýrðan drifbúnað sem kallast Dynamic Performance Control og vinnur með BMW xDrive fjórhjóladrifinu. DPC kerfið tryggir að senda má allt að 100% af afli vélarinnar til eins hjóls í einu. Aldrei hafa slíkir aksturseiginleikar verið í boði í svo stórum bíl. BMW X6 hefur fært markið lengra í burtu. Þetta er nýjasti leiðtoginn á götunum og hvort sem þú ert forstjóri eða fyrirliði þá er þessi bíll sniðinn fyrir þig. **Líttu við í BMW umboðinu að Grjóthálsi 1. BMW X6 – fyrsti bíll sinnar tegundar.**
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is
B&L
Með bílinn handa þér



**STÚLKNAKÓRINN GRADUALE NOBILI** Kemur fram á fyrstu tónleikum ársins í tónleikaröðinni Sumartónleikar í Akureyrarkirkju.

# Stúlknakór hefur tónleikaröð

Tónleikaröðin Sumartónleikar í Akureyrarkirkju hefst næstkomandi sunnudag kl. 17, en boðið verður upp á tónleika í kirkjunni alla sunnudaga í júlí. Að vanda er dagskrá hátíðarinnar fjölbreytt og ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Danski orgelleikarinn Bine Bryndorf mun leika orgeltónlist, hljómsveitin Spilmenn Ríkínís flytur íslensk þjóðlög á gömul íslensk hljóðfæri og Eyþór Ingi Jónsson organisti í Akureyrarkirkju mun ásamt Michael Jóni Clarke vinna með sálmaþema. Á fyrstu tónleikum hátíðarinnar nú á sunnudag mun stúlknakórinn Graduale Nobili undir stjórn Jóns Stefánssonar syngja íslenskar kórperlur í bland við minna þekkt erlend lög.

Það má víst fullyrða að stelpurnar í Graduale Nobili hafi komið, séð og sigrað þegar þær stigu fyrst fram á sjónarsviðið í apríl 2001 og héldu fyrstu tónleika sína í Langholtskirkju. Gagnrýnendur kepptust við að lofa kórinn og þegar fyrsta plata kórsins kom út, nokkrum mánuðum síðar, var talað um sjaldheyrða fágun, ótvíræð raddgæði og innlifaðan söng. Þá gerðu stúlkurnar sér lítið fyrir og hrepptu önnur verðlaun í Evrópukeppni æskukóra í Kalundborg í Danmörku og skipuðu sér þar með í röð fremstu æskukóra heims aðeins örfáum mánuðum eftir stofnun.

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju hafa farið fram árlega frá því árið 1987. Upphafsmenn tónleikanna voru þau Margrét Bóasdóttir söngkona og Björn Steinar Sólbergsson organisti við Akureyrarkirkju. Tónleikaröðin gekk í tólf farsæl ár undir nafninu Sumartónleikar á Norðurlandi, en flutti sig árið 1999 í Akureyrarkirkju og hlaut af því núverandi nafn.

Tónleikarnir standa í klukkustund án hlés, aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir. -vþ

# Færeyskt mannlíf í Norræna húsinu

Ljósmyndasýningin „Þorp – Það sem augað sér ekki“ verður opnuð í anddyri Norræna hússins á laugardag kl. 16. Á sýningunni má sjá hluta afraksturs ljósmyndaferðar á vegum ljósmyndafélagsins Fókuss til Færeyja. Þátttakendur hrifust af þorpunum og mannlífinu í Færeyjum og ákváðu þeir því að gera færeyska þorpinu skil með völdum myndum sem sýna ýmsar hliðar á þorpslífinu.

Hópurinn sýndi nokkrar myndir frá Færeyjaferð sinni á ljósmyndasýningunni Hugnám á Ljósanótt í Reykjanesbæ síðastliðið haust. Sýningin sem opnuð verður í Norræna húsinu um helgina fer svo til Færeyja á komandi vetri og verður sett upp í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn.

Ljósmyndararnir sem eiga verk á sýningunni eru Anna Jonna Ármannsdóttir, Einar Ásgeirsson, Elín Þórðardóttir, Georg Theodórsson, Guðmar Guðjónsson, Helga Jörgensen, Helgi Bjarnason, Kim Mortensen, Rafn Sigurbjörnsson og Sæþór L. Jónsson. - vþ



**FÆREYINGUR** Þessi mynd er á meðal þeirra sem sjá má á sýningunni Þorp í Norræna húsinu.

# Mistur og gróður

Ljósmyndasýningin Mistur verður opnuð í ljósmyndagalleríinu Fótógrafí á laugardag kl. 17. Höfundur sýningarinnar er Berglind Björnsdóttir. Sýningin samanstendur af myndum af trjám og gróðri sem stækkaðar eru á álplötur. Í fyrstu virðast myndirnar óskýrar eins og þær renni saman við rýmið. Síðan birtast þær, fjarlægar og daufar eins og fölnuð minning í huga manns. Myndirnar eru afrakstur tilraunar ljósmyndarans til að nýta ónýtar filmur.

Berglind hefur haldið nokkrar einkasýningar síðastliðin ár og tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Nýlega vann Berglind myndverk fyrir Thompson LES hótelið í New York.

Sýningin Mistur stendur til 2. ágúst. - vþ



**BERGLIND BJÖRNSDÓTTIR** Sýnir ljósmyndir í Fótógrafí frá og með laugardeginum.

# Ungfónía frumflytur verk eftir Benna Hemm Hemm

**Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, mun frumflytja verkið „Allt inn ekkert út – Níels á Húsavíkurfjallinu“ eftir Benna Hemm Hemm á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði á sunnudaginn. Tónleikarnir verða síðan endurteknir fyrir borgarbúa mánudaginn 7. júlí í Háskólabíói.**

„Ungfónían hafði samband við mig og kynnti fyrir mér þessa hugmynd, að semja verk fyrir mína hljómsveit og Ungfóníu fyrir þjóðlagahátíð,“ segir tónskáldið Benedikt Hermann Hermannsson, betur þekktur sem Benni Hemm Hemm. Áhuginn á samstarfinu var síðan svo mikill að Ungfónían og hljómsveit Benna Hemm Hemm héldu tvenna tónleika í Iðnó 19. júní síðastliðinn þar sem lög hljómsveitar Benna Hemm Hemm voru spiluð í útsetningu fyrir sinfóníuhljómsveit.

Benni er með gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands og hefur þess vegna samið nokkur tónverk en þó aldrei fyrir sinfóníuhljómsveit. „Samstarfið hefur verið ótrúlega skemmtilegt og gaman að komast að því að engar leynilegar hindranir koma í veg fyrir þetta. Þetta er mjög svipað, eins og alltaf þegar ég er að semja,“ segir Benni spurður um hvort ekki sé erfitt að semja fyrir sinfóníuhljómsveit.

Nafn verksins „Allt inn ekkert út – Níels á Húsavíkurfjallinu“ er sótt í sögu sem afi Benna sagði honum sem enginn annar hefur heyrt. „Sagan er um Níels sem vildi bruna niður fjallið á Húsavík á skíðum. Honum var sagt að það væri ekki hægt af því að hann myndi springa. Hann fór upp á fjallið og reifaði sig allan, brunaði niður og sprakk ekki. Sagan var sérstaklega skemmtileg þegar afi minn sagði mér hana,“ segir Benni. Hann segir að stemningunni í verkinu svipi til þess þegar afi hans sagði honum söguna.



**HLJÓMSVEIT BENNA HEMM HEMM** Benni segir ótrúlegt að vera í hópi stórtónskáldana Copland and Mendelssohn.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, í daglegu tali kölluð Ungfónía, samanstendur af ungmennum á aldrinum 14-25 ára sem leggja stund á sígilt tónlistarnám í tónlistarskólum höfuðborgarsvæðisins. Hljómsveitin hefur verið starfandi frá árinu 2004 undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

Tónleikar Benna Hemm og Ungfóníu í Reykjavík verða í Háskólabíói kl. 20 hinn 7. júlí. Önnur tónverk á efnisskránni eru „Vor í Appalachiafjöllum“ eftir Aaron Copland og Sinfónía númer þrjú, „sú skoska“ eftir Felix Mendelssohn.

„Það er ótrúlegt að vera í hópi með þessum stórskáldum,“ segir Benni að lokum. vidirp@frettabladid.is



*Flug aðra leiðina með sköttum.

## NÝJAR PLÖTUR

Út er kominn kassi með fyrstu sjö diskunum sem gefnir voru út undir heitinu Íslandslög, en safnið er hugarfóstur **Björgvins Halldórssonar** söngvara og framleiðanda. Fyrsti diskurinn kom út 1991 og sá sjöundi í safninu er frá í fyrra. Kassanum fylgir vandaður bæklingur með upplýsingum um lögin sem eru frá ýmsum tímum á liðnum hundrað árum og ægir þar saman sönglögum fyrri tíma í bland við yngri tónsmíðar. Flutningur er í höndum allra helstu söngvara okkar og gefur safnið því einstakt yfirlit yfir íslenska sönglagahefð þótt útsetningar og túlkun sé okkar tíma. Það er Sena sem gefur kassann út og eru skýringar í bæklingnum á íslensku og ensku en safnið mun í upphafi hafa verið hugsað jafnt fyrir íslenska njótendur og erlenda gesti.



Sena hefur einnig staðið fyrir útgáfu á nýjum diski með söngvaranum **Helga Björnssyni** þar sem saman er safnað íslenskum söngvum sem tengjast hestamennsku og útreiðum. Annast Helgi sjálfur flutninginn og hefur kosið að setja lögin, sem eru af ýmsum uppruna og frá ýmsum tímum, í búning bandarískrar kántríhefðar. Diskurinn ber nafnið Ríðum sem fjandinn og eru fjórtán lög í þessu safni af hestavísum og reiðlögum.




Breska fyrirtækið Believer hefur sent frá sér nýjan disk með hljóðritunum **Garðars Thors Cortes.** Sena annast íslenska útgáfu á þessu nýja safni, en Cortes – When You Say You Love Me kom út samtímis hér á landi og á Bretlandseyjum. Á disknum eru fjórtán lög, kunnar óperuaríur og kunn erlend lög auk íslenska lagsins við ljóð Jóhanns Sigurjónssonar, Sofðu unga ástin mín. Friðrik Karlsson stjórnar upptökum sem fóru fram í Tékklandi og á Englandi, en útsetningar eru eftir Óskar Einarsson. Þetta er þriðji diskurinn sem Garðar sendir frá sér á skömmum tíma.




# Meistarasöngvararnir eftir Wagner sendir út á vefnum

**Síðar í þessum mánuði býður hátíðin í Bayreuth áhugasömum uppá sýningu á veraldarvefnum á óperu Richards Wagner, Meistarasöngvurunum frá Nürnberg. Viðbúnaðurinn vegna þessa flutnings verður nokkur því útsendingin á vefnum verður frá frumsýningu á verkinu, sem er um leið opnunarsýning á hátíðahöldum sumarsins þar í borg.**



**MENNING** Wolfgang, sonarsonur Wagners og Kosimu, kona hans Guðrún og dóttir þeirra Katharina, en hluti fjölskyldu Wagners heldur fast um stjórnartauma í Bayreuth. MYND/NORDICPHOTOS/AFP

Er þetta í fyrsta sinn sem ráðist er í slíka útsendingu frá Bayreuth og gengur þessi virta og eftirsótta hátíð þá í lið með Metropolitan í New York og Teatro alla Scala í Mílanó. Það verður ekki ókeypis að taka við streymi frá Bæheimi klukkan 14 á GMT í þær tæpu fimm klukkustundir sem óperan tekur í flutningi: 49 evrur kostar dýrðin. Þykir óperuunnendum víða um heim það nokkuð dýr kostur en verð á svipuðum viðburðum hefur til þessa verið um 15 evrur. Miði á frumsýninguna kostar á bilinu 50 til 200 evrur, ef þú ert svo heppinn að eiga kost á miða. Sjö ára bið er eftir miðum á hátíðina í Bayreuth. Íslenskir Wagner-aðdáendur hafa allar götur frá flutningi Niflungahringsins hér á landi í Þjóðleikhúsinu notið þeirrar gæfu að fá tiltekinn fjölda miða fyrir Wagnerfélagið á Íslandi. Segja gárungar að það sé stysta leiðin til að komast á hátíðina í Bayreuth að ganga í Wagnerfélagið íslenska, en á þess vegum fer hópur ár hvert á hátíðina þar suður frá.

Hátíðin í Bayreuth er einn af hápunktum í óperulífi Evrópu ár hvert. Til hennar var stofnað af tónskáldinu 1872 með tilstyrk Leopolds konungs í Bæjaralandi. Hún er helguð flutningi á tíu óperuverkum Richards Wagner og er með reglulegu millibili efnt til nýrra sviðsetninga á verkunum sem síðan eru endurflutt nokkur ár í röð. Íslendingar hafa komist næst framleiðslu á sýningum á hátíðinni þegar Lars von Trier var boðið að setja Niflungahringinn á svið fyrir fáum árum og átti Karl Júlíusson að gera leikmyndina. Á síðasta snúningi heyktist Lars á þessu mikla verki, en Árni Björnsson þjóðfræðingur hefur sýnt fram á með óyggjandi hætti að Richard Wagner nýtti mikið af fornnorrænum textum við smíði Niflungahringsins.

Að þessu sinni er það Katharina Wagner, barnabarnabarn tónskáldsins sem setur verkið á svið: í samtali við fréttaritara AP segir hún þessa nýjung til að opna fleiri áhorfendum leið að flutningi hátíðarinnar sem til þessa hefur verið bundin við sjónvarpsútsendingar og útgáfur á DVD. Upptaka þann 27. júlí verður síðan klippt til og gefin út á mynddiski í haust. Það háa verð sem menn verða að greiða segja forsvarsmenn að sé nauðsynlegt til þess að greiða kostnað við kaup á rétti söngvara. Útsendingin verður sýnd á stóru tjaldi á aðaltorgi bæjarins og er ókeypis. Kaupa má flutninginn eftir 27. júlí af vef hátíðarinnar til 2. ágúst. Þá geta menn fylgst með hátíðinni á bak við tjöldin í stuttum myndum sem sækja má á hátíðarvefinn í gegnum iTunes.

Kvikmyndun á verkinu er gerð með átta fjarstýrðum tökuvélum sem er haganlega komið fyrir í hinum sérstaka sal óperuhússins þar sem hljómsveitargryfja fyrir hljómsveit af stærstu gerð er hulin. Flest fyrirtæki sem sérhæfa sig í tökum af þessu tagi nota bæði mannstýrðar og fjarstýrðar tökuvélar en þess er ekki kostur hér: löngu er uppselt á frumsýninguna og því ekki létt að rýma fyrir tökuvélum. Þetta er í fyrsta sinn sem sviðsetning á vegum hátíðarinnar er fest á band síðan 1991 og í fyrsta sinn sem það er gert að áhorfendum viðstöddum. „Við verðum að fylgja tímanum," segir Katharina Wagner og segir þessa tilraun marka nýja stefnu fyrir hátíðina og auðvelda áhugasömum aðgang að tónlist langafa síns. Meðal flytjenda eru Klaus Florian Vogt, Franz Hawlata og Michaela Kaune. Sebastian Weigle stjórnar hljómsveitinni. Þeir sem vilja kynna sér þessa útsendingu geta leitað á slóð http://live.bayreuther-festspiele.de/index.html.

Forstjóri Norræna hússins hafði í hyggju að bjóða upp á beinar útsendingar frá óperum norðurlanda og víðar að í starfsemi Norræna hússins. Af því hefur ekki orðið enn. Áhugamenn um óperur og óperutónlist hér á landi skipta þúsundum og gæfist þeim kostur á slíkum útsendingum yrði það vafalítið vel þegið.

**pbb@frettabladid.is**






> EKKERT AÐ HÆTTA

Í gær voru blöðin full af fréttum af því að Eddie Murphy ætlaði að hætta að leika í bíómyndum og snúa sér að uppistandi á ný. Þetta er ekki allskostar rétt því Eddie er þegar byrjaður að tala um að það þurfi að gera fjórðu Beverly Hills Cop-bíómyndina. „Það verður bara að gera nýja mynd því þriðja myndin var svo glötuð,“ sagði Eddie á MTV. „Ég vil ekki að allir haldi að Alex Foley sé bara einhvers staðar með fingurinn uppi í eigin r...gati!“



# bíó

bio@frettabladid.is

# Dagur Kári fer í sólina

Dagur Kári Pétursson heldur með tökuliði sitt í Dóminíska lýðveldið í dag til að ljúka upptökum á kvikmyndinni The Good Heart. Í gær var síðasti tökudagur á myndinni í New York, en þar var Dagur ásamt sínu fólki við upptökur í tíu daga. Í Dóminíska lýðveldinu verður tekinn upp lokakafli myndarinnar með aðalstjörnunni Brian Cox.

Fréttablaðið hefur sagt ítarlega frá The Good Heart. Auk áðurnefnds Brians Cox fer ungstirnið Paul Dano með stórt hlutverk í myndinni. Tökur hófust á Íslandi í vor en síðan var haldið til New York.

Þórir Snær Sigurjónsson, einn framleiðenda myndarinnar hjá ZikZak, segir að allt hafi gengið vel í New York. „Nema þegar við vorum að taka undir Brooklyn-brúnni á fimmtudag. Þá misstum við skyndilega leyfið til að taka. Eina útskýringin á þessu sem við fengum var að Ólafur Elíasson var að opna fossana sína sama kvöld. Það var dálítið skrítið,“ segir Þórir Snær sem segir þetta ekki hafa komið að sökum. „Við hrókeruðum bara aðeins til í áætlun og tókum aðra senu við hliðina á brúnni. Svo var allt komið í lag daginn eftir.“

- hdm



**FER Í SÓLINA** Dagur Kári lýkur upptökum á kvikmyndinni The Good Heart í Dóminíska lýðveldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Pandvitlaus Hancock

Tvær ekta sumarmyndir komu í bíó í þessari viku, grínteiknimyndin Kung Fu Panda og grínspennumyndin Hancock.

Í Kung Fu Panda þykir grínistinn Jack Black fara á kostum í talsetningu fyrir klaufalegu pönduna Po. Pandan lætur sig dreyma um kung fu-frama í núðlubúð fjölskyldu sinnar. Þegar ill panda flýr úr fangelsi er Po valinn af aldargömlum spádómi til þess að stöðva hana. Po er settur í læri hjá heimsfrægum kung fu hópi og saman gerir hópurinn sitt besta til að stöðva óþokkann.

Myndin hefur fengið fína dóma og þykir Jack Black fara á kostum. Aðrir sem tala yfir skrípóið eru meðal annars Dustin Hoffman, Angelina Jolie, Jackie Chan og Lucy Liu. Myndin er bæði sýnd á ensku og með íslensku tali. Hjálmar Hjálmarsson talar fyrir pönduna Po og þykir ekki fara á minni kostum en Jack Black.

Í Hancock leikur Will Smith misheppnuðu ofurhetjuna John Hancock. Hann er alltaf fullur og í tómu rugli, ofurhetjan sem allir elska að hata. Það er ekki fyrr en Hancock bjargar lífi almannatengils sem hlutirnir byrja að breytast. Almannatengillinn býðst til að laga ímynd hans en það er svo sannarlega ekki auðvelt verk.

Hancock hefur fengið misjafna dóma, allt frá því að þykja frumleg, flott og fyndin, í að þykja sundurlaus, mótsagnakennd og klúr.

**KUNG FU PANDA**
Metacritic: 73/100
Imdb notendur: 8,1/10
Rotten Tomatoes: 88%

**HANCOCK**
Metacritic: 50/100
Imdb notendur: 6,5/10
Rotten Tomatoes: 34%



**FRUMSÝNINGASTJÖRNUR VIKUNNAR** Jack Black og Will Smith.






# Vélmennin Atli og Inga

**Teiknimyndin Wall-E frá Pixar verður frumsýnd um miðjan júlí. Júlíus Agnarsson sér um talsetningu á myndinni.**

Júlíus Agnarsson, hjá Stúdíói Eitt, byrjaði í talsetningunum árið 1990 og hefur talsett hátt í 150 myndir síðan. Hann má auðveldlega kalla „döbb“kóng Íslands. „Eftirminnilegasta myndin finnst mér Lion King. Ég er einna hreyknastur af henni,“ segir hann. „Annars er ekkert að marka hvað mér finnst. Ég sé þetta yfirleitt bara svarthvítt með tímakóðum á litlum skjá og er að hjakka í sama atriðinu aftur og aftur. Það er náttúrulega allt annar fílingur að sjá þetta á stóru bíótjaldi. Síðast sá ég Ratatouille í bíó og ég var mjög sáttur við hana.“

Næsta verkefni Júlíusar sem kemur á hvíta tjaldið er teiknimyndin Wall-E frá Pixar. Hún verður frumsýnd á Íslandi um miðjan júlí, en var frumsýnd í síðustu viku í Bandaríkjunum og hefur fengið rífandi góðar móttökur gagnrýnenda. Myndin varð aðsóknarmest í frumsýningarvikunni.

„Það má segja að það sé minnst talað í þessari mynd af öllum sem ég hef talsett,“ segir Júlíus. „Það eru heillangir kaflar þar sem ekkert er sagt en vélmennin renna bara um.“

Myndin er um vélmennið Wall-E sem Atli Rafn Sigurðarson talar fyrir. Wall-E er skilinn einn eftir á jörðinni til að taka til eftir mannkynið sem búið er að koma sér í burtu. „Þetta var fyndin vinna. Það er langt síðan ég hef skemmt mér jafn vel við að „döbba“ teiknimynd,“ segir Atli. „Ég var aðallega í því að gefa frá mér einhver hljóð – allt nákvæmlega eftir handriti samt – og svo er því öllu breytt eftir á með „sándeffektum“.“

Inga María Valdimarsdóttir talar fyrir Evu, kvenvélmennið sem Wall-E fellur fyrir. „Ég sagði aðallega „Wall-E“ aftur og aftur, en með hinum ýmsu blæbrigðum,“ segir hún. „Ég held að þetta sé mjög góð mynd og það er góður boðskapur í henni, sérstaklega á okkar tímum.“

Inga hefur talað í fjölmörgum teiknimyndum og segir stórkostlegt að vinna með Júlíusi, „Hann er svo flinkur og talsetur allar bestu myndirnar“.

gunnarh@frettabladid.is



**DÖBBKÓNGUR ÍSLANDS** Júlíus Agnarsson hefur „döbbað“ hátt í 150 myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**ÚR WALL-E** Teiknimynd með góðum boðskap.



**GEFA FRÁ SÉR HLJÓÐ** Atli Rafn og Inga María tala fyrir vélmennin.

# Office-nörd í Transformers

Myndin um „bílakarlana“, Transformers, varð einn af smellum bíósumarsins í fyrra. Myndin var ekki síst gerð fyrir atbeina leikfangaframleiðandans Hasbro, sem hefur selt ófáa leikfangabílakarla síðan. Nú eru tökur hafnar á framhaldsmynd, Transformers 2, Revenge of the Fallen, sem er sögð verða betri, beittari og meira spennandi en sú fyrri. Ný leikfangalína verður væntanlega sett á markað í kjölfarið.

Sama fólk er aftur á svæðinu. Michael Bay leikstýrir eins og fyrri myndinni, Shia LaBeouf og Megan Fox leika unga fólkið sem lendir í hremmingum, John Turturro og Jon Voight leika fulltrúa yfirvalda og sömu leikarar tala fyrir bílakarlana.

Rainn Wilson, sem leikur Dwight Schrute í amerísku útgáfunni af The Office, er þó nýr í þessu umhverfi og mun leika kennara unglinganna í myndinni, Professor Colon.



**LEIKUR KENNARA Í TRANSFORMERS 2** Rainn Wilson er þekktastur fyrir The Office.

# Nóg að gera hjá Sacha Baron Cohen

Snillingurinn Sacha Baron Cohen þarf ekki að kvarta yfir aðgerðaleysi á næstunni. Hann er orðaður við aðalhlutverk í fimm myndum sem mislangt eru komnar í vinnslu.

Tökur standa nú yfir á ónefndri mynd þar sem „alteregóið“ Brüno fær að leika lausum hala. Brüno er ýkt tískulögga frá Austurríki og karakter sem oft hefur sést í sjónvarpsþáttum Sacha. Þeir fæddu sem kunnugt er einnig af sér Ali G og Borat.

Myndin Curly Oxide and Vic Thrill fjallar um Curly (Sacha) sem er pönkari sem stofnar hljómsveit með uppreisnargjörnum harðlínugyðingi. Tina Fey, sem skrifaði hina ágætu grínþætti 30 Rock, skrifar handritið að myndinni.

Í myndinni Dinner for Schmucks leikur Sacha ótrúlega heimskan mann sem hefur þá „hæfileika“ að eyðileggja líf hvers þess sem eyðir nokkrum mínútum í félagsskap hans.

Sjálfur Steven Spielberg leikstýrir myndinni The Trial of the Chicago 7 sem fjallar um frægt dómsmál gegn mótmælendum Vietnam-stríðsins sem árið 1968 voru kærðir fyrir samsæri og landráð. Sacha leikur uppreisnarmanninn Abbie Hoffman en Will Smith er orðaður við hlutverk leiðtogans Bobby Seale.

Þá hefur Sacha verið orðaður við hlutverk Sherlocks Holmes í mynd þar sem sjálfur Will Ferrell mun leika aðstoðarmanninn Watson.



**NÓG AÐ GERA** Sacha Baron Cohen, snillingur.



**ÚR TROPIC THUNDER** Ben Stiller með vélbyssu.

## Ben drekkur Booty Sweat

Næsta mynd Bens Stiller heitir Tropic Thunder og verður hún tekin til sýninga í lok ágúst. Myndin fjallar um hóp leikara sem eru að leika í stríðsmynd, en vegna furðulegra atburða gerast þeir alvöru hermenn. Ben leikstýrir myndinni sjálfur en með honum leika meðal annars Jack Black, Robert Downey Jr., Steve Coogan og Nick Nolte. Í myndinni þambar persóna Bens orkudrykkinn Booty Sweat í gríð og erg. Í tilefni af myndinni verður drykkurinn búinn til í alvörunni og settur á markað. Menn hjá Paramount eru yfir sig spenntir og telja að drykkurinn geti jafnvel lifað lengur en sjálf myndin ef vel tekst til með framleiðslu hans.



**SVART/HVÍTUR** Robert Downey Jr. með meik.

## Blökkumaðurinn Robert Downey Jr

**Í grínstríðsmyndinni Tropic Thunder, sem getið er hér að ofan, leikur Robert Downey Jr. blökkumanninn Kirk Lazarus. Hann óttast ekki svo mjög háværar hneykslunarraddir. „Ef okkur tekst að gera þetta almennilega, verður þetta hlutverk sem Peter Sellers hefði verið fenginn í fyrir 35 árum. Ef þetta er ekki gert almennilega förum við allir til helvítis!“**



**UPPREISNARMAÐUR** Hunter S. Thompson.

## Gonzo í bíó

„Ég er hundleiður á gömlum mönnum sem láta sig dreyma um ný stríð fyrir unga menn til að deyja í,“ segir George McGovern í heimildarmyndinni Gonzo um blaðamanninn Hunter S. Thompson. George tapaði fyrir Nixon í forsetakosningunum 1972 og er einn margra viðmælenda í myndinni, aðrir eru til dæmis Jimmy Carter og Jann Wenner, eigandi tímaritsins Rolling Stone. Hunter er frægastur fyrir bók sína (og seinna bíómynd) Fear and Loathing in Las Vegas. Johnny Depp er þulur í myndinni en leikstjóri er Alex Gibney. Fyrri verk hans eru meðal annars Enron: The Smartest Guys in the Room og Taxi to the Dark Side, sem fékk Óskarinn síðast í flokki heimildarmynda.



> DÖÐLUR...

eru brúklegar til margs. Mjög gott er að bæta nokkrum döðlum í salatið eða jógúrtina. Einnig eru þær góðar með ostum eða bara einar og sér sem smá snarl á milli mála.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN VALDIMAR ÖRN FLYGENRING

# Borðaði hrá risaskjaldbökuegg á Kosta Ríka

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Fisks. Ég borða mikið af honum og nýveidd sjóbleikja úr Vatnsdalnum er í uppáhaldi.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Það var máltíð sem ég borðaði árið 1986 með Richard Avedon á ódýrum veitingastað í Kínahverfi New York-borgar. Richard þekkti staðinn og ég gleymi ekki humrinum sem við fengum. Það var eitthvað í bragðinu sem ég hef aldrei fundið áður og svo var félagsskapurinn ekki af verri endanum. Það skiptir máli.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég get ekki sagt að mér finnist nokkur matur vondur, þó hugsa ég að mælaborðið í nýja Hillmaninum hans pabba árið 1964 hafi ekki verið eins ljúffengt og lyktin gaf til kynna þegar ég beit í það. Jólakúlurnar árið áður voru heldur ekki bragðbesti desert sem ég hef smakkað.



**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Saffran krydd og Maldon salt. Ég nota það út í hvað sem er, til dæmis fiskisúpur.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ávexti, helst melónur. Þær eru æðislegar og fullar af andoxunarefnum.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á alltaf til ost, mjólk og ávaxtasafa.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ef maður fyndi ekki eitthvað matarkyns á eyjunni væri maður dauðans matur, svo ég myndi bara taka með mér eitthvert gott krydd eins og saffran, salt og pipar.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það eru hrá risaskjaldbökuegg á Kosta Ríka þar sem ég var að vinna á fiskibát. Þau voru óútskýranleg á bragðið og engu lík. Áferðin var svipuð venjulegri eggjarauðu, en bragðið allt öðruvísi.

# Svalandi íste í hita

Í sumarhitanum getur verið gott að svala þorstanum með ísköldu ístei. Íste er vinsæll drykkur víða í Evrópulöndunum og Bandaríkjunum og þykir góður og ferskandi svaladrykkur. Íste er hægt að kaupa tilbúið í flöskum og duftformi og fæst oft með mismunandi bragðtegundum. Vinsælust eru íste með sítrónu-, ferskju- og kirsuberjabragði. Það er þó mjög auðvelt að blanda sitt eigið íste. Það sem til þarf er:

4 tepokar
1 bolli af ferskum sítrónusafa
(5-6 sítrónur)
1/2 bolli af fínum sykri
3 sneiðar af sítrónu

Látið tepokana liggja í því sem samsvarar fjórum bollum af sjóðandi vatni í tíu mínútur. Takið tepokana úr vatninu og látið vatnið kólna. Setjið sítrónusafann, sykurinn og fjóra bolla af köldu vatni í könnu og hrærið vel. Bætið við teinu og sítrónusneiðunum og loks nokkrum ísmolum. Yfirleitt er svart te notað í ísteið en þar sem hægt er að kaupa margar spennandi tegundir af tei í flestum verslunum gæti verið gaman að prófa sig svolítið áfram sjálfur.



**ÍSTE KÆLIR OG KÆTIR Í SUMAR** Ísteið er kjörið í lautarferðina og fyrir börnin.

# Gúrkusalat með jógúrtdressingu

Mörgum þykir salat vera ómissandi partur af máltíð. Fyrir þá sem vilja auka salatneyslu sína, en eru ekki hrifnir af venjulegu fersku salati er tilvalið að breyta til með því að setja þurrkaða ávexti, ost, fræ og balsamikedik út á salatið. Hrásalat er líka vinsælt meðlæti með kjöti og grillmat, en fyrir þá sem hugsa um línurnar er gúrkusalat með jógúrtdressingu, oft kallað „tzatziki" ef til vill betri kostur.



**TILVALIÐ MEÐLÆTI** Gúrkusalat passar vel með flestum mat og er gott meðlæti með grilluðu kjöti og fiski.

Gúrkusalatið passar vel með flestum mat og er algengt meðlæti með krydduðum austurlenskum mat. Kosturinn við salatið er að það er bæði ferskt og fljótlegt í undirbúningi og passar vel með grilluðu kjöti og fiski.

**Gúrkusalat í jógúrtsósu**
2 gúrkur, fræhreinsaðar og sneiddar niður.
Einn bolli hrein jógúrt eða AB-mjólk
1 teskeið þurrkað dill eða tvær af fersku

Öllu blandað saman í skál
Kryddað með salti og pipar
Einnig getur verið gott að setja ferska myntu út í salatið í staðinn fyrir dill.




Ferskasta fiskmetið...
spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.
www.galleryfiskur.is
Fiskverslun
Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882
Gallerý fiskur
Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað


# Innblástur úr öllum áttum

**Ingólfur Þór Pétursson flugþjónn hefur gaman af því að elda og hanna eigin uppskriftir. Hann fer yfirleitt eftir tilfinningunni þegar kemur að magni og býður lesendum upp á léttan pastarétt með kjúklingi.**



**HOLLT OG EINFALT** Ingólfur er mikið fyrir að búa til holla og einfalda rétti úr því sem er til hverju sinni og finnst gaman að prófa sig áfram í eldhúsinu.

„Einhverra hluta vegna elda ég aldrei eftir málum, grömmum, eða öðrum fyrir fram ákveðnum mælieiningum. Ég nota bara hendurnar og sjónina þegar kemur að magni og það virðist gagnast mér best í eldamennskunni. Maturinn virðist alltaf duga og rétt rúmlega það," segir Ingólfur, sem hefur mjög gaman að því að prófa sig áfram í eldhúsinu.

„Ég reyni yfirleitt að elda frekar hollan mat, en miða þá bara út frá því sem er til hverju sinni í búðinni því mér finnst algjör óþarfi að eltast við einhver sérstök hráefni og að peningabuddan þurfi að gjalda fyrir að maður vilji borða hollt. Oftast geri ég líka frekar einfalda rétti svo þeir taki ekki of langan tíma, því þó svo að mér finnist virkilega gaman að elda gefst mér sjaldnast mikill tími í eldhúsinu svona dags daglega," útskýrir Ingólfur, sem starfar sem flugþjónn hjá Icelandair.

Spurður hver séu uppáhaldshráefnin segist Ingólfur vera mikið fyrir að blanda saman uppskriftum frá mismunandi heimshornum. „Þá nota ég til dæmis gott íslenskt hráefni í kryddaðan austurlenskan mat. Annars elda ég mikið úr kjúklingi, fiski og svínakjöti og svo eru nokkrir hlutir sem mér finnst lífsnauðsynlegir í eldhúsinu. Það er sítróna, hvítlaukur, timían, salvía og rósmarín, en með þremur síðastnefndu kryddunum er hægt að töfra fram merkilegustu rétti," segir Ingólfur og er sannfærður um að hægt sé að framreiða fínustu rétti úr því sem er til í ísskápnum með réttu kryddunum.

„Að elda er eitt það skemmtilegasta sem ég geri, en ég gæti samt ekki hugsað mér að vinna við það. Maður gefur svo mikið af sér þegar maður leggur hjarta og sál í að elda góðan mat fyrir einhvern og mér finnst ekki verra þegar einhver eldar fyrir mig," segir Ingólfur að lokum.

alma@frettabladid.is

**Easy breezy Ingó pasta! (fyrir 4)**
4 bollar ostafyllt Tortellini
(eða önnur tegund)
4 góðar kjúklingabringur
slatti af sveppum
1 stór laukur
4 stórir hvítlauksgeirar, eða meira
smá börkur af sítrónu
2-3 vænar slettur grænt basil
pestó
2 hnefar pekan hnetur
(eða hnetur að eigin vali)
ferskur parmesan ostur
salt og pipar
ólífuolía

**Aðferð**
Grænmetið grófskorið og kjúklingur skorinn í teninga. Pastað soðið. Kjúklingurinn steiktur á pönnu með salt og pipar þar til hann er tilbúinn og tekinn af. Sveppirnir snöggsteiktir á pönnunni, hvítlauknum og lauknum bætt við, passað vel að hvítlaukurinn brenni ekki. Pastað sigtað og bætt aftur á pönnuna ásamt kjúklingnum, tekið af hitanum. Pestóinu bætt út í og sítrónubörkur rifinn yfir. Öllu blandað vel saman og kryddað með salt og pipar.

Borið fram með ferskum parmesan, pekanhnetum, fersku salati og brauði, en fyrir þá sem vilja minnka kolvetnisneyslu er brauðinu sleppt. Rétturinn er sérstaklega ljúffengur með köldu hvítvíni, til dæmis Riesling.

# Fiskurinn kjörinn á grillið

„Fólk er byrjað að gera meira af því að grilla fisk og við finnum aukningu með hverju sumrinu sem líður," segir Sveinn Kjartansson einn af eigendum Fylgifiska á Suðurlandsbraut. „Það er komið svo mikið af góðum hjálpartækjum á grillið að það er ekki lengur nauðsynlegt að setja fiskinn bara í álpappír og sjóða hann á grillinu. Það eru bæði til góðar tangir og grindur svo það er miklu minna mál en áður fyrr að grilla fisk," segir Sveinn.

„Fiskur eins og lúða og skötuselur þolir vel að fara beint á grillið og þá er um að gera að snúa honum ekki of oft. Fiskurinn þéttist nefnilega þegar hann eldast svo það borgar sig að leyfa hvorri hlið að grillast fyrir sig áður fiskninum er snúið svo flakið haldist heilt," útskýrir Sveinn.

„Fiskur eins og þorskur þolir síður að fara beint á grill svo við bjóðum upp á þorskbita sem búið er krydda léttilega með engifer og spænskri kryddblöndu og vefja inn í bananalauf. Þannig er auðvelt að setja þorskinn á grillið," segir Sveinn, sem gaf okkur hugmynd að sumarlegri fiskmáltíð.

**Grillaður þorskur í bananalaufi**

meðlæti
sætar kartöflur
kúrbítur
paprika
Allt skorið í sneiðar, penslað með olíu og sett beint á grillið. Paprikuna er líka hægt að grilla heila.

**Einföld sósa**
sýrður rjómi
sítrónusafi
ferskar kryddjurtir að eigin vali



**VINSÆLDIR FISKSINS FARA VAXANDI** Sveinn segir það hafa færst í aukana síðastliðin sumur að fólk grilli fisk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Grillkjöt á góðu verði!

## Villibráðarkryddaðar lambalærissneiðar, 1. fl.
frá Kjarnafæði

**1.918** kr./kg.

Merkt verð 2.398 kr./kg

Einungis úr miðlærinu!



% afsláttur 20 % afsláttur

## Villibráðarkryddaðar lambalærissneiðar
frá Kjarnafæði

**1.399** kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg



% afsláttur 30 % afsláttur

## Einiberjakryddað lúxus lambalæri
frá Kjarnafæði

**1.198** kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg



% afsláttur 40 % afsláttur

## Heimilispylsur
frá Kjarnafæði

**476** kr./kg.

Merkt verð 635 kr./kg

Bragðmiklar að norðan!



% afsláttur 25 % afsláttur

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

**> HÉLT HANN VÆRI HOMMI**

Coldplay-söngvarinn Chris Martin hefur upplýst að hann hafi haldið að hann væri samkynhneigður, þar til hann uppgötvaði að hann elskaði brjóst. **Martin**, sem er kvæntur leikkonunni Gwyneth Paltrow, var óöruggur sem táningur eftir strangt kristilegt uppeldi. „Maður hélt að maður færi til helvítis fyrir að hugsa um brjóst. Þessu var troðið í hausinn á manni. En svo fattaði ég að brjóst eru yndisleg!“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Friends-bíómynd í pípunum

Nú ganga þær fréttir fjöllunum hærra að bíómynd um hina mögnuðu Vini sé í pípunum. Gríðarleg velgengni bíómyndarinnar Sex and the City mun hafa kveikt neista í hjörtum Vinanna og langar þá nú að koma saman og gera mynd. „Jennifer og Courtney, sem og restin af leikurunum, eru spenntar fyrir því að endurvekja persónurnar sínar úr þáttunum, ef rétt er haldið á málunum. Vonast er til að Friends-myndin geti orðið jafn vinsæl og Sex and the City-myndin. Tímasetningar og handrit hafa mikið um þessa ákvörðun að segja en fyrst bæði Jennifer og Courtney eiga nú framleiðslufyrirtæki geta þær haft hönd í bagga,“ sagði heimildarmaður Perez Hilton.

Jennifer Aniston hefur undanfarið unnið hörðum höndum að því að aðgreina sig frá karakternum Rachel. Fregnir herma hins vegar að hún hafi orðið eilítið afbrýðisöm út í Söruh Jessicu Parker þegar hún sá hve mikla og jákvæða athygli hún fékk út á hlutverk sitt í Sex and the City-myndinni.



**Á LEIÐINNI Á HVÍTA TJALDIÐ?** Mikið er skrafað um mögulega Friends-bíómynd.

# Klakinn harður aftur

Áður en rapparinn Ice Cube fór að leika í væmnum fjölskyldumyndum var hann eitilharður „gangsta“-rappari, bæði sóló og með hljómsveitinni N.W.A., sem vakti óhug með ruddaskap á 9. áratugnum. Nú er „Klakinn“ búinn að fá nóg af væmninni í bili og er harður á ný á væntanlegri plötu, Raw Footage, sem kemur út í ágúst. Þegar er búið að setja tvö lög í spilun, „Do Ya Thang“ og „Gangsta Rap Made Me Do It“, og þykja myndböndin við þau svo groddaleg að það er bara hægt að sjá þau á netinu.



**ICE CUBE** Groddalegur.








**SLAKAÐ Á Í GARÐINUM** Þau Tinna og Garðar reyna að haga því svo að vera ekki aðskilin nema í mesta lagi þrjár vikur í senn.




**CORTES OG TINNA** Alsæl í húsi sínu í Surrey eins og þau birtast í Hello.

# Stórstjarnan Garðar hógvær í Hello

**„Ég lít á þessa samlíkingu sem hrós en það eina sem við James Bond eigum sameiginlegt er að við förum báðir í jakkafötum til vinnu,“ segir Garðar Thor Cortes í viðtali við Hello og brosir. Hello er eitt vinsælasta tímarit sinnar tegundar.**

Mikla umfjöllun og ríkulega myndskreytta er að finna um Garðar Thor Cortes í júlíhefti tímaritsins Hello þar sem getur að líta Garðar og konu hans Tinnu Lind Gunnarsdóttur þar sem þau njóta daganna á heimili sínu í Surrey – lesa bækur úti í garði, borða vínber og fara í krokket.

Yfirfyrirsögn viðtalsins er: „At home with wife Tinna. The James Bond of Opera and Iceland’s hottest Geezer“. Fyrirsögnin er svo áfram í samræmi við enska hefð þar sem tvíræðnin fær að njóta sín: „Shows he has a licence to thrill“ og vísað til þess að Garðar hefur verið nefndur James Bond óperunnar.

Tilefni viðtalsins er önnur plata Garðars – When You Say You Love Me.

Í viðtalinu er komið inn á feril Garðars, að hann hafi sungið með Kiri Te Kanawa, Hayley Westenra og Katherine Jenkins auk þess að hafa leikið Raoul í Óperudraugnum á West End og verið líkt við Pavarotti. Auk þess er getið um tónlistarlegan bakgrunn Garðars, að faðir hans sé Garðar Cortes, óperusöngvari og stjórnandi, og móðir hans Krystyna klassískur píanisti.

Í viðtalinu kemur fram að Garðar og Tinna leikkona skipti tíma sínum milli þess að dvelja í fallegu húsi þeirra í Surrey og svo heimalandsins Íslands. Sagt er frá því að þau hafi verið gift í ár en vinnan vilji oft skilja þau að. Tinna var nýlega að leika í sýningu á norðanverðu Íslandi meðan eiginmaðurinn gaf upp á bátinn glæsilegan frama á West End til að stúdera óperuna. „Við reynum að verja ekki meiri tíma í sundur en þrjár vikur í senn,“ hefur breski blaðamaðurinn Dawn Emergy eftir Tinnu. En þau hjónin hafa ávallt þrjár ferðatöskur opnar og til reiðu, slík er yfirferð þeirra um heim allan. Það hjónin sakna mest hreinleikans, hins frábæra kranavatns og hreina loftsins... sem er nokkuð sem þeim hætti til að taka sem sjálfsögðu þegar þau eru á Íslandi.

Það kemur Emergy á óvart hversu hógvær Garðar er. Hann þekki hvert mannsbarn á Íslandi, fyrsta plata hans, Cortes, hafi selst með mestum hraði á Íslandi allra platna og fór í tvöfalda platínu á aðeins þremur mánuðum. En þrátt fyrir allt þetta láti Garðar sem ekkert sé og segir alla þekkja alla á Íslandi. Jafnvel þegar Björk komi til Íslands láti allir hana vera. Blaðamaðurinn á erfitt með að trúa þessu lítillæti og vekur á því athygli að Garðar hafi verið kosinn kynþokkafyllsti karlmaður Íslands tvisvar á sama árinu þannig að hann hljóti að vekja athygli, „must cause quite a stir“ auk þess sem honum hafi verið líkt við James Bond óperunnar. En Garðar tekur þá samlíkingu ekki hátíðlega og segir þá Bond eiga það eitt sameiginlegt að mæta til vinnu jakkafataklæddir.

jakob@frettabladid.is







Faxaból 11. Víðidal
Sími: 822-2225

**Reiðskólinn Faxaból býður uppá skemmtileg reiðnámskeið fyrir börn og unglinga.**

Eigum nokkur laus pláss á reiðnámskeiðin

**7.júlí - 18.júlí, 21.júlí - 1.ágúst og 5.ágúst - 15.ágúst.**

**Sjá nánar á**
**www.faxabol.is**


# Bræður blanda ís í Garðabæ

„Okkur vantaði bara eitthvað að gera,“ segir Kristmann Óskarsson, einn eigenda Ísbúðarinnar Garðabæ sem var nýverið opnuð.

Hann segir þetta hafa bara verið hugdettu og þeir hafi ákveðið að grípa gæsina á meðan hún gafst. „Okkur bauðst að kaupa ísbúð en eins og staðan er í dag í bönkunum var það erfitt. Í staðinn ákváðum við að stofna okkar eigin ísbúð,“ segir Kristmann.

Hann og bróðir hans, Matthías, stofnuðu ásamt kærustum sínum Ísbúðina Garðabæ sem var opnuð þann 12. júní en hún er í nýja verslunarkjarnanum í Garðabæ, Litlatúni 3.

Hann segir staðinn hafa gengið mjög vel hingað til vegna veðurs og staðsetningar og búið sé að taka þriðju ísvélina í notkun.

„Við þurfum samt að fara að ráða starfsfólk til þess að geta sjálfir farið í frí. Við erum þarna frá átta á morgnanna til tólf á kvöldin.“




**ÍSBÚÐIN GARÐABÆ** Hér sjást eigendur Ísbúðarinnar gæða sér á ísnum sínum í góða veðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir svakalega skemmtilegt að vinna í ísbúð og strákar jafnt sem stelpur geti vel unnið í ísbúð þó að meirihluti starfsmanna í öðrum ísbúðum sé stelpur.

„Strákarnir eiga jafn mikið erindi og stelpur í ísbúðirnar þar sem góður hluti viðskiptavina er stelpur,“ segir Kristmann í gríni að lokum.

- vsp

# Hagkaup býður *mesta vöruúrvalið!*

OPIÐ til 20 alla daga










## Yfir 50 tegundir af BBQ sósum
## í Hagkaupum



Gildir til 6. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Lag Michaels Jackson lekur á netið

Nýtt lag sem Michael Jackson syngur hefur lekið á veraldarvefinn. Það heitir „Hold My Hand“ og í því syngur furðufuglinn og poppsnillingurinn dúett með popprapparanum Akon.

Akon hjálpaði Michael í nýrri útgáfu af laginu „Wanna Be Startin’ Somethin’ 2008“, sem var aukalag á endurútgefnum Thriller í vor, og nú launar Michael greiðann. „Hold My Hand“ verður á væntanlegri plötu Akons, sem verður hans þriðja plata.

Akon er himinlifandi með að hafa unnið með Michael, kallar hann ótrúlegan snilling og segir líf sitt fullkomið eftir að hafa unnið með honum.



**MICHAEL JACKSON** Nýja lagið er komið á netið.

# Stebbi og Eyfi á goslokahátíð í Eyjum

Mikil dagskrá verður í Vestmannaeyjum næstu helgi í tilefni 35 ára goslokaafmælis. Hátíðin verður sett í dag og henni lýkur með tónleikum á sunnudagskvöld. „Við búumst við að það verða um 20.000 manns í Eyjum yfir helgina og Stebbi og Eyfi ætla að reka endahnútinn á hátíðina með stórtónleikum í Höllinni,“ segir Björgvin Rúnarsson, rekstrarstjóri Hallarinnar. „Dagskráin á tónleikunum verður tvískipt, fyrri helmingurinn verður tileinkaður lögum Simons og Garfunkels, en í seinni hálfleik flytja þeir lög úr eigin söngvasjóði,“ segir Björgvin.

„Þeir félagar ætla báðir að taka þátt í golfmótinu Volcano Open, sem fram fer í Eyjum um helgina, þannig að þeir kappar verða annað hvort veðurbarðir eða útiteknir á sviðinu á sunnudagskvöldið,“ bætir hann við. - ag



**SYNGJA OG SPILA GOLF Í EYJUM** Stebbi og Eyfi munu reka endahnútinn á goslokahátíðina í Vestmannaeyjum með stórtónleikum í Höllinni næstkomandi sunnudag.

# Fimmta breiðskífan og sextugsafmæli í einu

**Lýður Ægisson hefur sent frá sér sína fimmtu breiðskífu. Lýður á ekki langt að sækja hæfileikana enda bróðir Gylfa Ægissonar.**

„Þetta er mín fimmta plata,“ segir Lýður Ægisson, tónlistarmaður og fyrrverandi skipstjóri. Lýður hefur nú sent frá sér plötuna Í lífsins ólgusjó. Tímasetningin á útgáfu plötunnar er kjörin því í dag verður Lýður sextugur. Lýður sendi frá sér sína fyrstu plötu árið 1985 en segist hafa verið farinn að semja löngu áður. Hann á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana því bróðir hans er enginn annar en Gylfi Ægisson, tón- og myndlistarmaður. Lýður segist ekki vera undir áhrifum frá stóra bróður. „Nei, ég er ekki á sömu línu og hann. Gylfi hefur verið að yrkja mikið um sjóinn en ég hef aftur á móti verið lengi sjómaður og ort um margt annað,“ segir Lýður, sem varð að hætta sjómennsku vegna sykursýki og bakveikinda. Í dag er hann öryrki og auðvitað tónlistarmaður.

Lengi hefur loðað við Gylfa Ægisson mikil hógværð og hann verið lítið fyrir að troða sjálfum sér á framfæri. Það sama er uppi á teningnum hjá Lýð og jafnvel í enn meiri mæli enda hefur hann aldrei troðið upp. „Nei, ég hef aldrei haft mig í það. Enda erfitt að rífa sig upp frá sykursýkinni. Við Gylfi erum bara fínir þar sem við erum.“

Lýður er mikill textasmiður og hefur einnig samið texta við lög annarra. Meðal annars við lög sonar síns en hann syngur tvö lög á plötu Lýðs. „Mér finnst mjög gaman að semja texta og legg mikið upp úr því að hafa stuðla og höfuðstafi. Fylgi bragfræðinni,“ segir Lýður.

Lýður ætlar ekki að blása til stórveislu í dag þrátt fyrir þann mikla áfanga að verða sextugur. „Þetta verður bara tekið með hógværðinni.“ soli@frettabladid.is



**LÝÐUR ÆGISSON** Sextugur í dag og sendir frá sér sína fimmtu breiðskífu, Í lífsins ólgusjó. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






**NÝJA PLATAN Á LOKASPRETTINUM** Birgir Hilmarsson þenur raddböndin með Blindpop í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/MARÍA KJARTANSDÓTTIR

## *Lopapeysurnar orðnar þreyttar*

Ekki hefur mikið borið á hljómsveitinni Ampop undanfarið enda flutti Birgir Hilmarsson, annar stofnmeðlimur hennar, til London í október. „Ég var búinn að koma mér vel fyrir á klakanum þegar kærastan dró mig enn og aftur út. Ég vissi ekkert hvað ég ætlaði að gera en svo rættist úr þessu,“ segir hann.

Í London einbeitti Birgir sér að sólóverkefninu Blindfold. „Ég var svo ótrúlega heppinn að vinir mínir voru einmitt í London í hljóðupptökunámi og hjólin fóru að rúlla.“ Blindfold skipa nú auk Birgis þeir Sveinn Marteinn Jónsson, Teitur Árnason og Friðrik Helgason.

„Fyrsta platan var tilnefnd til Mercury-verðlaunanna en svo tekin út þar sem við erum ekki breskir ríkisborgarar. Englendingar þurfa að eiga dálítið í þér til að viðurkenna þig. Umboðsmaðurinn okkar vill helst að London ættleiði okkur og vill að við tölum sem minnst um Ísland. Þessi markaðslega tenging við Ísland er líka orðin mjög þreytt, þetta að hljómsveitir séu endalaust myndaðar við Eyjafjöllin í lopapeysum.“

Birgir segir nóg að gera hjá Blindfold. „Við höfum spilað mikið og ný plata hefur verið í bígerð í tvö ár. Við höfum verið að taka hana upp í Skotlandi, London og Reykjavík. Í þessum töluðu orðum er ég að leggja lokahönd á mixin með Arnari Helga Aðalsteinssyni. Fyrsta lag af henni fer í spilun bráðlega og draumurinn er að platan komi út á Íslandi í haust í kringum Airwaves, þar sem okkur hefur verið boðið að spila.“

Auk hljómsveitabardússins hefur Birgir starfað sem tónskáld síðustu ár og fékk nýverið samning sem slíkt hjá Universal. „Ég er reyndar ekki búinn að skrifa undir, en samstarfið fór hressilega af stað þegar þeir seldu lag eftir mig í Nike auglýsingu. Nei, ég segi nú kannski ekki að ég hafi fengið rosalega vel borgað en gengi pundsins er hátt svo virði mitt hefur að minnsta kosti hækkað miðað við íslensku krónuna.“ - glh


BT
ÍSLENSKIR DVD
DAGAR Í BT
FRÁ TILNEFNDUM ÓSKARSVERÐLAUNAHAFA FRIÐRIKI ÞÓR FRIÐRIKSSYNI
Rokk í Reykjavík
1.799,-
FRÁ TILNEFNDUM ÓSKARSVERÐLAUNAHAFA FRIÐRIKI ÞÓR FRIÐRIKSSYNI
Bíódagar
Örvar Jens Arnarsson
Rúrik Haraldsson
Jón Sigurbjörnsson
1.799,-
FRÁ TILNEFNDUM ÓSKARSVERÐLAUNAHAFA FRIÐRIKI ÞÓR FRIÐRIKSSYNI
Skytturnar
Þórarinn Óskar Þórarinsson
Eggert Guðmundsson
1.799,-
MEISTARAVERK FRIÐRIKS ÞÓRS
NÚ LOKSINS FÁANLEG Á DVD.
ROKK Í REYKJAVÍK, BÍÓDAGAR, SKYTTURNAR
EINNIG FÁANLEGAR:
DJÖFLAEYJAN, BÖRN NÁTTÚRUNNAR, ENGLAR ALHEIMSINS OG Á KÖLDUM KLAKA
Djöflaeyjan
1.799,-
Börn náttúrunnar
1.799,-
Englar alheimsins
1.799,-
Á köldum klaka
1.799,-
SKYLDUEIGN Á ÖLLUM HEIMILUM




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| HANCOCK LÚXUS D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| KUNG FU PANDA D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 ÍSL. TAL | |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ZOHAN | kl. 8 - 10.30 | 10 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HAPPENING | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| ZOHAN | kl. 5.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 12 |
| KUNG FU PANDA | kl. 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BIG STAN | kl. 8 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 10 síðasta sýning | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 4, 6, 8 og 10.10(D) | 12 |
| KUNG FU PANDA | kl. 4 og 6 (D) | L |
| WANTED | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 5 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10.10 | 14 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 4D - 6D DIGITAL | L |
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 4 - 6 | VIP |
| KUNG FU PANDA M/ENSKU | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANCOCK | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| HANCOCK | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| WANTED | kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 - 8 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| WANTED DIGITAL | kl. 8:30D - 10:50D | 16 |
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 6:30D | L |
| NARNIA 2 DIGITAL | kl. 6D | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BANK JOB | kl. 9 - 11:10 | 16 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 8 | L |
| WANTED | kl. 10:10 | 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 6 | L |
| WANTED | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 6 | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 9 | 16 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 8 | L |
| HANCOCK | kl. 8 - 10 | 12 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 10 | 12 |


# Fjögur ný íslensk leikverk

Frú Norma frumsýndi barnaleikritið Soffía mús á tímaflakki eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur við tónlist Báru Sigurjónsdóttur í byrjun júní. Sýnt er í Sláturhúsinu, menningarhúsi á Egilsstöðum. Músin mun þó ferðast um Vestfirði í sumar. „Sýningin fjallar um stúlku sem á sér mús og vegna þess að það er aldrei tími til neins leggja þær af stað í leit að tímanum,“ sagði Guðjón Sigvaldason, leikstjóri og leikari. Auk hans leika Halldóra Malín Pétursdóttir, Jón Vigfússon og Pétur Ármannsson í sýningunni.



**METNAÐUR FYRIR AUSTAN** Barnaleikritið Soffía mús á tímaflakki er meðal nýrra frumsýninga. MYND/FRÚ NORMA

Auk mýslunnar Soffíu eru þrjár íslenskar frumsýningar fyrirhugaðar í sumar fyrir austan. Í byrjun júlí á að sýna Ventlasvín, tilraunakennda „devised“ sýningu í anda leikhúss fáránleikans. Um miðjan júlí verður dansleikhússýningin 3GM sýnd, eftir texta Jónasar Reynis Gunnarssonar, en hún er unnin með unglingum á vinnuskólaaldri. Loks fer nýtt verk eftir Guðjón, Ég froskur, á fjalirnar, í leikstjórn Halldóru, í ágúst. Óhætt er að segja að aldrei hefur gróskan verið meiri í leiklistarlífi Austurlands. Guðjón segir fyrsta atvinnuleikhús Austurlands ganga vel: „Við erum smátt og smátt að stækka.“ Frú Norma er á þriðja starfsári sínu.

**- kbs**



**PAUL SIMON Í LAUGARDALSHÖLL** Frábært band spilaði sig saman á skemmtilegum tónleikum á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Opin æfing fyrir stóran túr

**TÓNLEIKAR**

**Paul Simon**

Laugardalshöll 1. júlí

★★★★

**Þrátt fyrir að tónleikar Paul Simon í Höllinni hafi borið þess merki að þetta voru fyrstu tónleikarnir á tónleikaferðalaginu voru þeir skemmtilegir og karlinum tókst að magna upp einstaka stemningu meðal tónleikagesta.**

Það kom mér á óvart þegar ég mætti í Laugardalshöllina um áttaleitið á þriðjudagskvöldið að hún var stútfull af fólki. Miðasalan á tónleika Paul Simon fór hægt af stað og um tíma var útlit fyrir að hætta yrði við þá, en þjóðin hefur greinilega tekið við sér og fjölmenni tímanlega í Höllina. Nokkrar mínútur yfir átta gengu Paul og meðspilararnir hans sjö inn á sviðið og hófu leikinn með tveimur lögum af Graceland-plötunni, Gumboots og Boy in the Bubble. Stemningin í salnum var strax góð og greinilegt að tónleikagestir voru komnir til að skemmta sér. Næst kom lagið Outrageous af nýjustu plötunni, Surprise og svo kom sérlega ryþmísk og skemmtileg útgáfa af Simon & Garfunkelslagaranum Mrs. Robinson.

Það eru greinilega frábærir hljóðfæraleikarar sem skipa hljómsveit Paul Simon – auk tveggja gítarleikara, bassaleikara, trommuleikara og áslátturhljóðfæraleikara spiluðu meðlimir hennar á harmonikku, saxófóna, trompet, flautu og hljómborð. Útsetningarnar báru nokkurn keim af hljómsveitinni, ryþminn var í aðalhlutverki í flestum lagganna, en undantekningarnar voru eftirminnilegar, til dæmis The Sound of Silence sem Paul söng einn með kassagítarinn. Umgjörðin var einkar stílhrein og klassísk; – hvítt ljós á sviðinu og einlitt tjald fyrir aftan það.

Paul spilaði góða blöndu af gömlu og nýrra efni á tónleikunum, en hæst reis stemningin þegar smellir eins og Duncan og Me and Julio... og Graceland fengu að hljóma. Tónleikarnir í Höllinni voru þeir fyrstu á yfirstandandi tónleikaferðalagi og það heyrðist að bandið var ekki alveg búið að spila sig saman. Á köflum var þetta næstum því eins og að vera á opinni æfingu, Paul gaf merki og stjórnaði sveitinni með handapati og augngotum.

Eftir átján laga dagskrá sem endaði með smellinum Diamonds on the Soles of Her Shoes fór sveitin af sviðinu, en tók þrjú til viðbótar eftir mikið uppklapp og kom svo á svið þriðja sinni og bætti tveimur lögum við. Stemningin náði hámarki í fyrra uppklappinu þegar Still Crazy After All These Years og You Can Call Me Al hljómuðu og salurinn söng og dansaði með.

Á heildina litið voru þetta fínir tónleikar. Paul Simon kann greinilega þá list að búa til tónleikastemningu. Hann á glás af flottum lögum og setur metnað í flutning og útsetningar.

**Trausti Júlíusson**


Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.




Magnús Scheving
bæjarstjóri í Latabæ
Vill hreyfa við heiminum




Allt sem þú þarft...

...alla daga



**MEÐ FLOTT BRJÓST** Jessica Simpson er með flottustu brjóst Hollywood.

## Brjóst Jessicu langflottust

**Jessica Simpson er með flottustu brjóstin í Hollywood. Hún gerði sér lítið fyrir og rúllaði upp könnun á vegum In touch-tímaritsins og skákaði þar með stjörnum á borð við Jennifer Aniston og Lindsay Lohan. Því miður hefur Jessica ekki tjáð sig um þennan merkilega sigur en það hefur hins vegar Joe Simpson, faðir hennar og umboðsmaður gert. „Hún er í tvöföldum D-skálum, þú getur ekki hulið svona júllur,“ sagði hinn stolti faðir.**

## Eigingjörn á kærastann

**Jennifer Aniston mun hafa orðið þess valdandi að Kimberly Stewart var hent út af tónleikum Johns Mayer. Aniston og Mayer hafa verið að hittast í um þrjá mánuði en áður hafði Mayer verið bendlaður við Kimberly. Þegar Kimberly birtist svo baksviðs á tónleikunum á Hard Rock Calling í London á sunnudaginn gat Jennifer ekki setið á sér. Til þess að halda henni góðri bað Mayer öryggisverði um að fjarlægja Kimberly. Jennifer mun vera afar illa við allt sem minnir hana á þá staðreynd að Mayer var glaumgosi mikill áður en þau fóru að stinga saman nefjum.**



**JENNIFER ANISTON** Ekki hrifin af fortíð kærastans.



**GWEN STEFANI** Passar upp á þyngdina eftir digur unglingsár.

## Var feitur unglingur

**Gwen Stefani hefur sagt að reynsla hennar af því að vera feitt barn geri hana varkára gagnvart eigin þyngd. Hún segist hafa þurft að hafa mikið fyrir því að halda vextinum og þurfa enn. Gwen er ófrísk sem stendur. „Þegar ég var í skóla óskaði ég þess að vera eins og mjóu stelpurnar sem gátu étið hvað sem er. Þyngdin mín sveiflaðist og ég varð þybbin kringum sextán ára aldurinn. Þá fékk ég alveg nóg. Ég ákvað að nóg væri komið af þessum þyngdarsveiflum.“**

# Grilluðu 20 þúsund pylsur á einum degi

Það eru nú nítján ár síðan feðgarnir Hafsteinn Gilsson og Svanur Hafsteinsson fóru af stað með fyrirtæki sitt, Grillvagninn, sem er enn í fullum blóma eftir öll þessi ár. „Við byrjuðum með svokölluð hálftunnugrill fyrstu árin en þetta vatt svo upp á sig og nú erum við bæði með grillvagna og bíl sem við grillum úr,“ segir Svanur og bætir við að besta stemningin myndist yfirleitt í kringum fyrrnefnda grillvagna.

Upphaflega var Grillvagninn aðeins starfræktur á sumrin en hann er nú starfræktur allan ársins hring vegna gífulegrar eftirspurnar. Svanur segir að það sé mest að gera á sumrin en einnig sé mikið að gera í kringum jól og páska. „Það hefur færst í aukana að við séum bókaðir í fermingar og oft eru það fermingarbörnin sjálf sem hafa átt frumkvæðið að því að fá okkur,“ segir Svanur.

Hafsteinn, faðir Svans, er gamall meistarakokkur og rak á sínum tíma bæði veitingastaðinn Óðal og Sælkerann, sem var einn af fyrstu pizzastöðum landsins. Svanur keypti föður sinn út úr fyrirtækinu í fyrra og rekur Grillvagninn nú einn með aðstoðarkokk sér við hlið. „Ég er í fullri vinnu við þetta en fæ kokka til þess að aðstoða mig um helgar. Oft tökum við alveg upp í níu veislur á dag, þannig þetta getur orðið strembið,“ segir Svanur.

Vinsælasta hráefnið á grillið, samkvæmt Svani, er íslenska lambalærið, en einnig eru nautalundir, hamborgarar og kjúklingur vinsæl í veisluna. Svanur segir að þeir geti boðið allt að þúsund manns í grillað lamb. „Við sáum um að grilla ofan í mannskapinn í fyrra þegar Landsbankinn hélt upp á afmæli sitt, þá afgreiddum við um tuttugu þúsund pylsur.“ - sm



**GRILLVAGNINN Í NÍTJÁN ÁR** Svanur Hafsteinsson tók við keflinu af föður sínum og rekur nú Grillvagninn. Hann er oft bókaður í allt að níu veislur á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# Hvað berð ÞÚ úr býtum?



Bættur hagur lífeyrisþega er leiðarljósið við breytingar á lögum um almannatryggingar.

Fyrsti áfangi breytinganna kom til framkvæmda 1. apríl sl., annar áfangi tekur gildi 1. júlí og þriðji áfangi 1. janúar 2009.

**Frá og með 1. júlí:**

- **Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega 67-70 ára hækkar í 1.200.000 kr. á ári** (100 þús. á mánuði)
- **Frítekjumark atvinnutekna örorkulífeyrisþega hækkar einnig í 100.000 kr. á mánuði til áramóta 2008/2009**
- **Frítekjumark lífeyrissjóðstekna örorkulífeyrisþega verður 300.000 kr. á ári** (25 þús. á mánuði)
- **Aldurstengd örorkuuppbót hækkar hjá þeim sem ekki njóta fullrar uppbótar**

Misjafnt er hversu miklar breytingar verða á kjörum hvers og eins enda eru aðstæður lífeyrisþega mjög mismunandi.

TRYGGINGASTOFNUN

ENNEMM / SIA / NM34259

**Hafðu samband** Veldu þá leið sem hentar best – *fyrir þig!*

> Þú finnur ítarlegar upplýsingar á www.tr.is

> Þjónustufulltrúar svara þér í síma 560 4460

> Sendu okkur fyrirspurn á netfangið tr@tr.is

> Þjónustumiðstöð á Laugavegi 114, sími 560 4400

> Netsamtal – beint samband í gegnum www.tr.is

> Umboðsmenn TR á landsbyggðinni veita upplýsingar

## > Atvik umferðarinnar

Garðar Örn Hinriksson gerði hlé á leik KR og ÍA til að reka Guðjón Þórðarson lengra upp í stúku eftir að hann fékk reisupassann. Guðjón færði sig um fimm metra eftir nokkurt þóf og leik var haldið áfram.

## > Ummæli umferðarinnar

„Það var uppálagt hjá okkur fyrir leik að láta dómarann eiga sig og vera ekki í neinum orðaskiptum við þá,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, eftir tapið gegn KR. Guðjón fékk rautt spjald fyrir að eiga í orðaskiptum við dómarann og tveir leikmenn sem sáu rautt fengu annað gula spjaldið sitt fyrir að tjá sig of gróft að mati Garðars Hinrikssonar.



# sport

sport@frettabladid.is

**9. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** FH TEKUR ÞRIGGJA STIGA FORYSTU

# *Krían olli engum vonbrigðum*

Níunda umferðin hófst 11. júní þegar Fjölnir vann Fylki 1-0 sem var annar leikurinn í taphrinu Fylkis sem enn stendur yfir.

Dramatíkin var mest í Kríunni, KR-ÍA. Umdeild mörk og umdeild rauð spjöld hafa ollið miklu fjaðrafoki. Garðar Örn dómari baðaði sig í sviðsljósinu og segist hreinlega ekki geta gengið óáreittur um götur Reykjavíkur lengur. Leikir liðanna hafa oft verið fjörugir og þessi olli nákvæmlega engum vonbrigðum.

FH-ingar sýndu mikla seiglu með 2-1 sigri á Fram. Bikarmeistararnir eru á toppnum með þriggja stiga forystu. Tommy Nielsen er í liði umferðarinnar í fimmta sinn í sumar, sem segir sitt um styrk FH-varnarinnar. Svo virðast Hafnarfjarðarpiltar alltaf geta skorað mörk.

Valsarar bitu frá sér og unnu Þrótt sannfærandi 3-0. Innkoma Guðmundar Benediktssonar breytti miklu fyrir Val. Grindvíkingar og HK berjast í bökkum í kjallaranum og sættust á jafnan hlut suður með sjó á meðan Keflvíkingar töpuðu stigum annan leikinn í röð. 2-2 jafntefli þeirra gegn Blikum var frábær skemmtun.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 23, KR
**Flest skot á mark:** 11, KR
**Fæst skot:** 5, Fram
**Hæsta meðaleink.:** 6,83 Fjölnir
**Lægsta meðaleink.:** 4,55 ÍA
**Grófasta liðið:** 26 brot, ÍA
**Prúðasta liðið:** 7 brot, Grindav.
**Flestir áhorf.:** KR-ÍA, 2.011
**Fæstir áhorf.:** Grindvík-HK, 610
**Áhorfendur alls:** 6.315

> **Besti dómarinn:** Þrír dómarar fengu einkunnina sjö hjá Fréttablaðinu. Það voru Kristinn Jakobsson, Einar Örn Daníelsson og Jóhannes Valgeirsson.

# Tók golfið fram yfir lögreglustörfin

**Tommy Nielsen er leikmaður 9. umferðar hjá Fréttablaðinu. Hann var nálægt því að hætta áður en hann vissi hvað hann vildi gera eftir ferilinn. Nú er sú óvissa horfin og hann nýtur boltans sem aldrei fyrr.**

**FÓTBOLTI** Tommy Nielsen var nálægt því að hætta afskiptum af knattspyrnu fyrir nokkrum árum til að ganga í lögregluskóla í Danmörku. Sem betur fer fyrir FH snerist honum hugur. Hann hefur verið einn allra besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar og fyrir frammistöðu sína í 2-1 sigrinum á Fram hlýtur hann nafnbótina leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu.

Það var kominn tími á Tommy, sem hefur verið fimm sinnum í liði umferðarinnar. „Ég veit ekki hvort ég á það skilið,“ sagði Tommy, sem talar orðið fína íslensku eftir fimm ára veru á Íslandi. Hann er nýorðinn 36 ára gamall og er ekkert að hægja á sér.

„Það versta sem ég gæti gert væri að hægja eitthvað á mér vegna aldursins. Ég hlusta auðvitað á líkamann en ég æfi alveg jafn mikið og aðrir leikmenn. Ég er kannski ekki eins og ég sé 25 ára daginn eftir leik en þess á milli er ég það líklega,“ sagði Tommy glaðbeittur en hann er í afar góðu formi um þessar mundir.

„Það er betra en í fyrra. Það munaði miklu að meiðast ekkert og ná öllu undirbúningstímabilinu. Annars lít ég bara svona vel út af því að liðið er svo gott,“ sagði hann, hógværðin uppmáluð.

FH-liðið fékk nýjan þjálfara eftir síðasta tímabil. Heimir Guðjónsson er tekinn við skútunni sem Ólafur Jóhannesson stýrði af miklum myndarskap í fimm ár. „Óli gerði frábæra hluti í fimm ár en það var nauðsynlegt að fá nýtt blóð inn. Heimir hefur staðið sig frábærlega og breytingin var það besta sem gat komið fyrir klúbbinn,“ segir Tommy, sem hælir Heimi fyrir störf sín.

Hann viðurkennir líka að það hafi verið sárt að horfa á eftir titlinum til Valsmanna á síðasta tímabili eftir að hafa trónað efst á töflunni í fimmtán umferðir af átján. „Það var virkilega erfitt og hungrið í að endurheimta titilinn drífur okkur áfram núna.“



STERKUR Tommy Nielsen hrósar bæði Frey Bjarnasyni fyrir góða samvinnu og raunar öllu liðinu, sem hann segir að láti sig líta betur út.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hann segir reynsluna hjálpa sér mikið, hún bæti upp fyrir það sem hann hafi tapað. Augljósast væri að benda þar á hraðann hjá 36 ára gömlum manninum en hann játar það ekki svo glatt. „Mér finnst ég ekki hafa tapað miklum hraða á síðustu tíu árum. Ég hef bætt það upp með reynslunni og auknum leikskilningi en það hægist ekki svo glatt á manni þegar manni tekst að halda skrokknum heilum,“ segir Tommy, sem segir sinn helsta veikleika líklega vera hægri fótinn. „Ég gæti verið betri með honum.“

Nielsen vill sem minnst segja um framhaldið á ferlinum, hann gerir aðeins eins árs samning í senn. „Ég er orðinn það gamall að ég tek bara eitt tímabil í einu. Eftir tímabilið athugum við hvort þeir vilja ráða gamlan mann áfram og ég athuga hvort það sé þess virði að halda áfram. Eins og staðan er núna hef ég mjög gaman af fótboltanum og ég sé ekki ástæðu til að hætta,“ sagði Tommy.

Hann vinnur með fótboltanum hjá golfklúbbnum Keili í Hafnarfirði. Þar líkar honum lífið en hann er menntaður vallarstjóri frá Skotlandi. Það er einmitt það sem hann ætlar að fást við eftir ferilinn en það er ekki langt síðan hann tók þá ákvörðun. Áður heillaði lögreglustarfið.

„Vinnan mín þarna er aðalástæðan fyrir því að ég er enn að spila. Ég veit núna hvað ég ætla að gera eftir að ferlinum lýkur sem þýðir að ég get bara slappað af og notið fótboltans. Eftir sumrin 2003 og 2004 var ég ekki viss og þá var ég nálægt því að hætta í knattspyrnu til að fara til Danmerkur í Lögregluskólann. Nú stefni ég á að vinna sem vallarstjóri á golfvelli einhvers staðar í heiminum. Ég lærði í Skotlandi og ætli stefnan verði ekki sett þangað þegar ég hætti,“ sagði Tommy Nielsen. **hjalti@frettabladid.is**



HÆTTUR Lárus Orri er hér í leik með WBA gegn Man. Utd árið 2002.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lárus Orri Sigurðsson hættur:

## Skrokkurinn búinn að fá nóg

**FÓTBOLTI** Lárus Orri Sigurðsson ætlar að hætta að setja sjálfan sig í Þórsliðið og leggja knattspyrnuskóna á hilluna. Lárus er þjálfari Þórs en hann hefur komið við sögu í átta af níu leikjum liðsins í 1. deildinni í sumar. Lárus Orri sagði við Vikudag á Akureyri að ákvörðunin hefði ekki verið auðveld, skrokkurinn þyldi álagið einfaldlega ekki lengur. Lárus Orri, sem er 35 ára gamall, lék 42 landsleiki fyrir Ísland. **- hþh**



SPENNTUR Valur er spenntur fyrir komandi tímabili, lið hans er farið að taka á sig góða mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Njarðvíkingar stórhuga:

## Sömdu við tvo erlenda bakverði

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar hafa samið við tvo erlenda bakverði. Annar þeirra er Slobodan Subisic sem lék með Snæfelli á síðustu leiktíð og skoraði 12,3 stig að meðaltali í leik. „Hann er góður leikmaður sem styrkir okkur mikið. Hann vildi ekki vera áfram hjá Snæfelli en vildi spila á Íslandi og því fannst okkur kjörið að fá hann,“ sagði Valur Ingimundarson, þjálfari liðsins, í gær.

Hinn heitir Heath Sitton og er Bandaríkjamaður. „Sitton er leikstjórnandi sem er mikil skytta. Hann á að gera aðra leikmenn í kringum sig betri,“ sagði Valur, sem ætlar líklega að bæta við sig einum stórum leikmanni til viðbótar fyrir tímabilið. Áður hafði Njarðvík samið við Magnús Gunnarsson frá Keflavík og Sævar Sævarsson hjá Blikum en Brenton Birmingham og Hörður Axel Vilhjálmsson fóru. Þá er orðið ljóst að Jóhann Árni Ólafsson verður áfram hjá Njarðvíkingum. **- hþh**

Atvinnukylfingurinn Ólöf María Jónsdóttir úr Keili er á leið á mót á Írlandi og á Ítalíu í næstu viku:

## Verður komin í toppform á ný í ágúst

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Ólöf María Jónsdóttir er komin á fullt á ný eftir að hafa eignast barn og ætlar sér að halda kortinu sínu á evrópsku mótaröðinni.

Ólöf hefur þegar keppt á fimm mótum á þessu tímabili og náði bestum árangri á opna skoska mótinu í byrjun maí þegar hún varð í 57. sæti.

Ólöf María varð fyrst íslenskra kylfinga til að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni árið 2005. Hún hélt keppnisrétti sínum eftir fyrsta árið en missti síðan mikið úr þegar hún meiddist og varð síðan ófrísk í kjölfarið.

Ólöf fékk að halda þátttökurétti sínum að mestu á evrópsku mótaröðinni á þessu ári þrátt fyrir að hafa misst úr allt árið í fyrra. Hún fékk metið læknisvottorð og sjúkraskýrslu vegna veikinda sonarins en sonur hennar Gústaf er nú allur að braggast eftir að hafa verið mjög veikur fyrstu mánuðina.

„Ég er að fara út á mánudaginn að keppa á tveimur mótum á Írlandi og á Ítalíu. Svo förum við aftur til Ameríku og það eru fullt af mótum fram undan í haust. Ég er ekki alveg búin að setja þetta allt niður en það eru örugglega sjö mót sem ég á eftir að keppa á í haust,“ segir Ólöf María.

Ólöf vann á dögunum Kaupþingsmótið á Akranesi en það var fyrsta mót hennar á Íslandi síðan hún tók þátt á Íslandsmótinu í höggleik í Leirunni árið 2005.

„Það var frábært að koma heim því ég hef ekki keppt hérna heima svo lengi. Maður varð aðeins að sýna sig og sjá aðra. Það er búið að vera mjög gaman,“ segir Ólöf María.

Það er hugur í Ólöfu Maríu sem ætlar sér að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni á næsta ári.

„Ég er að vonast til að vera komin í toppform á Oslóarmótinu í lok ágúst. Ég ætla bara að taka þetta með stæl og reyna að halda kortinu. Það er markmiðið,“ segir Ólöf María. **- óój**




METNAÐARFULL Ólöf María Jónsdóttir ætlar sér að halda sér í hópi þeirra bestu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


NÝIR LEIKIR!
GUITAR HERO
AEROSMITH
ACTIVISION
12+
7.999,-
BÝR GÍTARHETJA Í ÞÉR?
YFIR 50 GRJÓTHÖRÐ ROKKLÖG. AEROSMITH, CLASH, LENNY KRAVITZ, STONE TEMPLE PILOTS, POLICE, RUN DMC ofl.
BAD COMPANY
7.999,-
PlayStation 2
KUNG FU PANDA
5.999,-
SJÁÐU MYNDINA SPILAÐU LEIKINN!
PlayStation 2
ALONE IN THE DARK
5.999,-
ROBERT LUDLUM'S THE BOURNE CONSPIRACY
7.999,-
BT
BÍÓMIÐI Á KUNG FU PANDA FYLGIR MEÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
BOÐSMIÐI
EINNIG FÁANLEGIR
PC-LEIKUR
PlayStation 2
PLAYSTATION 3
XBOX 360

## ÚRSLIT

### 16 liða úrslit VISA-bikars kk

| | |
|---|---|
| Fjölnir-ÍBV | 2-1 |
| 0-1 Andri Ólafsson (10.), 1-1 Ómar Hákonarson (79.). 2-1 Ómar Hákonarson (113.) | |
| Víðir-Fylkir | 1-4 |
| Atli Rúnar Hólmbergsson - Kjartan Ágúst Breiðdal, Kjartan Andri Baldvinsson (2), Hermann Aðalgeirsson. | |
| Haukar-HK | 1-0 |
| Denis Curic (84.) | |
| Reynir S.-Grindavík | 2-1 |
| Anton Ingi Sigurðsson - Andri Steinn Birgisson, Jósef Kristinn Jósefsson. | |
| Víkingur R.-Hamar | 3-0 |
| Christopher Vorenkamp, Þórhallur Hinriksson, Brynjar Orri Bjarnason | |



**RÚNAR** Verður áfram þjálfari Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Rúnar þjálfar Akureyri áfram:

# Danskur markmaður semur

**HANDBOLTI** Ný stjórn er tekin við Akureyri Handboltafélagi og lætur hún strax til sín taka. Rúnar Sigtryggsson verður áfram þjálfari liðsins, en það var óljóst þar til í gær. Danskur markmaður mun skrifa undir samning við félagið fljótlega en hann verður einn af fáum mönnum sem verða fengnir til félagsins í sumar.

„Við ætlum að leggja mikið upp úr því að skapa góða liðsheild. Hún telur oft meira en geta einstaklinga,“ sagði Atli Ragnarsson, nýr formaður stjórnar Akureyrar, en viðræður standa yfir við þá leikmenn sem fyrir voru í liðinu.

Akureyri hefur misst Magnús Stefánsson sem er á leið til Fram, Einar Loga Friðjónsson sem samdi við Skövde í Svíþjóð, Ásbjörn Friðriksson sem kominn er til FH og markmanninn efnilega Sveinbjörn Pétursson til HK. - hþh

Þrír leikir fara fram í sextán liða úrslitum VISA-bikars karla í kvöld en liðin sex leika öll í Landsbankadeildinni:

# Slagur bikarmeistara tveggja síðustu ára

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit VISA-bikars karla klárast í kvöld kl. 19.15 með þremur stórleikjum. Reykjavíkurliðin KR og Fram mætast á KR-velli, Breiðablik mætir Val á Kópavogsvelli og VISA-bikarmeistarar tveggja síðustu ára, FH árið 2007 og Keflavík árið 2006, eigast við á Sparisjóðsvellinum í Keflavík.

FH og Keflavík hafa bæði verið að spila frábæran fótbolta í Landsbankadeildinni í sumar og eru í tveimur efstu sætum deildarinnar og því er vitanlega von á hörkuleik í kvöld. Tryggvi Guðmundsson, framherji FH, kvað Hafnfirðinga gera sér grein fyrir því hversu erfitt verkefni væri fram undan.

„Við erum að fara á líklega erfiðasta útivöll landsins og mæta liði sem er að spila fantagóðan fótbolta þessa stundina, þannig að við verðum að vera tilbúnir. Keflavík hefur alltaf verið mikið bikarlið og jafnan farið langt þar og þetta er mikið sóknarlið þannig að við verðum að verjast vel út um allan völl. Það eru líka ákveðnir aðilar hjá þeim sem við verðum að ná að stoppa en við spilum auðvitað bara okkar leik. Við erum líka á fínni siglingu og vitum alveg hvað þarf til að fara með sigur af hólmi,“ sagði Tryggvi.

Guðmundur Steinarsson, framherji og fyrirliði Keflavíkur, kvað mikla eftirvæntingu ríkja í herbúðum Keflvíkinga fyrir því að mæta FH.

„Það hefur oft myndast skemmtileg bikarstemning hjá okkur í Keflavík og við þurfum klárlega að kalla hana fram á móti FH. Það er bara mjög gaman fyrir okkur að fá það verðuga verkefni að ýta ríkjandi bikarmeisturum af stalli, það er nokkuð sem öll lið vilja gera og við erum þar engin undantekning. Við verðum búnir að undirbúa okkur vel fyrir leikinn og við þekkjum FH-liðið náttúrlega vel og við vitum alveg hvar styrkleikar og veikleikar þess liggja,“ sagði Guðmundur að lokum. - óþ



**ERFITT VERKEFNI** Tryggvi Guðmundsson telur FH vera að fara á einn sterkasta útivöll landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Baráttuglatt lið ÍBV úr leik

**Ómar Hákonarson var hetja Fjölnis sem sló ÍBV út úr bikarkeppninni í gær. Hann skoraði bæði mörkin í 2-1 sigri, það síðara í framlengingu. Hremmingar HK-inga halda áfram, 1. deildar lið Hauka sló þá út í gær með 1-0 sigri.**

**FÓTBOLTI** Fjölnismenn eru komnir í átta liða úrslit VISA-bikarsins eftir 2-1 sigur gegn 1. deildarliði ÍBV í framlengdum leik.

Eftir rólega byrjun voru það gestirnir í ÍBV sem skoruðu fyrsta markið á 10. mínútu leiksins. Varnarmenn Fjölnis náðu ekki að hreinsa boltann úr vítateig sínum eftir aukaspyrnu Eyjamanna og Pétur Rúnólfsson sendi óáreittur á kollinn á Andra Ólafssyni, sem skallaði af harðfylgi í markið.

Fjölnismenn reyndu að svara fyrir sig en þeim gekk erfiðlega að finna glufur á þéttum varnarmúr Eyjamanna, sem börðust grimmilega og fóru í návígin til þess að vinna þau á meðan Fjölnismenn voru hikandi og virkuðu í sannleika sagt áhugalausir.

Hagur Fjölnismanna vænkaðist þó í uppbótartíma fyrri hálfleiks þegar Eyjamaðurinn Ingi Rafn Ingibergsson fékk sitt annað gula spjald og þar með rautt spjald fyrir harða tæklingu.

Fjölnismenn sóttu stíft í seinni hálfleik og reyndu hvað þeir gátu að nýta sér liðsmuninn. Það gekk eftir á 79. mínútu þegar Ómar Hákonarson jafnaði metin með skoti af stuttu færi eftir að Albert Sævarsson hafði varið skalla Gunnars Más.



**KRAPPUR DANS** Fjölnismenn lentu heldur betur í kröppum dansi gegn baráttuglöðum Eyjapeyjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Staðan var enn jöfn 1-1 í lok venjulegs leiktíma og því þurfti að grípa til framlengingar.

Fjölnismenn sóttu án afláts í framlengingunni og á 113. mínútu skilaði sóknarþunginn árangri þegar Ómar Hákonarson skoraði sigurmarkið; lokatölur því 2-1.

Hrafn Davíðsson, markvörður Fjölnis og fyrrverandi leikmaður ÍBV, var afar sáttur með sigurinn í leikslok. „Þetta er æðislegt og alltaf gaman að vinna svona baráttuleik. Við vorum ekkert með í fyrri hálfleik en náðum að pressa ágætlega á þá eftir að þeir misstu mann út af og þetta hafðist,“ sagði Hrafn.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, var vonsvikinn í leikslok en jafnframt stoltur af strákunum sínum.

„Ég er rosalegt svekktur að missa leikmann í meiðsli og leikmann í bann og þá staðreynd að við spiluðum í 120 mínútur. Það er ekki gott að menn verði bensínlausir af þessum leik þegar fram undan er mikilvægur leikur í 1. deildinni á laugardag. Ég er hins vegar ánægður með spilamennsku liðsins og þann karakter sem við sýndum,“ sagði þjálfarinn.

Þá voru óvænt úrslit á Ásvöllum þegar Haukar slógu HK út. Haukar spila í 1. deild en það var Denis Curic sem tryggði þeim sigur með marki á lokamínútum leiksins.

omar@frettabladid.is



**DANI ALVES** Kominn í Barcelona-búninginn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Daniel Alves til Barcelona:

# Dýrasti bakvörður heims

**FÓTBOLTI** Spænska stórliðið Barcelona festi í gær kaup á hægri bakverðinum Daniel Alves frá Sevilla. Kaupverðið er litlar 23,5 milljónir punda, sem gerir Alves að dýrasta bakverði heims.

„Barcelona vill komast aftur á sigurbraut eftir tvö mögur ár og það er heiður að félagið treysti á mig til þess að taka þátt í þeirri endurreisn,“ sagði hinn 25 ára gamli Alves á Nou Camp í gær.

Alves er fjórði leikmaðurinn sem Pep Guardiola fær til félagsins en áður hafði hann keypt varnarmennina Gerard Pique og Martin Caceres, sem og miðjumanninn Seydou Keita. Guardiola bindur miklar vonir við samstarf Alves og Lionel Messi á hægri vængnum. „Þetta eru tveir bestu leikmenn heims í sínum stöðum og ef þeir spila vel verðum við með besta hægri vænginn í heiminum,“ sagði Guardiola. - hbg






Birkir Már Sævarsson er farinn frá Val til Brann:

# Fimm Íslendingar hjá Noregsmeisturunum

**FÓTBOLTI** Valsarinn Birkir Már Sævarsson mun skrifa undir þriggja og hálfs árs samning við noregsmeistara Brann í Noregi um aðra helgi. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, staðfesti við Fréttablaðið í gærkvöld að félögin hefðu náðst samkomulagi um kaupverðið á Birki. Áreiðanlegar heimildir Fréttablaðsins herma að kaupverðið sé á bilinu 20 og 25 milljónir króna.

Birkir mun fara út með Ólafi Garðarssyni umboðsmanni sínum eftir leik Vals og KR í næstu viku. Þar munu þeir ganga frá smáatriðum hvað varðar kaup og kjör Birkir auk þess sem hann gengst undir læknisskoðun. Hann verður löglegur með félaginu hinn 1. ágúst. Brann setti það skilyrði að Birkir spilaði ekki í Evrópukeppninni með Val en norska félagið tekur þátt í undankeppni Meistaradeildar Evrópu.

Forráðamenn Brann sáu Birki í leik Íslands og Wales og leik Vals og FH í Landsbankadeildinni.



**TIL BRANN** Birkir var undir smásjá Brann gegn FH. Tilboð kom í kjölfarið og verður hann fimmti Íslendingurinn hjá Brann. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Birkir verður fimmti Íslendingurinn á mála hjá Brann; hinir eru Gylfi Einarsson, Ármann Smári Björnsson, Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason. - hþh



**FALL** Ísland nálgast 100. sætið á FIFA-listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ísland fellur á FIFA-listanum:

# Niður um þrettán sæti

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið féll niður um þrettán sæti á nýjasta FIFA-listanum sem birtur var í gær. Ísland fór úr 85. sæti niður í það 98.

Evrópumeistarar Spánverja stukku í efsta sætið en þetta er í fyrsta sinn sem Spánverjar komast í toppsæti listans. Reyndar hafa aðeins sex þjóðir náð þeim áfanga að komast á topp listans. Fyrir utan Spán eru það Frakkland, Brasilía, Ítalía, Þýskaland og Argentína.

Ítalía, sem gerði engar rósir á EM, er í öðru sæti listans og Þjóðverjar koma svo í þriðja sæti. Brasilía er óvenju neðarlega, í fjórða sæti, og Hollendingar koma svo í því fimmta. - hbg


SJÓVÁ
Saga Capital
UMHVERFIS LANDIÐ
Á 80 HÖGGUM
TIL STYRKTAR MND-FÉLAGINU
FRAMLÖG OG UPPLÝSINGAR Í ÞJÓNUSTUVERI VODAFONE Í SÍMA 1414
FYLGIST MEÐ Í ALLAN DAG Á BYLGJUNNI
Logi og félagar spila eina holu á 18 golfvöllum umhverfis landið á sólarhring, til styrktar MND-félaginu. MND er ólæknandi tauga-sjúkdómur sem lamar fólk og dregur til dauða á skömmum tíma.
Hringdu í þjónustuver Vodafone í síma 1414 fyrir framlög eða nánari upplýsingar um söfnunina.
908 1001 – 1.000 króna framlag
908 1003 – 3.000 króna framlag
908 1005 – 5.000 króna framlag
SPORT
besta sætið

## > Denzel Washington

„Þegar ég klára að leika í einhverri kvikmynd hugsa ég ekki meira um það. Myndin tilheyrir áhorfandanum eftir að ég er búinn að skila mínu hlutverki.“ Washington leikur í „The Bone Collector“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR VILL FÁ NÝJUSTU TÆKNINA TIL LANDINS

# *Lausn á sjónvarpsvanda sumarsins*

Það er eiginlega með öllu óskiljanlegt að upptökutæki á borð við TiVo og Sky+ Box hafi ekki rutt sér til rúms á Íslandi. Fyrir þá sem ekki vita hvaða fyrirbæri ég er að tala um þá eru þetta tæki sem taka upp sjónvarpsefni, án þess að nota til þess vídeóspólur eða DVD-diska. Tækin geta meira að segja tekið upp fleira en eitt í einu, á mismunandi sjónvarpsstöðvum. Þegar þú átt svona tæki kemur dagskrá allra sjónvarpsstöðvanna einfaldlega upp á sjónvarpsskjáinn og það þarf ekki meira en að ýta á einn takka til þess að upptakan byrji. Ef verið er að horfa á þáttaröð þarf ekki annað en að ýta á einn takka til viðbótar til þess að þetta frábæra tæki taki upp alla þættina í seríunni. Þá þarftu aldrei að muna hvenær eitthvað er á dagskrá, heldur sér tækið alfarið um það fyrir þig.

Það getur vel verið að það sé einhver góð ástæða fyrir því að þessi tæki eru ekki fyrir hendi hér á landi, án þess að ég viti hver hún er. En ég get bara ekki betur séð en að þetta myndi henta uppteknum og mikilvægum Íslendingum afskaplega vel. Þá þyrfti ekki lengur að hlaða niður þáttaröðum ólöglega á netinu til þess að geta fylgst með þeim og sjónvarpssjúklingar þyrftu þá ekki lengur að laga líf sitt að sjónvarpsdagskránni.

Svo er þetta náttúrlega alveg sérstaklega sniðugt á sumrin. Þá er bara hægt að láta blessað tækið taka upp það sem fólk getur ekki hugsað sér að missa af, og vera úti við og njóta sumarsins og veðurblíðunnar á meðan hægt er. Tækið er líka með dagskrána langt fram í tímann svo hægt er að fara í burtu í lengri tíma án þess að það hætti að taka upp. Svo þegar miklir rigningardagar koma er hægt að kveikja á sjónvarpinu og horfa þá á heilu seríurnar í einu.

Það hlýtur einhver framtakssamur Íslendingur að vilja taka það að sér að koma þessum fyrirbærum til landsins. Reyndar er rétt að vara við því að þessi tæki eru afskaplega ávanabindandi og ekkert rosalega sniðug fyrir langt leidda sjónvarpssjúklinga.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.10 Everybody Hates Chris** SKJÁREINN



▶ **20.20 Flipping Out** STÖÐ 2



▶ **20.30 Talk Show With Spike Feresten** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.30 Hvað um Brian? (What About Brian?)** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.40 Sumarmótin 2008 - Shellmótið** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Landsmót hestamanna** (2:7) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Börnin í Mandarínuskólanum**
**18.00 Litli draugurinn Laban**
**18.10 Krakkar á ferð og flugi** (5:10) (e)
**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Skyndiréttir Nigellu** (Nigella Express) (6:13)
▶**20.30 Hvað um Brian?** (What About Brian?) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
**21.15 Svipmyndir af myndlistarmönnum** Þáttur um myndlistarmennina sem taka þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.
**21.25 Omid fer á kostum** (The Omid Djalili Show) (1:6) Sprengfyndnir breskir gamanþættir með grínaranum Omid Djalili sem er af írönskum ættum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Landsmót hestamanna** Samantektarþáttur frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu.
**22.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives IV)
**23.25 Lífsháski** (Lost) (73:86) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**10.00 Annapolis**
**12.00 Fjölskyldubíó-The Mupptet's Wizard of Oz**
**14.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**16.00 Annapolis**
**18.00 The Mupptet's Wizard of Oz**
**20.00 12 Days of Terror**
**22.00 The Bone Collector** Spennumynd með Denzel Washington og Angelina Jolie í aðahlutverkum.
**00.00 State Property**
**02.00 Extreme Ops**
**04.00 The Bone Collector**
**06.00 Failure to Launch**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Camp Lazlo og Tommi og Jenni.
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 'Til Death** (18:22)
**10.40 My Name Is Earl** (12:22)
**11.10 Homefront** (17:18)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 Sisters** (21:24)
**13.45 Grey's Anatomy** (24:36)
**14.30 Derren Brown. Hugarbrellur**
**14.55 Friends**
**15.20 Friends**
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Ruff's Patch**
**17.18 Tracey McBean**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons** (11:22)
**19.55 Friends** (12:23)
▶**20.20 Flipping Out** (4:7) Jeff Lewis býr einn, rekur sitt eigið fasteignarfyrirtæki og elskar hundana sína meira en nokkuð annað.
**21.05 Cashmere Mafia** (3:7) Fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra vera fullkomið en einkalífið flækist fyrir þeim.
**21.50 Medium** (13:16)
**22.35 Oprah**
**23.20 Grey's Anatomy** (25:36)
**00.05 Women's Murder Club** (3:13)
**00.50 Moonlight** (5:16)
**01.35 Campfire Stories**
**03.10 Crossing Jordan** (1:21)
**03.55 Flipping Out** (4:7)
**04.45 Cashmere Mafia** (3:7)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**18.35 Kaupþings mótaröðin 2008** Sýnt frá þriðja móti sumarsins á Kaupþingsmótaröðinni í golfi.
**19.35 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**20.00 F1. Við rásmarkið** Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
▶**20.40 Sumarmótin 2008** Fjallað verður um Shellmótið í Vestmannaeyjum í máli og myndum. Knattspyrnumenn framtíðarinnar sýna listir sínar í frábærum þætti.
**21.25 Kraftasport 2008** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands en þangað mæta allir helstu kraftajötnar landsins.
**21.55 World's Strongest Man** Á tíunda áratugnum komu nýir menn fram á sjónarsviðið í aflraunum. Jón Páll Sigmarsson lést árið 1993 og fæstir bjuggust við að Íslendingum tækist að finna arftaka hans. Í þætti kvöldsins er fylgst með keppninni Sterkasti maður heims 1994.
**22.55 Main Event (#8) - World Series of Poker 2007** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

## SPORT 2

**17.50 Bestu leikirnir** Everton - Fulham.
**19.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.00 PL Classic Matches Man. City - Man. United, 93/94.** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.30 PL Classic Matches** Arsenal - Everton, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 Football Rivalries** Magnaðir þættir þar sem rígur helstu stórvelda Evrópu er skoðaður innan vallar sem utan. Í þessum þætti verður fjallað um ríg Arsenal og Tottenham ásamt því að kíkt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.
**21.55 Bestu leikirnir** Everton - Fulham
**23.35 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.05 Vörutorg**
**16.05 How to Look Good Naked** (e)
**16.35 Girlfriends**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Dynasty**
**19.20 What I Like About You** (e)
**19.45 Style Her Famous** (e)
▶**20.10 Everybody Hates Chris** (20:22) Bandarísk gamansería þar sem Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Chris er eini strákurinn sem ekki er kominn með stelpu fyrir bekkjarballið. Hann býður einu stelpunni sem ekki er komin með deit en það fer allt úr böndunum þegar upp kemst að hún ætlar með „svarta“ stráknum í skólanum.
**20.35 The IT Crowd** (3:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum.
**21.00 The King of Queens** (4:13) Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
**21.25 Criss Angel** (2:17) Sjónhverfingameistarinn Criss Angel er engum líkur. Hann leggur líf sitt að veði og framkvæmir ótrúlega hluti og áhorfendur eiga vart eftir að trúa sínum eigin augum.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (11:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 Age of Love** (e)
**00.20 Dynasty** (e)
**01.10 Girlfriends** (e)
**01.35 Vörutorg**
**02.35 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**18:45 Gönguleiðir** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.00 OG 20.00

### Seinfeld



Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar. Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á fáránlegum tiltækjum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MED

### Omid fer á kostum (The Omid Djalili Show)

### Sjónvarpið kl. 21.25



Sjónvarpið hefur sýningar í kvöld á nýjum breskum gamanþáttum með grínaranum Omid Djalili. Þar blandar hann saman uppistandi og leiknum sketsum. Í þættinum í kvöld talar Omid um daga sína sem aukaleikari, íslamska harðlínumenn og Godzilla-eftirhermur. Í sketsunum fáum við kennslu í því hvernig á að lifa af ógnir sveitanna, maður með leikaradrauma reynir að ganga í augun á frægri leikkonu og hrekklaus kvikmyndaleikstjóri reynir að leikstýra Osama bin Laden.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Útvarpsleikhúsið: Á flótta
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** „Markgreifafrúin fór út klukkan fimm"
**23.30** Betri stofan
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (18:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**17.30 Talk Show With Spike Feresten** (17:22)
**18.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious** (5:10)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (18:22)
**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (17:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**21.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious** (5:10) Hljómsveitin Pussycat Dolls er vinsæl úti um allan heim. Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls og hún á að heita Girlicious.
**22.00 Cashmere Mafia** (3:7) Þáttur um fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra fullkomið en einkalífið flækist fyrir þeim, og það allrækilega.
**22.45 Medium** (13:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Gestir: Kristín Pétursdóttir forstjóri Auðar Capital og Halla Tómasdóttir stjórnarformaður.
**21.00 Vangaveltur** Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Sr. Sigfús Kristjánsson og Hrund Þórarinsdóttir djákni.
**21.30 Neytendavaktin** Umsjón: Ragnhildur Guðjónsdóttir. Gestir: Felix Gylfason og Þórður Kristinsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.20** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Last Exile **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fandango - Mellemøsten **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hammerslag **18.30** Kær på tur **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Landsbyhospitalet **20.25** Himlen over Montana **21.55** Sex med Victor **22.25** Naruto Uncut

## NRK 1

**8.00** H2O **8.25** Klasse 9a **8.55** Ut i naturen jukeboks **9.55** Vitenskap jukeboks **10.55** Norge rundt jukeboks **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bjørnen i det blå huset **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sannheten om mat **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Wallander: Den femte kvinnen **20.30** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Draumen om stjernefotball **22.30** Spooks **23.25** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** För några grams skull **10.35** Fantastiska berättelser **12.40** Livet som stjärna **13.05** Livet som stjärna **13.30** Baronessan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Packat & klart sommar **15.30** Sommartorpet **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bellmanhistorier **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Landgång **18.30** Mitt i naturen **19.00** Berlinerpopplarna **19.50** Systrarna Pearce **20.00** Kärlek med förhinder **21.35** Rapport **21.45** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.45** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér herbalife-sjeik sem ég hræri með AB-mjólk og sólberjasaft, svo fæ ég mér eina ristaða brauðsneið með herbalife-teinu, en ofan á brauðið brytja ég engiferrót og set marmelaði yfir.“*

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona.

# Leita söngkonu í Merzedes Club

„Ofurkonan Inga Wonder, sem er í bakröddunum, kemst ekki með til Portúgals. Og því ætlum við að efna til prufu,“ segir Valgeir Magnússon umboðsmaður hljómsveitarinnar Merzedes Club.

Prufa fyrir söngkonur, eða „odisjón“ eins og það heitir í sýningargeiranum, verður haldin í Tunglinu, þar sem áður var Gaukur á Stöng, á laugardaginn næsta og hefst klukkan tvö. Eftir nokkru er að slægjast en sú söngkona sem verður fyrir valinu fer með Merzedes Club til Portúgals þar sem hljómsveitin kemur fram meðal annars 17. júlí á Club Kiss á Albufeira – sem er einhver heitasti skemmtistaðurinn þar um slóðir.

„Já, og ferðast um Evrópu ef við náum markmiðum okkar. Sem er að kynna hljómsveitina erlendis strax í haust,“ segir Valgeir. Inga Wonder, eða Inga Þóra Ingadóttir, er „fitness-drottning“ og er búin að bóka sig í „boot-camp“ á sama tíma og tónleikaferðin til Portúgals er. Hún hefur hins vegar sungið bakraddir með Merzedes Club nánast frá upphafi og syngur meira að segja eitt lag á væntanlegri plötu, Desire. Og sú er ástæðan fyrir því að MC leitar nú eftir bakraddasöngkonu. Að sögn Valgeirs er ekki loku fyrir það skotið að sú söngkona sem verður fyrir valinu muni halda áfram að starfa með hljómsveitinni.

„Með hæfileikaríku fólki breytist landslagið fljótt. Það sem sú sem verður fyrir valinu verður að hafa til að bera er náttúrlega að geta sungið, dansað og passa inn í ímynd hljómsveitarinnar. Já, hún þarf að hafa fallegan limaburð,“ segir Valgeir. Prufan fer þannig fram að þær sem mæta syngja við undirleik MC, þá verður valinn áfram hópur sem syngur prufur í hljóðveri og þá verður metið hver fer með Gillzenegger og félögum til Portúgals um miðjan þennan mánuð. **- jbg**



**INGA WONDER OG FORSÖNGVARINN CERES 4** Merzedes Club leitar eftir stúlku til að fylla skarð Ingu í tónleikaför til Portúgals.



**LÁRÉTT**
**2.** stækkuðu, 6. guð, 8. sægur, 9. hnoðað, 11. frú, 12. langt op, 14. fótmál, 16. í röð, 17. gljúfur, 18. prjónavarningur, 20. skammst., 21. einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afl, 3. umhverfis, 4. örvandi efni, 5. dýrahljóð, 7. nakinn, 10. hald, 13. sarg, 15. feiti, 16. árkvíslir, 19. ætíð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. júku, 6. ra, 8. mor, 9. elt, 11. fr, 12. klauf, 14. skref, 16. áb, 17. gil, 18. les, 20. no, 21. aría.
**LÓÐRÉTT:** 1. þrek, 3. um, 4. koffein, 5. urr, 7. allsber, 10. tak, 13. urg, 15.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

## GUÐMUNDUR INGI: MAGNAÐASTA BARN SEM ÉG HEF Á ÆVINNI HITT

# Árni Beinteinn skemmtir á Landsmóti hestamanna

„Hann er magnaðasta barn sem ég hef á ævinni hitt,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, leikari og tónlistarmaður. Hann skortir lýsingarorð til að lýsa hæfileikum og atorku undrabarnsins Árna Beinteins Árnasonar.

Þeir félagar eru nú að æfa atriði sem þeir ætla að flytja á Landsmóti hestamanna nú um næstu helgi. Atriðið verður af mikilli barnaplötu sem Guðmundur Ingi, og fyrirtæki hans Fimbulvetur, eru að senda í vinnslu og væntanleg er í búðir innan tíðar. Þar er Árni Beinteinn í aðalhlutverki.

Of langt mál er að rekja afrekalista Árna Beinteins en hann er fæddur árið 1994 og verður fjórtán ára 12. desember. Árni hefur gert stuttmyndir og leikið í kvikmyndum og leiksýningum.

„Ég kynntist Árna í leikhúsinu og hann var að sýna mér handrit að bíómyndum og leikritum sem hann hefur verið að skrifa hægri vinstri. Ég var þá að byrja að vinna plötuna og var að segja mömmu Árna af því að mig vantaði ungan söngvara og hún spurði mig af hverju ég talaði ekki við Árna? Ha? Getur hann sungið líka? Jú, heldur betur. Þótt hann sé að syngja þarna með fólki á borð við Bubba Morthens og Selmu Björns skyggir enginn á hann. Hann er óumdeilanlega stórstjarna þessarar plötu. Hann er magnaður. Hefur eitthvað svona Michael Jackson/Janis Joplin í röddinni sem erfitt er að lýsa. Þetta er bara fáránlegt,“ segir Guðmundur Ingi.



**ÁRNI BEINTEINN OG GUÐMUNDUR INGI** Árni leikur og syngur aðalhlutverk nýrrar barnaplötu Guðmundar, sem á vart orð í eigu sinni til að lýsa hæfileikum og atorku hins unga Árna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Platan sem um ræðir heitir „Barnaplatan sagan af Eyfa (bönnuð börnum) með stórsveit Guðmundar Inga“ og er tileinkuð börnum sem búa við þannig heimilisaðstæður að þau hafa verið send burt og látin búa annars staðar.

„Ég er úr sveit og í dalnum þar voru bæir þangað sem send voru börn sem ekki gátu búið heima hjá sér því þau áttu við foreldravandamál að stríða. Platan er tileinkuð þeim. Eyfi er einn þeirra og Árni Beinteinn leikur hann,“ segir höfundurinn. Fjöldi söngvara og leikara kemur fram á plötunni svo sem Bubbi, Selma, Guðrún Ásmundsdóttir, Þórunn Lárusdóttir, Ólafur Darri og Baddi í Jeff Who? auk valins liðs hljóðfæraleikara. Enginn nær þó að skyggja á Árna Beintein sem leikur og syngur hlutverk Eyfa. Og nú stefna þeir félagar á Landsmót. „Ég syng þarna tvö hlutverk og fæ að vera með Árna á sviðinu,“ segir Guðmundur Ingi. **jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Uppsagnirnar á RÚV koma harðast niður á svæðisútvarpinu. Til dæmis hefur **Sigríður G. Ásgeirsdóttir** fyrir vestan fengið reisupassann sem og **Jón Knútur Ásmundsson** á svæðisútvarpi Austurlands. Þá hefur fréttaritara RÚV í Kaupmannahöfn, **Héðni Halldórssyni** í Kaupmannahöfn, verið sagt upp störfum. Sjálfsagt deila menn ekki um að niðurskurður og aðhald er nauðsynlegt á RÚV ekki síður en annars staðar. En engu að síður velta menn því fyrir sér hvernig stendur á því að niðurskurðurinn kemur harðast niður þar sem helst er hægt að vísa til öryggishlutverks Ríkisútvarpsins, sem er aðalröksemd fyrir tilvist RÚV, en hvergi hróflað við þar sem afþreyingargildið ræður för.



Loks er von á skáldsögu frá **Einari Kárasyni**, einum helsta sagnamanni þjóðarinnar, sem ekki hefur sent frá sér slíka síðan árið 2003 þegar Stormur kom út. Skáldsaga Einars, sem hann hefur verið að vinna að undanfarin ár, styðst við sagnaheim Sturlungu og ber titilinn Ofsi.



**Steingrímur Sævarr Ólafsson**, fréttastjóri Stöðvar tvö, hefur líklega talið sig lukkunnar pamfíl þegar hann náði í **Telmu Tómasson** í fréttateymi sitt frá Mogga enda Telma einhver ágætasti fréttalesari sem um getur. Hins vegar getur Steingrímur varla verið ánægður með það að Telma sé upplýsingafulltrúi Landsmóts hestamanna því vart getur það aukið á trúverðugleika fréttastofunnar að vera með sérlegan upplýsingafulltrúa þessa mikla fyrirbæris sem Landsmót er. Eða er við öðru að búast nema jákvæðum fréttum af Landsmóti á Stöð 2? Fastlega má búast við harðri ádrepu frá **Jónasi Kristjánssyni**, hestamanni og refsivendi fjölmiðla, í kjölfar þessa. **- jbg**



OPNUNARTILBOÐ



Skeljar 199,000,-
Eigum griðalegt úrval af rafmagnspottum!
Arctic Spas
Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík
Heitirpottar.is • sími 554 7755

# Simmi hættir í Gettu betur

„Það verður mikið að gera í Kastljósinu næsta vetur. Ég kem bara ekki til með að geta sinnt þessu öllu,“ segir Sigmar Guðmundsson sjónvarpsmaður. Ákveðið hefur verið að Sigmar, eða Simmi eins og hann er jafnan kallaður, muni láta af starfi spyrils í Gettu betur, spurningaþættinum vinsæla. Sigmar hefur sinnt spyrilsstarfinu með miklum ágætum síðustu ár.

Sigmar mun ásamt starfi sínu sem aðstoðarritstjóri Kastljóss halda áfram sem annar umsjónarmanna spurningaþáttarins Útvars í Sjónvarpinu. Útsvar verður á dagskrá á föstudagskvöldum í allan vetur. Gettu betur verður svo á laugardagskvöldum eftir áramót. Síðasta vetur var hlé gert á Útsvari meðan Gettu betur var sýnt. Þar sem því er ekki til að dreifa þennan veturinn þótti liggja beint við að Sigmar léti spyrilsstarfið í Gettu betur öðrum eftir.

Ekki hefur verið ráðinn eftirmaður Sigmars í Gettu betur. Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri sagði í samtali við Fréttablaðið að ýmsir kostir væru í stöðunni og myndi verða gengið frá ráðningunni innan tíðar.

Þá mun Páll Ásgeir Ásgeirsson ekki hafa gefið kost á sér sem dómari og spurningahöfundur í Gettu betur áfram. Þórhallur Gunnarsson segir að á næstu dögum verði gengið frá því hver komi í hans stað. **- hdm**



**HÆTTUR** Sigmar Guðmundsson hættir sem spyrill í Gettu betur. Hann mun þó áfram spyrja spurninga í Útsvari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# OUTLET 10

Merki fyrir minna

ÚTSALA VERÐ FRÁ KR 99,-

# DOCKERS

## VINNUBUXUR

# KR 499,-





Ljósm. Valgerðuru Bachman

**FAXAFENI 10**
11-18 alla virka daga
11-18 laugardagar
**S:534 4450**

**SMÁRATORGI**
11-18 alla virka daga
11-18 Laugardagar og Sunnudagar
**S:534 4451**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

## „Ég vill...“

Yfirmaður greiningardeildar banka kom í sjónvarp og spáði um framtíðina. Hann byrjaði á að segja „Ég vill...“ Það þykir varla lengur saga til næsta bæjar þótt formælendur bankanna ráði ekki við einföldustu grundvallaratriði íslensks máls. Það hefur komið í ljós að áhafnir íslenskra banka þjást af djúpstæðum, almennum menntunarskorti sem væri hægt að fyrirgefa ef þær væru ofsalega góðar í því að reka banka. En í því eru þær bölvaðir amatörar ef marka má þá sem vit hafa.

**FYRIR** nokkru opnaði núverandi blaðamaður á Fréttablaðinu vettvang þar sem hægt er að nöldra yfir okri og dýrtíð. Nú er líka hægt að nöldra á prenti. Nöldrinu er nokkur upphefð að því. Það þykir eðlilegt og sjálfsagt að nöldra yfir verði á prenthylkjum, rafhlöðum og tveggja lítra kóki. Slíkt nöldur er þó ekkert annað en hrein tímasóun í hinu stóra samhengi hlutanna.

**ÞAÐ** er ekki bara málfarið sem er lakt hjá íslensku bönkunum um þessar mundir. Siðferðið er verra.

**Í UNDANFARA** síðustu kreppu hreinsuðu vanhæfir lánafulltrúar skrifborðin sín með því að ljúga því að fólki að það væri meiri áhætta að kaupa ekki í Decode en að kaupa. Í undanfara þessarar kreppu hlupu menn um og otuðu að fólki myntkörfum eins og páskakanínur á amfetamíni. Myntkörfurnar reyndust litlir Trójuhestar. Í gegnum þær gat bankinn seilst í peningabuddu eigandans eftir þörfum í framtíðinni.

**FJÖLDI** fólks situr nú með sárt ennið vegna skítlegs eðlis vankunnandi og fégráðugra bankamanna. En það skrifar ekki á okursíður eða í Velvakanda. Það má enginn vita að maður er í kröggum. Peningavandræði eru einhvern veginn alltaf manni sjálfum að kenna. Annað hvort er maður heimskur eða í einhverri óreglu.

**SAMFÉLAGIÐ** er fullt af ófangelsuðum kynferðisbrotamönnum. Þeir ganga lausir vegna þess að fórnarlömbunum þykir skammarlegt að segja frá. Og óþokkarnir kunna að hagnýta sér þetta. Í staðinn fyrir að játa hörmungarnar verða fórnarlömbin þunglynd og skapstygg. Nöldra yfir smámunum.

**Á SAMA** hátt kvartar enginn yfir bankanum sínum. Það er svo skammarlegt. En menn tryllast þegar menn sjá að kaupmaðurinn á horninu rukkar 300 krónur fyrir flösku af tómatsósu þegar hægt er að fá hana á íbei fyrir 150.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 3. júlí, 186. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.11 | 13.31 | 23.52 |
| Akureyri | 2.08 | 13.16 | 0.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


